

Þjóðarbúskapurinn

Haustskýrsla 2009

Þjóðhagsspá
fyrir árin 2009–2014



FJÁRMÁLARÁÐUNEYTIÐ

EFNISYFIRLIT

Helstu niðurstöður	3
Yfirlit þjóðhagsspár	4
Alþjóðleg efnahagsmál	11
Rammagrein 1: Fjárhagur íbúðareigenda	14
Þjóðarútgjöld	15
Rammagrein 2: Höfðu hærrí vextir áhrif til að draga úr lántökum?	17
Utanríkisviðskipti	22
Atvinnuvegir	25
Vinnumarkaður	28
Rammagrein 3: Tekjuskattar	29
Laun og ráðstöfunartekjur	31
Verðlag og gengi	33
Rammagrein 4: Efnahagsáætlun stjórnvalda í samstarfi við AGS	35
Fjármál hins opinbera	36
Rammagrein 5: Álitamál í hagstjórn í uppsveiflunni	38
Peningamál	44
Innlendur fjármálamarkaður	46
Viðauki 1 Tekjuáætlun ríkissjóðs	48
Viðauki 2 Um Tekjuspár	50
Töfluviðauki	53

Þjóðarbúskapurinn – haustskýrsla 2009

1. október 2009

Þjóðhagsspáin sem hér birtist er byggð á upplýsingum sem lágu fyrir 24. september 2009

© 2009 Fjármálaráðuneytið

ISSN 1670 - 1968

Prentsmiðja: Gutenberg

Umbrot: Fjármálaráðuneytið

Forsíða: Kristján E. Karlsson, Kraftaverk

HELSTU NIÐURSTÖÐUR

Í þessari skýrslu er fjallað um framvindu og horfur helstu þátta efnahagsmála á árunum 2009-2011 á grundvelli nýrrar þjóðhagsspár fjármálaráðuneytisins auk framreikninga til ársins 2014. Helstu niðurstöður eru þessar:


- Straumhvörf urðu í efnahagslífi Íslendinga við hrun íslensku bankanna í alþjóðlegri fjármálakreppu haustið 2008. Starfsemi á fjármálamarkaði stöðvaðist, gengi krónunnar féll, vextir hækkuðu og eignaverð lækkuðu. Djúpur samdráttur varð í hagkerfinu með vaxandi atvinnuleysi og aukinni tíðni gjaldþrota. Mikill tekjuhalli myndaðist á ríkissjóði ásamt stórauðkinni skuldsætningu. Stjórnvöld hófu samstarf með Alþjóðagjaldeyrissjóðnum (AGS) um endurheimt stöðugleika í hagkerfinu á grundvelli efnahagsáætlunar með þrjúþætt markmið: 1) endurreisn bankakerfisins, 2) opnun gjaldeyrismarkaðar og 3) sjálfbærni ríkisfjármála til lengri tíma lítið.
- Endurreisn bankakerfisins hefur dregist á langinn og viðræður við Breta og Hollendinga um ríkisábyrgð vegna Icesave reikninga Landsbankans hafa tafið lánaþyrirgreiðslu frá AGS og öðrum lánveitendum. Lausn þeirra mála er í sjónmáli og framkvæmd áætlunarinnar er að öðru leyti á áætlun. Með gjaldeyrishöftum hefur tekist að tryggja stöðugleika á gjaldeyrismarkaði þótt gengi krónunnar sé enn lágt. Fjárlagafrumvarp ríkisstjórnarinnar fyrir árið 2010 er grundvallað á viðmiðum efnahagsáætlunarinnar.
- Árið 2008 er áætlað að verg landsframleiðsla hafi aukist um 1,3% þegar djúp niðursveifla í innlendri eftirspurn í lok ársins var milduð af viðsnúningi í utanríkisviðskiptum. Árið 2009 er reiknað með að samdráttur landsframleiðslu nemi 8,4% sem endurspeglar fimmtungslækkun innlestrar eftirspurnar en áframhaldandi afgang vöru- og þjónustujöfnuðar. Árið 2010 er spáð að landsframleiðslan dragist saman um 1,9%, einkum vegna frekari samdráttar einkaneyslu á meðan auknar stóriðjuframkvæmdir vega upp á móti. Spáð er að viðsnúningur verði í efnahagslífinu árið 2011 þegar hagvöxtur verður 2,8%. Þá er gert ráð fyrir að einkaneysla nái jafnvægi og áframhaldandi aukningu stóriðjuframkvæmda og annarrar fjárfestingar.
- Þrátt fyrir ört minnkandi halla á vöruskiptunum árið 2008 varð viðskiptajöfnuður neikvæður um 42% af landsframleiðslu vegna gríðarlegrar aukningar í halla á þáttatekjujöfnuði í kjölfar hruns bankanna. Árið 2009 er áætlað að viðskiptahallinn dragist hratt saman og verði 7% af landsframleiðslu, en að afgangur á vöru- og þjónustujöfnuði endurspeglar lágt raungengi krónunnar. Árið 2010 er því spáð að afgangur upp á 0,8% af landsframleiðslu verði á viðskiptajöfnuði og að 0,2% afgangur verði árið 2011 en reiknað er með að þáttatekjujöfnuður haldist neikvæður út spátímabilið.
- Áætlað er að atvinnuleysi verði að meðaltali 8,6% af vinnuafli árið 2009 og að það nái 10,6% árið 2010 en lækki síðan í 9,0% af vinnuafli árið 2011.
- Hægt hefur á hjöðnun verðbólgu það sem af er ári vegna veikingar á gengi krónunnar á fyrri hluta ársins. Áætlað er að verðbólga nemi 11,9% að meðaltali árið 2009. Gert er ráð fyrir að gengi krónunnar haldist stöðugt yfir árið 2010 og að verðbólga verði 5,0% að meðaltali það ár en nær 2,5% í lok ársins. Árið 2011 er því spáð að verðbólga verði 2,3% að meðaltali.
- Tekjur ríkissjóðs drógust hratt saman í lok árs 2008 samfara mikið auknum útgjöldum og tekjuhalli ríkissjóðs nam 13% af landsframleiðslu það ár. Árið 2009 er áætlað að halli verði á ríkissjóði sem nemi 17,2% af landsframleiðslu. Efnahagsáætlun ríkisstjórnarinnar og Alþjóðagjaldeyrissjóðsins gerir ráð fyrir miklu aðhaldi á komandi árum til að snúa ríkissjóði í afgang árið 2013 og hraða lækkun skulda ríkissjóðs.
- Óvissuþættir sem snúa að þjóðhagsspánni eru margir og viðamiklir og tengjast afnámi hafta á gjaldeyrismarkaði, gengi krónunnar, Icesave máli, lánaþyrirgreiðslu AGS og annarra landa, endurreisn bankakerfisins, fjárhagsstöðu heimila og fyrirtækja, ástandi á vinnumarkaði, fjárfestingu í orkuöflun og iðnaðarkostum, ESB aðild og ástandi alþjóðlegs efnahagslífs.

YFIRLIT ÞJÓÐHAGSSPÁR

Framvinda efnahagsmála árið 2008

Hagvöxtur meiri árið 2008 en áður gert ráð fyrir

Nýjar tölur Hagstofu Íslands um landsframleiðslu 2008 gefa til kynna að hagvöxtur ársins hafi verið meiri en áður var talið, eða sem nemur 1,3% í stað 0,3% áður. Má rekja aukinn vöxt til meiri samneyslu en áður var talið auk þess sem fjárfesting dróst minna saman en áætlanir gerðu ráð fyrir.



Mynd 1

Hagvöxtur, þjóðarútgjöld og viðskiptajöfnuður/VLF 1995–2011

Heimildir: Hagstofa Íslands og eigin spá.

Straumhvörf í íslensku efnahagslífi árið 2008

Straumhvörf urðu í efnahagslífi Íslendinga árið 2008. Hin alþjóðlega fjármálakreppa sem hófst með sviptingum á fjármálamarkaði í Bandaríkjunum reyndist mun dýpri en spáð var og eftir fall fjárfestingarbankans Lehman Brothers í september lokuðust lánalínur til íslensku viðskiptabankanna. Íslensku bankarnir höfðu vaxið gríðarlega á tímum gnóttar og ódýrs framboðs af lánsfé en urðu sífellt viðkvæmari fyrir aðstæðum á markaði varðandi endurfjármögnun. Gjaldeyrisforði Seðlabankans var lítill í samanburði við stærð og umsvif bankanna á erlendum mörkuðum og eftir því sem hin alþjóðlega fjármálakreppa gróf um sig árið 2008 jukust áhyggjur af því hann gæti ekki sinnt hlutverki sínu sem lánveitandi til þrautavara ef

illa færi. Eftir að Glitnir banki fór í greiðsluþrot í september 2008 tók við hröð atburðarás sem enginn gat séð fyrir til fulls. Landsbankinn og Kaupþing féllu fljótlega á eftir með tilheyrandi álagi á greiðslumiðlun innanlands og milli landa. Í kjölfar falls íslensku bankanna stofnsetti ríkið þrjá nýja banka til að taka yfir meginhluta innlendrar bankastarfsemi. Innistæður í útibúum hér á landi voru fluttar yfir í nýju bankana ásamt útlánum íslensku útibúanna og öðru sem tengdist starfseminni hér á landi. Íslensk stjórnvöld skuldbundu sig til að tryggja að mismunur yfirfærðra eigna og skulda yrði bættur kröfuhöfum gömlu bankanna og um leið var ljóst að ríkið þyrfti að fjármagna rekstur nýju bankanna sem eigandi þeirra.

Tafla 1 Yfirlit þjóðhagsspár 2008–2011

	Ma.kr. 2008	Magnbreytingar frá fyrra ári, %			
		Brb. 2008	Spá		
		2008	2009	2010	2011
Einkaneysla	789,5	-7,8	-17,4	-6,1	-0,5
Samneysla	367,3	4,6	-1,9	-1,3	-1,7
Fjármunamyndun	357,3	-20,4	-45,5	10,2	21,5
Birgðabreytingar 1	3,3	0,2	0,4	0,0	0,1
Þjóðarútgjöld alls	1 517,5	-8,6	-20,3	-2,5	3,0
Útflutningur vöru og þjónustu	657,8	7,1	-1,4	2,0	2,9
Innflutningur vöru og þjónustu	698,8	-18,3	-30,0	-1,8	3,6
Landsframleiðsla	1 476,5	1,3	-8,4	-1,9	2,8
Þjóðartekjur	899,3	-33,4	33,9	2,1	2,6
Viðskiptakjaraáhrif	.	-3,6	-4,4	1,4	0,2
Þjóðartekjur með viðskiptakjaraáhrifum	.	-37,0	29,5	3,4	2,8
Viðskiptajöfnuður	- 622,8
% af landsframleiðslu	.	-42,2	-7,0	0,8	0,2


1. Hlutfallstölurnar sýna birgðabreytingar milli ára sem hlutfall af landsframleiðslu fyrra árs, reiknað á föstu verði.

Gengi krónunnar féll hratt í kjölfar hrunsins en rétti lítillaga úr kútnum eftir að komið var á víðtækum gjaldeyrishöftum í samvinnu við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn. Verðlag hækkaði þegar verð innflutnings snarhækkaði. Þegar innlend eftirspurn dróst hratt saman fóru mörg fyrirtæki í þrot eða drógu hratt úr umsvifum sínum og fjöldi fólks missti vinnuna.

Góður hagvöxtur var á fyrsta fjórðungi ársins 2008 sem var drifinn áfram af kröftugri einka- og samneyslu en á móti urðu tafir í aukningu á framleiðslu Alcoa Fjarðaáls og vöxtur útflutningsins var minni en vonir höfðu staðið til. Í mars lokuðust erlendir lánamarkaðir íslensku bönkunum og vaxtamunur á gjaldeyrisskiptamarkaði hvarf vegna skorts á erlendu lánsfé. Við það féll gengi krónunnar og verðlag hækkaði í kjölfarið og Seðlabankinn brást við með hækkun stýrivaxta. Kaupmáttur ráðstöfunartekna dróst saman og efnahagsreikningur heimilanna rýrnaði þegar lán tóku að hækka. Umtalsverður samdráttur varð í einkaneyslu á öðrum og þriðja fjórðungi og hagvöxtur minnkaði. Fjárfesting dróst sömuleiðis hratt saman eftir að framkvæmdunum fyrir austan var svo gott sem lokið en á móti var mikill kraftur í útflutningi eftir að Fjarðaál náði fullri framleiðslugetu í apríl. Fall bankanna í október 2008 orsakaði mikla gengislækkun krónunnar og eignaverðslækkun fyrirtækja og heimila. Við það tók einkaneysla að dragast hratt saman, eða um rúman fimmtung á fjórða ársfjórðungi. Í kjölfarið tók atvinnuleysi að aukast hratt og launaþrýstingur á vinnumarkaði hvarf. Sú framleiðsluspenna sem hafði verið viðvarandi í mörg ár snerist fljótt í slaka. Gengislækkun krónunnar kom sér vel fyrir útflutningsgreinarnar en innflutningur dróst saman um nær helming á fjórða ársfjórðungi. Við það varð enn meiri viðsnúningur á vöruskiptunum og í fyrsta skipti um langt skeið myndaðist afgangur á vöruskiptum við útlönd. Viðskiptakjörin versnuðu þó nokkuð, en þegar dró úr eftirspurn áls á alþjóðavísu hríðféll heimsmarkaðsverð þess, sem hafði náð hámarki um mitt árið. Þá lækkaði verð íslenskra sjávarafurða í erlendri mynt umtalsvert. Þrátt fyrir jákvæðan viðsnúning á vöruskiptunum varð methalli á viðskiptajöfnuðinum. Hallinn á jöfnuði þáttatekna sem hafði á fyrri misserum aukist jafnt og þétt í tengslum við auknar erlendar skuldir og hærri nettó vaxtagjöld margfaldaðist á árinu vegna mikils tapreksturs erlendra fyrirtækja í eigu innlendra aðila, en það leiddi til stóraukins neikvæðs endurfjárfests hagnaðar.

Íslensk stjórnvöld leituðu eftir samstarfi við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn um að koma á stöðugleika í hagkerfinu eftir fall bankanna. Samkomulagið fól í sér um 2,1 milljarða bandaríkjadala lánveitingu frá sjóðnum og 3,3 milljarða dala lán frá vinveittum nágrannaríkjum. Meginmarkmið samstarfsins eru að endurreisa bankakerfið, opna gjaldeyrismarkaðinn og tryggja sjálfbærni ríkissfjármála, en mikill tekjuhali myndaðist við hrun bankakerfisins og skuldir ríkissjóðs jukust mikið. Fyrstu aðgerðir tengdust hækkun stýrivaxta og opnun gjaldeyrismarkaðar en með höftum á fjármagnsflutninga.

Áhrif samdráttarins á afkomu ríkissjóðs voru mjög mikil, hvort tveggja vegna lægri tekna og hærri útgjalda. Ríkissjóður hafði verið rekinn með myndarlegum afgangi um nokkurra ára skeið en árið 2008 var halli á rekstri ríkissjóðs uppá 191,7 ma.kr. sem má rekja til yfirtöku ríkisins á töpuðum kröfum Seðlabankans. Í efnahagsáætlun stjórnvalda og Alþjóðagjaldeyrissjóðsins er miðað við að frumjöfnuður batni umtalsvert á ári næstu árum og er stefnt að því að ná jákvæðri heildarafkomu ríkissjóðs árið 2013.



Mynd 2

Hlutdeild ráðstöfunarpáttá í hagvexti 2006–2011

Heimiildir: Hagstofa Íslands og eigin spá.

Fall bankanna í október 2008 orsakaði mikla lækkingu á gengi krónunnar og eignaverðs

Stjórnvöld í samstarfi við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn um efnahagsáætlun


Áhrif samdráttar á afkomu ríkissjóðs mjög mikil

Efnahagshorfur 2009-2011

Mörg fyrirtæki hafa farið í þrot eða dregið stórlega úr umsvifum

Endurreisn bankakerfisins hefur tafist en er á lokastigi

Landsframleiðsla dregst saman um 8,4% árið 2009



Mynd 3

Framleiðslu- og vinnumarkaðsspenna og verðbólga 2000–2011

Heimildir: Hagstofa Íslands og eigin spá.

Frá hausti ársins 2008 hefur orðið einhver mesti viðsnúningur í efnahagslífi landsins á lýðveldistímanum. Einkaneysla hefur dregist saman um fimmtung í kjölfar mikillar rýrnunar kaupmáttar ráðstöfunartekna. Mörg fyrirtæki hafa farið í þrot eða dregið stórlega úr umsvifum og atvinnuleysi hefur stóruaukist. Fjárfesting hefur dregist saman um helming. Gengi krónunnar hefur haldist veikt þrátt fyrir jákvæðan vöruskiptajöfnuð og stýrivextir eru enn háir þrátt fyrir bága stöðu atvinnulífsins. Höft á fjármagnsflutningum eru enn til staðar og töluverð óvissa ríkir um það hvenær og í hve miklum mæli þeim verður aflétt en erlendir fjárfestar eru enn með stórar stöður í íslenskum verðbréfum og eiga umtalsverðar fjárhæðir á inneignarreikningum. Mörg fyrirtæki og heimili eru með gengisbundin lán sem hafa hækkað mikið á milli ára og þrátt fyrir margvísleg úrræði lánastofnana til þess að koma til móts við skuldara eru sífellt fleiri að lenda í greiðsluvandræðum. Þá ríkir mikil óvissa um skuldastöðu þjóðarbúsins og hins opinbera vegna óútkljáðra skuldbindinga við önnur ríki og kröfuhafa. Lausn deilu Íslendinga við Breta og Hollendinga vegna ríkisábyrgðar innistæðutryggingasjóðs í tengslum við innlánsstarfsemi Landsbankans í þeim löndum er þó í sjónmáli. Sú deila hefur tafið lánagreiðslur frá Alþjóðgjalddeyrissjóðnum og öðrum lánveitendum sem hefur tafið framkvæmd efnahagsáætlunarinnar. Endurreisn bankakerfisins hefur dregist á langinn en nú sér fyrir endann á því ferli. Ljóst er að lokið verður við fjármögnun Kaupþings og Íslandsbanka innan skamms, hvort sem erlendir kröfuhafar taka bankana yfir eða að stjórnvöld reki þá áfram. Samdráttur í helstu viðskiptalöndum hefur einnig haft neikvæð áhrif á þróun efnahagslífsins hér á landi.

Raungengi krónunnar hefur sjaldan verið eins lágt en það hefur framkallað aðlögun í hagkerfinu að breyttum aðstæðum með auknum umsvifum útflutningsgreinanna og meiri spurn eftir innlendri framleiðslu á kostnað innfluttrar. Fyrir vikið hefur orðið umtalsverður afgangur á vöruskiptajöfnuði ásamt verulegum bata í þjónustujöfnuði. Aukin umsvif ferðamannaíðnaðar hafa átt þátt í að skila jákvæðum þjónustujöfnuði á öðrum ársfjórðungi yfirstandandi árs eftir nánast samfelldan halla á undanfórnum árum.


Í þjóðhagsspá er áætlað að landsframleiðslan dragist saman um 8,4% á yfirstandandi ári. Samdráttur einkaneyslu er þó minni en spáð var í vorspá ráðuneytisins þar sem kaupmáttur ráðstöfunartekna hefur ekki dregist eins mikið saman og búist var við þar sem áhrifa tímabundinna ráðstafana á borð við útgreiðslu viðbótarlífeyrissparnaðar gætir og tímabundinnar frýstingar á lánum. Á móti hefur atvinnuvegafjárfesting dregist meira

saman þar sem gert var ráð fyrir meiri krafti í framkvæmdunum í Helguvík og tilheyrandi orkuöflunarframkvæmdum í vorspánni en nú er gert. Af fjárfestingarliðunum er samdrátturinn mestur í íbúðum en fasteignamarkaðurinn hefur orðið fyrir miklum skakkaföllum eftir mikla fjárfestingu undangenginna ára auk þess sem byggingarkostnaður hefur hækkað mun meira en íbúðaverð síðustu misserin. Í heild er búist við að innlend eftirspurn dragist saman um rúman fimmtung sem leiðir til þess að innflutningur dregst saman um nær þriðjung og á árinu verði myndarlegur afgangur á vöruskiptum við útlönd. Heimsmarkaðsverð áls hefur hækkað umfram væntingar eftir því sem liðið hefur á árið og þar með útflutningsverðmæti greinarinnar. Verð ís-

lenskra sjávarafurða í erlendri mynt hefur staðið í stað undanfarna mánuði og er útflutningsverðmæti greinarinnar því hátt um þessar mundir vegna gengis krónunnar. Það er þó mikil óvissa framundan í sjávarútveginum þar sem lítið veiddist af loðnu á síðustu vertíð og vegna sýkingar sem lagðist

á stóran hluta íslensku sumargotssíldarinnar. Annar útflutningur hefur aukist minna en spáð var í vor þannig að hið lága gengi íslensku krónunnar hefur ekki nýst öðrum vöruútflutningi eins og vonir stóðu til. Góður vöxtur hefur þó verið í útfluttri þjónustu á árinu þar sem erlendir ferðamenn nýta sér lágt gengi krónunnar og hafa verslun og ferðaiðnaðurinn notið góðs af því. Auk þess dregst innflutt þjónusta mikið saman þar sem Íslendingar ferðast nú í mun minna mæli út fyrir landsteinana en áður. Áfram er þó reiknað með að halli verði á viðskiptajöfnuðinum 2009 vegna mikils halla á jöfnuði þáttatekna þar sem nettó vaxtagjöld þjóðarþúsins eru gríðarlega há. Mikil óvissa er varðandi þróun þáttatekna á árinu og á meðan það uppgjörstímabil sem hófst með falli bankanna gengur yfir.

Spáð er að atvinnuleysi verði 8,6% að jafnaði yfir árið og er það nokkuð lægra en reiknað var með í vörspá. Þrátt fyrir lægra atvinnuleysi í sumar er gert ráð fyrir því að það aukist talsvert í vetur. Þá er búist við að kaupmáttur ráðstöfunartekna dragist saman um 10,1% á milli ára. Launaprýstingur er lítil og er hækkun launavísitölunnar í lágmarki. Reiknað er með að dragi úr verðbólgu þegar líður á árið vegna mikils samdráttar í eftirspurn auk þess sem fasteignaverð hefur lækkað umtalsvert. Hjöðnun verðbólgu hefur þó verið minni en áður var reiknað með og má það að miklu leyti rekja til gengisveikingar krónunnar frá vormánuðum. Lágt gengi gæti áfram haft áhrif



Mynd 4

Hagvöxtur og landsframleiðsla á föstu verðlagi 2000-2014

Heimildir: Hagstofa Íslands og eigin spá.

Lækkun verðbólgu hefur tafist vegna veikara gengis krónunnar

Tafla 2 Lykiltölur efnahagsstærða 2008–2011


Þjóðhagsstærðir		2008	2009	2010	2011
Hagvöxtur	%	1,3	-8,4	-1,9	2,8
Þjóðarútgjöld	magnbr. milli ára, %	-8,6	-20,3	-2,5	3,0
Viðskiptajöfnuður	% af VLF	-42,2	-7,0	0,8	0,2
Þjóðhagslegur sparnaður	% af VLF	-17,8	9,0	18,6	20,7
Vinnumarkaður					
Atvinnuleysi	% af vinnuafli	1,6	8,6	10,6	9,0
Kaupmáttur tímakaups	br. milli ára, %	-3,6	-7,6	-2,3	1,9
Kaupmáttur ráðst. tekna á mann	br. milli ára, %	-6,4	-10,4	-11,4	-0,4
Utanríkisviðskipti					
Útflutningsframleiðsla sjávarafurða	magnbr. milli ára, %	-0,7	-2,1	-1,0	1,0
Útflutningsframleiðsla stóriðju	magnbr. milli ára, %	60,7	5,2	1,0	3,0
Útflutningur alls	magnbr. milli ára, %	7,1	-1,4	2,0	2,9
Innflutningur alls	magnbr. milli ára, %	-18,3	-30,0	-1,8	3,6
Peninga- og verðlagsmál					
Verðbólga	%	12,4	11,9	5,0	2,3
Gengisvísitala	31. des. 1991 = 100	166,4	223,4	234,5	224,4
Stýrivextir Seðlabankans	meðaltal árs, %	15,8	13,9	8,7	8,0
Ytri skilyrði					
Hagvöxtur í OECD-ríkjum	%	0,8	-4,1	0,7	2,3
Verðbólga í OECD-ríkjum	%	3,2	0,6	0,8	2,5
Erlent verð sjávarafurða	br. milli ára, %	-2,4	-14,6	-1,0	0,6
Erlent verð á áli	br. milli ára, %	-0,1	-36,3	20,5	3,9

Heimildir: Fjármálaráðuneytið, Hagstofa Íslands, OECD, Seðlabanki Íslands, Vinnumálastofnun. Vegna óvissu tengdri gagnasöfnun er ekki unnt að birta áætlun um hreina stöðu þjóðarþúsins.

Þörf á meira aðhaldi í ríkisfjármálum en áður gert ráð fyrir

á verðlag til hækkunar en verð hafa jafnan verið mun breytanlegri upp á við en niður á við í kjölfar gengisbreytinga. Þrátt fyrir minnkandi verðbólgu er ekki gert ráð fyrir umtalsverðri lækkun stýrivaxta þar sem gengi krónunnar er mjög veikt og er spáð að það haldist veikt út árið. Þá er spáð 6,6% framleiðsluslaka á árinu eftir viðvarandi framleiðsluspennu á undanförunum árum. Er búist við áframhaldandi slaka á spátímabilinu.

Í þjóðhagsspánni er gengið út frá aðgerðaáætlun stjórnvalda og Alþjóðagjaldeyrissjóðsins og að þeim markmiðum um bata í afkomu ríkissjóðs sem áætlunin kveður á um verði náð. Frá síðasta mati hefur komið í ljós að skuldsetning þjóðarbúsins var meiri en áður var gert ráð fyrir og er af þeim sökum þörf fyrir meira aðhald. Í samræmi við það var gripið til aðgerða á síðari helmingi ársins 2009 til að bæta áætlaða afkomu ríkissjóðs um 20 ma.kr. það ár. Til að takmarka umfang ríkisfjármála þurfti að rífa seglin í fjárlögum ársins 2009 en það hefur þau áhrif að samdráttur verður í samneyslu í fyrsta sinn síðan 1992, eða um 1,9%. Af sömu orsökum er áætlað að opinber fjárfesting dragist saman um 32,5% á árinu. Áætlað er að frumjöfnuður ríkissjóðs, þ.e. tekjujöfnuður án fjármagnstekna og -gjalda, snúist í halla sem nemur 8,2% af landsframleiðslu árið 2009. Afkoman versnar því um 8,3% af landsframleiðslu á milli ára og útskýrist af því að sjálfvirk sveiflufjöfnun ríkisfjármála fær að starfa að mestu leyti sem dregur úr samdrætti í innlendri eftirspurn og mildar því niðursveifluna eins og ráðlegt er að ríkisfjármál geri við slíkar aðstæður.



Mynd 5
Vöxtur landsframleiðslu, þjóðartekna og þjóðarútgjalda 2000-2014

Heimildir: Hagstofa Íslands og eigin spá.

Mestur þungi aðhaldsaðgerða á árunum 2010-2011

Árinu 2010 gerir efnahagsáætlunin hins vegar ráð fyrir umtalsverðum bata frumjafnaðar það ár og næstu ár, þannig að frumjöfnuðurinn sýni vaxandi afgang frá árinu 2011 og jafnframt að tekjujöfnuður ríkissjóðs í heild myndi afgang árið 2013 sem aukist síðan í kjölfarið.

Töluverður samdráttur verður áfram í íslensku efnahagslífi árið 2010 og er hagkerfinu spáð 1,9% samdrætti yfir árið sem er mun meira en gert var ráð fyrir í vorspá ráðuneytisins. Ljóst er að aðhaldsaðgerðir stjórnvalda, samkvæmt samkomulagi við AGS, eru nú harðari en áður var gert ráð fyrir að þyrfti að koma til. Spáð er veikara gengi krónunnar að þessu sinni og meiri verðbólgu sem leiðir til þess að afkoma ríkissjóðs verður verri en ella auk þess sem erlend nettó

skuldastaða ríkissjóðs er nú talin verri en áður sem hefur aukinn vaxtakostnað í för með sér. Samdráttur verður í einkaneyslu þriðja árið í röð, m.a. vegna 11,4% rýrnunar á kaupmætti ráðstöfunartekna á mann sem má að hluta til rekja til aukningar á opinberum álögum og annars niðurskurðar á vegum hins opinbera. Reiknað er með að atvinnuleysi nái hámarki á árinu en að það byrji að dragast saman þegar líður á árið. Á móti kemur að þá er gert ráð fyrir að lausn Icesave-deilunnar og erlent eignarhald nýju bankanna muni auka aðgengi að erlendu lánsfé sem leiðir til þess að aukinn kraftur kemst í þær stóriðjuframkvæmdir sem þegar eru í startholunum. Auknar aðhaldsaðgerðir munu aftur á móti leiða til þess að samneysla og fjárfesting hins opinbera halda áfram að dragast mikið saman á árinu og sömuleiðis árið 2011. Húsnæðisverð lækkar annað árið í röð en íbúðafjárfesting verður nokkuð óbreytt á árinu enda ekki úr háum söðli að falla. Spáð er að íbúðafjárfesting verði nokkuð óbreytt út spátímabilið enda er íbúðamarkaðurinn vel mettur um þessar mundir, sérstaklega á höfuðborgarsvæðinu.

Mestur þungi fyrirhugaðra aðhaldsaðgerða hins opinbera mun koma fram á árunum 2010-2011 og er stefnt að afkomubata í rekstri hins opinbera á hverju ári frá árinu 2009. Þó er árið 2010 gert ráð fyrir áframhaldandi umtalsverðum halla á rekstri hins opinbera sem nemur 179 ma.kr. og þar af er hallinn á rekstri ríkissjóðs 149,2 ma.kr sem nemur 9,6% af landsframleiðslu. Árið 2011 er áfram áætlaður talsverður halli á rekstri hins opinbera

sem nemur 83,4 ma.kr. og þar af er halli ríkissjóðs áætlaður 67 ma.kr. sem svarar til 4,1% af landsframleiðslu.

Vöruskiptin við útlönd eru aftur á móti að þróast til betri vegar og er spáð myndarlegum afgangi út spátímabilið á vöru- og þjónustuskiptajöfnuði. Lágt gengi íslensku krónunnar kemur sér vel fyrir útflutningsgreinarnar auk þess sem reiknað er með hækkun á álverði. Mikil óvissa er þó jafnan varðandi verð og afla sjávarafurða en staða krónunnar mun hafa jákvæð áhrif á útflutningsverðmæti greinarinnar en á sama tíma gera rekstrarstöðu fyrirtæka í greininni mjög erfiða. Margvíslegur annar útflutningur mun hægt og bítandi njóta góðs af veikju gengi krónunnar og þá sérstaklega þegar hagvöxtur viðskiptalanda okkar batnar og eftirspurn eykst. Hagfellt gengi styður við þá þróun sem þegar hefur orðið á þessu ári, þar sem erlendir ferðamenn hafa nýtt sér hagstæð kjör hér á landi og má gera ráð fyrir auknum ferðamannastraumi til landsins og vaxandi þjónustutekjum eftir því sem hagvöxtur eykst á alþjóðavísu. Almennur innflutningur mun halda áfram að dragast saman á næsta ári og árið 2011 í kjölfar aukins samdráttar í neyslu en aukinn innflutningur fjárfestingarvara mun fylgja auknum umsvifum á sviði stóriðju. Stöðugur og umtalsverður halli á jöfnuði þáttatekna vegna hárra nettó vaxtagjalda mun síðan draga úr jákvæðum áhrifum vöruskipta á viðskiptajöfnuðinn.

Árið 2011 er því spáð að hagkerfið komi út úr samdrætti með 2,8% hagvexti. Reiknað er með að einkaneysla hafi náð botninum og breytist lítið yfir árið en að almenn fjárfesting taki við sér á ný ásamt því að stóriðjufjárfesting verður áberandi. Engu að síður mun mikið aðhald hins opinbera í samræmi við aðgerðaáætlun ríkisstjórnarinnar og Alþjóðagjaldeyrissjóðsins draga úr hagvexti á árinu, m.a. í gegnum áframhaldandi samdrátt samneyslu og opinberrar fjárfestingar. Spáð er smávægilegum afgangi á viðskiptajöfnuði það ár.

Óvissuþættir sem snúa að þjóðhagsspánni eru margir og viðamiklir. Enn er óljóst með framvindu lánaþyrngreiðslu AGS og annarra landa, sem gegnir veigamiklu hlutverki í áætlun stjórnvalda um endurreisn efnahagslífsins. Viðræðum við Breta og Hollendinga um niðurstöðu Icesave málsins er enn ekki lokið og hefur það tafið afgreiðslu stjórnar AGS á lánum um meira en hálf ár. Ef afgreiðslan dregst mikið lengur er líklegt að það fari að hafa skaðleg áhrif á framvindu efnahagslífsins nú þegar vetur gengur í garð. Þótt samningar við kröfuhafa bankanna liggi fyrir hefur endanleg ákvörðun um yfirtöku þeirra á Íslandsbanka og nýja Kaupþingi ekki verið tekin. Ef yfirtakan gengur eftir mun það vonandi boða á gott hvað aðgengi landsmanna að erlendu lánsfé varðar. Sú lánaþyrngreiðsla sem beðið er eftir skiptir einnig máli fyrir áætlun Seðlabankans um afnám hafta á gjaldeyrismarkaði og stöðugleika krónunnar. Frekari gengislækkun er líkleg til að veikja fjárhagsstöðu heimila og fyrirtækja enn meira. Óvissa er einnig um aðgerðir til að mæta skuldavanda þeirra. Þá er óvissa um þróun mála á vinnumarkaði og íbúabróun í landinu. Einnig er óvissa um fjármögnun á fjárfestingu í orkuöflun, álverum og meðalstórum iðnaðarkostum. Þá er óvissa um það hvernig samningagerð við ESB um aðild muni ganga og hvort það ferli auki trúverðugleika efnahagsáætlunarinnar eins og vonir hafa staðið til. Að lokum er óvissa um þróun alþjóðlegs efnahagslífs, en ástand ytra skiptir miklu máli um það hvernig hlutirnir þróast hér á landi.

Efnahagshorfur fram til 2014

Í framreikningum til ársins 2014 leitast hagkerfið við að ná jafnvægi eftir dýpstu efnahagslægð síðari tíma. Tímabilið einkennist af miklu aðhaldi í ríkisfjármálunum á meðan skuldir ríkissjóðs eru lækkaðar. Ekki er gert ráð fyrir frekari framkvæmdum á sviði stóriðju en þeim sem þegar hefur verið tekin ákvörðun um. Þá ber að undirstrika að langtímaspár sem þessar eru jafnan ótraustar þar sem ekki er hægt að sjá fyrir óteljandi ytri þætti sem hafa áhrif á efnahagsframvinduna.

Lágt gengi íslensku krónunnar hagstætt fyrir útflutningsgreinar

Hagvöxtur jákvæður á ný árið 2011

Hagvöxtur mældist 4,7% að jafnaði á tímabilinu 2005-2008 og næstu ár munu einkennast af miklum samdrætti á flestum sviðum efnahagslífsins. Spáð er að samdráttur í hagvexti muni mælast 2,5% að jafnaði á tímabilinu 2009-2011. Framreikningar sýna aftur á móti ágætan vöxt á tímabilinu 2012-2014 þegar hagkerfið leitar í jafnvægi og framleiðslulakinn hverfur. Stöðugur samdráttur í einkaneyslu undanfarinna ára snýst í vöxt 2012 til 2014 í kjölfar hækkandi launa og aukins kaupmáttar ráðstöfunartekna. Þó er gert ráð fyrir hægari vexti en áður vegna aukins aðhalds í ríkisfjármálum sem heldur aftur af aukningu kaupmáttar ráðstöfunartekna. Fjárfesting dregst hins vegar saman í lok tímabilsins þar sem framkvæmdirnar í Helgúvík og Straumsvík munu hafa náð hámarki og ekki er gert ráð fyrir frekari stóriðjuframkvæmdum. Einnig sýna framreikningar að hagkerfið leitar í jafnvægi með stöðugleika í verðlagsmálum, lægra vaxtastigi og aðlögun raungengis krónunnar. Þá mun atvinnuleysi dragast saman jafnt og þétt í jafnvægi sem þó er hærra en náttúrulegt atvinnuleysi var metið fyrir hrun bankanna. Afkoma ríkissjóðs batnar ár frá ári í anda þess samkomulags sem gert var við AGS þar sem miðað er við að frumjöfnuður ríkissjóðs sýni umtalsverðan bata yfir tímabilið.

Tafla 3 Helstu hagstærðir framreikninga til 2014

Árleg magnbreyting í % nema annað sé tekið fram	Árleg meðaltöl		Árleg breyting			
	2005- 2008	2009- 2014	2011	2012	2013	2014
Verg landsframleiðsla	4,7	1,8	2,8	4,8	2,6	0,8
Einkaneysla	3,3	-3,2	-0,5	3,0	1,9	1,3
Samneysla	4,0	-0,6	-1,7	-1,0	0,6	1,5
Fjámunamyndun	3,6	-3,0	21,5	25,7	2,1	-11,2
Atvinnuvegir	3,0	0,5	33,5	33,5	1,9	-14,9
Íbúðarhúsnæði	3,6	-7,6	2,3	3,8	3,0	2,9
Hið opinbera	5,0	-14,2	-12,9	1,9	1,9	2,6
Útflutningur vöru og þjónustu	6,7	2,6	2,9	4,4	4,2	3,5
Innflutningur vöru og þjónustu	3,7	-4,1	3,6	9,6	1,9	-2,4
Viðskiptajöfnuður, % af VLF	-26,3	-1,5	0,2	-2,1	-1,8	1,2
Atvinnuleysi, % af vinnuafli	1,5	7,4	9,0	6,1	5,4	4,8
Verðbólga milli ára, %	7,0	4,4	2,3	2,6	2,5	2,4

ALÞJÓÐLEG EFNAHAGSMÁL

Horfurnar í alþjóðlegum efnahagsmálum hafa batnað á síðustu mánuðum, þótt enn sé mikil óvissa um framvinduna. Þannig eru fram komnar vísbendingar um að efnahagssamdrátturinn sé í rénun. Ástand á fjármálamörkuðum hefur skánað og áhættuálag í lánastarfsemi hefur lækkað og er nú líkar því sem er venjulega í samdrætti. Verð hlutabréfa hrapaði síðastliðinn vetur og var orðið helmingi lægra í mars 2009 en þegar best lét í október 2007. Frá vormánuðum hefur verðið hækkað víðast hvar á ný þótt það sé enn mun lægra en þegar það fór hæst. Þá eru vísbendingar um að tekið sé að losna um lánsfé þótt magn útlána sé minna en í fyrra. Þá hafa hagtölur fyrir annan og þriðja ársfjórðung sýnt að mörg þróuð hagkerfi eru hægt og bítandi að komast úr samdrætti meðan hagvöxtur hefur aukist umtalsvert í nýmarkaðsríkjum. Í Bandaríkjunum eru komin skýr merki um að samdrátturinn sé að enda á meðan efnahagsstarfsemi í mörgum Evrópuríkjum er enn að dragast saman. Fyrir árið 2009 áætla alþjóðastofnanir að samdráttur verði á heimsvísu en að hægfara bati taki við árið 2010. Atvinnuleysi í þróuðum ríkjum er enn að aukast og er almennt spáð áframhaldandi aukningu enn um sinn, áður en tekur að draga úr því þegar hagvöxtur verður aftur orðinn jákvæður.

Jákvæð þróun undanfarinna mánaða hefur orðið til þess að hagspár alþjóðastofnana fyrir heimsbúskapinn hafa verið endurmetnar til batnaðar. Til dæmis færði OECD hagspár sínar fyrir OECD-svæðið upp á við í fyrsta sinn í tvö ár í júní síðastliðnum. Þrátt fyrir jákvæðari þróun en gert var ráð fyrir eru horfur nokkuð dökkar næstu tvö árin. Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn spáir að heims-hagkerfið dragist saman um 1,4% árið 2009. Gert er ráð fyrir því að mikill slaki verði áfram til staðar og verði viðsnúningurinn ekki kominn á skrið fyrr en seinni hluta ársins 2010 en þá er því spáð að hagvöxtur verði 2,5%, sem má ekki síst rekja til aukins hagvaxtar í þróunarlöndum og nýmarkaðsríkjum. Alþjóðastofnanir hafa mælt með því að stjórnvöld haldi áfram að örva efnahagslífið með aðgerðum á peninga- og fjármálahlíð. Hins vegar fer að hilla undir það á næsta ári að stjórnvöld, einkum í hinum vestræna heimi, þurfi að minnka umsvif hins opinbera og hækka stýrivexti þegar starfsemi einka-geirans og hagvöxtur eru aftur kominn á skrið.

*Batnandi horfur
í alþjóðlegum
efnahagsmálum*

*Alþjóðlegar stofnanir hafa
hækkað spár um hagvöxt*


Tafla 4 Hagvöxtur erlendis 2008-2010

%	2008	2009	2010
Heimurinn	3,1	-1,4	2,5
Evrusvæðið	0,8	-4,8	-0,3
Þýskaland	1,3	-6,2	-0,6
Frakkland	0,3	-3,0	0,4
Ítalía	-1,0	-5,1	-0,1
Spánn	1,2	-4,0	-0,8
Bretland	0,7	-4,2	0,2
Önnur þróuð lönd	1,6	-3,9	1,0
Bandaríkin	1,1	-2,6	0,8
Japan	-0,7	-6,0	1,7
Rússland	5,6	-6,5	1,5
Kína	9,0	7,5	8,5
Indland	7,3	5,4	6,5
Afríka	5,2	1,8	4,1
Mið- og Suður-Ameríka	4,2	-2,6	2,3

1. Ársvöxtur vergrar landsframleiðslu á föstu verðlagi.

Heimild: Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn.

Talið er að miklar stuðningsaðgerðir stjórnvalda víða um heim, bæði í stjórn peningamála og opinberra fjármála, hafi skilað sér í hækkun eignaverðs og meiri eftirspurn í hagkerfinu. MCI hlutabréfavisitalan, sem mælir hluta-




Mynd 6
Eignaverð á heimsmarkaði
janúar 2004 - ágúst 2009

Heimild: Reuters EcoWin.

*Stuðningsaðgerðir
 stjórnvalda víða um
 heim hafa borið árangur*

fyrirtækja en gögn síðustu mánaða benda til þess að farið sé að ganga á birgðir á ný eftir mikla birgðauppsöfnun við upphaf samdráttarskeiðsins. Jafnframt hefur hrunið í heimsviðskiptum stöðvast eftir rúmlega 20% samdrátt á fyrsta ársfjórðungi 2009. Áhyggjur af verðhjöðnun hafa minnkað en verðbólguvæntingar hafa haldist á viðunandi róli og jafnframt hafa verðhækkanir síðustu mánuði á hrávörumörkuðum átt þátt í að draga úr ótta við verðhjöðnun. Hagvöxtur hefur tekið að glæðast í nokkrum þróuðum ríkjum á öðrum ársfjórðungi og hefur dregið úr samdrætti í sumum meðan hagvöxtur hefur aukist umfram væntingar í nýmarkaðsríkjum á borð við Kína.

Í Bandaríkjunum hafa horfur batnað að einhverju leyti frá því í vor en engu að síður eru allar horfur á nokkuð djúpum samdrætti yfir árið í heild og miklu atvinnuleysi sem þegar er orðið meira en það hefur verið í tæpa þrjá áratugi. Aðgerðir stjórnvalda hafa þegar skilað talsverðum árangri, einkum á fjármálamörkuðum. Stýrivextir hafa verið lækkaðir nálægt núlli, lausafé dælt inn í kerfið og opinberum fjármunum veitt til að auka hlutfé í kerfislega mikilvægum fjármálafyrirtækjum og til að laga efnahagsreikninga



Mynd 7
3ja mánaða Libor vextir
janúar 2005 - ágúst 2009

Heimild: EcoWin.

*Ótti við verðhjöðnun
 hefur minnkað*

þeirra. Fyrir vikið hefur tekist að afstýra kerfishruni og eru fjármálamarkaðir orðnir nokkuð stöðugir þó ástandið sé enn viðkvæmt. Vísbendingar hafa komið fram um að húsnæðismarkaður sé að nálgast botninn. Jafnframt eykst atvinnuleysi hægar, en það var komið í 9,7% í september. Horfur eru á að það haldist hátt enn um sinn þótt almennur hagvöxtur fari að taka við sér. Alþjóðastofnanir gera ráð fyrir að samdrátturinn nái hámarki á seinni hluta ársins 2009 og að við taki hagvöxtur árið 2010 en að hann verði með minna móti framan af vegna slaka í hagkerfinu. Þannig spáir Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn að samdrátturinn nemi 3,8% árið 2009 en að hagvöxtur verði 0,6% árið 2010.


Horfur eru á miklum efnahagssamdrætti í Evrópu í ár. Á fyrsta ársfjórðungi dróst verg landsframleiðsla, reiknuð á ársgrundvelli, saman um 9,2% sem má að stórum hluta rekja til hruns í heimsviðskiptum á þeim tíma sem orsakaði samdrátt í útflutningi og framleiðslu á vörum. Samdrátturinn á öðrum ársfjórðungi reyndist vera 0,5%. Tekist hefur að koma á stöðugleika á fjármálamörkuðum evrusvæðisins en ástandið er enn brothætt og takast fjármálafyrirtæki á við mikla endurskipulagingu á efnahagsreikningum sem hefur valdið því að útlánavöxtur er takmarkaður. Á hinn bóginn eru líkur á því að birgðasöfnun fyrirtækja, sem hafði dregið niður hagvöxt síðustu ársfjórðunga, sé komin að því stigi að fara að styðja við hagvöxt eftir því sem útflutningshorfur batna. Atvinnuleysi hefur aukist á evrusvæðinu þó aukningin sé misdreifð en mesta aukning atvinnuleysis hefur átt sér stað á Spáni og á Írlandi.

Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn spáir því að samdráttur á evrusvæðinu verði 4,8% í ár. Gert er ráð fyrir því að batinn á evrusvæðinu verði minni á næsta ári en í Bandaríkjunum. Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn spáir 0,3% samdrætti að meðaltali árið 2010 en að á fjórða ársfjórðungi ársins 2010 verði hagvöxtur orðinn 0,6%.

Af stóru iðnríkjunum eru horfurnar einna verstar fyrir Japan. Hrun í heimsviðskiptum á fjórða ársfjórðungi 2008 og fyrsta ársfjórðungi 2009 kom mjög illa niður á hagvexti í Japan en hann er mjög útflutningsháður. Samdráttur nam 11,7% á ársgrundvelli, á fyrsta fjórðungi þessa árs. Með vaxandi hagvexti í Asíu, væntingum um batnandi horfur í heimsviðskiptum og verulegum stuðningsaðgerðum hins opinbera eru horfur á að hagvöxtur glæðist á næsta ári. Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn spáir 6% samdrætti árið 2009 en að hagvöxtur verði kominn í 1,7% árið 2010.

Hagvöxtur er kominn á skrið í nýmarkaðsríkjum Asíu eftir minnkandi hagvöxt í kringum áramótin samfara samdrætti í hinum vestræna heimi. Kína og Indland eiga einna mestan þátt í viðsnúningnum en hagvexti hefur verið ýtt áfram með verulegum eftirspurnarhvetjandi aðgerðum hins opinbera, einkum í Kína. Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn spáir því að hagvöxtur í nýmarkaðsríkjum Asíu verði 5,5% í ár en verði um 7,0% árið 2010.

Horfurnar um efnahagsframvindu á heimsvísu hafa að mörgu leyti batnað frá því í upphafi árs. Það má merkja af því að OECD og Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn hafa í sumar fært spár sínar upp á við fyrir árin 2009 og 2010. Jafnframt hefur komið fram í máli OECD að óvissan varðandi spárnar er í meira jafnvægi en fyrr á árinu en þá vísuðu óvissuþættirnir nær allir á verri horfur. Óvissan er enn hvað mest í kringum fjármálamarkaði og hvernig þeim tekst að vinna sig út úr þeim ógöngum sem þeir komust í árið 2008. Þá ríkir óvissa um aukningu opinberra skulda, sérstaklega í Bandaríkjunum, en það ástand gæti þrýst markaðsvöxtum upp á við þar í landi eða lækkað gengi dollarans frekar. Slík þróun væri líkleg til að hafa frekari neikvæð áhrif á hagvöxt í heiminum.



Mynd 8
Stýrivextir nokkurra landa
maí 2005 - ágúst 2009


Heimild: Reuters EcoWin.

Batnandi horfur í heimsviðskiptum eftir hrun í upphafi árs

Rammagrein 1: Fjárhagur íbúðareigenda

Í rammagrein 4 í Þjóðarbúskapurinn - vorskýrsla 2009 var fjallað um þróun eiginfjárhlutfalls íbúðareigenda. Frá því í fyrra hefur eiginfjárhlutfall almennt lækkað mikið eftir að skuldir jukust á meðan verðmæti íbúðarhúsnæðis lækkaði. Íbúðareigendur hafa þá sérstöðu að vera ábyrgir fyrir skuldum sem hvíla á íbúðum þeirra. Skuldirnar eru oft en ekki margfaldar árlegar ráðstöfunartekjur þeirra. Þá hafa miklar breytingar á eignum og skuldum mikil áhrif á fjárhagslegt svigrúm heimilanna, sem þurfa að greiða fyrir einkaneysluútgjöld, svo sem fatnað, mat og húsnæði. Í þessari rammagrein er fjárhagslegt svigrúm heimilanna metið út frá fyrirliggjandi gögnum og með nýrri nálgun.

Gögnin sem notuð voru í rammagreininni frá í vor voru að stórum hluta byggð á álagningu skattstjóra vegna eigna og tekna ársins 2007. Nú hefur ráðuneytið aðgang að sambærilegum gögnum vegna eigna og tekna árið 2008. Skemmst er frá því að segja að greiningin frá í vor stendur enn fyrir sínu, þó að flestar tölur þar hnিকist til um einhver prósent eins og eðlilegt má telja. Með því að sneiða gögnin er hægt er að finna áhugaverðar upplýsingar um eignir og skuldir eftir tekjum eða fjölskyldumynstri. Þar fást þýði sem eru yfirleitt býsna stór og ekki normaldreifð. Dæmi um þetta er ef þýði íbúðareigenda er sneitt eftir eiginfjár- eða skuldahlutfalli. Þá kemur í ljós að ef gögnum er skipt upp í undirflokkka, þá er sama hvar borð er niður, hvort heldur sem er hjá þeim sem eru með hátt eða lágt eiginfjárhlutfall í eigin húsnæði, að þar finnast fjölskyldur af öllum stærðum, með lágar eða háar tekjur, litlar eða miklar skuldir og á öllum aldri. Þrátt fyrir þetta getur meðaltal ofangreindra undirflokka veitt ýmsar athyglisverðar upplýsingar.



Mynd 1

Áætluð greiðslubyrði heildarskulda af eftirstöðvum ráðstöfunartekna

Heimild: Eigin útreikningar.

(tekjur eftir skatta og tilfærslur) áður en hún getur snúið sér að því að greiða húsnæðisskuldir eða aðrar skuldir. Taka ber fram að nokkur óvissa er með mat á lágmarks fjárútlátum á neyslueiningu áður en kemur að greiðslu skulda. Í mynd 1 má sjá fjölda fjölskyldna með eigið íbúðarhúsnæði eftir áætlaðri greiðslubyrði af lánnum sem hlutfall af eftirstöðvum ráðstöfunartekna, þegar búið er að greiða 65 þ.kr. á mánuði fyrir hverja neyslueiningu. Þanning má sjá að þær fjölskyldur sem eru yfir 100 prósent hafa ekki fjárhagslegt bolmagn til að greiða allar skuldir sínar.

Niðurstöður þessara útreikninga eru þær að þegar aðeins eru skoðaðar húsnæðisskuldir þá eru fáar fjölskyldur í fjárhagsvanda. Ef hins vegar allar skuldir eru teknar með í reikninginn og almennar forsendur gerðar um greiðslubyrði þeirra, má ráða af hinum nýju gögnum að um 14 þús fjölskyldur (af þeim sem eru íbúðareigendur og skulda meira en 500 þ.kr. í eigin húsnæði) hafi verið ófærar um að ljúka afborgunum skulda sinna árið 2008.

Heildaríbúðareign þessara 14 þúsund fjölskyldna var 400 ma. kr. en heildarskuldir 492 ma. kr. Þar af voru íbúðarskuldir 282 ma. kr. Að meðaltali var eiginfjárhlutfall þessa hóps í íbúðarhúsnæði um 30%. Gögnin sýna jafnframt að rúmlega 17 þúsund fjölskyldur voru með neikvætt eigið fé í húsnæði sínu um áramótin 2008/2009. Það er því ljóst að þessir tveir hópar skarast ekki nema að hluta og er það vegna þess að talsverður fjöldi með neikvætt eigið fé í húsnæði er ekki í greiðsluvanda og enn fremur að talsverður fjöldi sem á í miklum greiðsluvanda er með jákvætt eiginfjárhlutfall. Nýleg gögn benda til að þróun ráðstöfunartekna hafi verið óhagstæð og því er viðbúið að fleiri séu að bætast í þann hóp sem stríðir við greiðsluferðleika í ár.

Þegar OECD metur neyslubörf fjölskyldna telst fyrsti fullorðinn einstaklingur í fjölskyldunni vera 1 neyslueining, aðrir fullorðnir eru 0,7 neyslueiningar hver og börn eru 0,5 neyslueiningar hvert. Þannig er t.d. fjölskylda með tveimur fullorðnum og tveimur börnum reiknuð vera 2,7 neyslueiningar (1+0,7+0,5+0,5). Í íslensku samfélagi, eins og öllum samfélögum, tákna hver neyslueining í fjölskyldu ákveðin útgjöld, m.a. til að kaupa mat, föt og húsnæði. Hér á landi er miðað við að þeir sem hafa tekjur undir skattleysismörkum séu ekki aflögufærir hvað varðar beina skatta. Útgjöld vegna barna eru háð tekjum fullorðinna þannig að álagið á tekjur undir skattleysismörkum er meira en ein neyslueining. Úr þessum tekjum þarf að greiða húsnæði, þar með talið íbúðaskuldir. Í þessum útreikningi er miðað við að hver neyslueining kalli á 65 þúsund króna útgjöld á mánuði til annarra einkaneyslulíða en húsnæðis, þ.e. áður en kemur að útgjöldum vegna húsnæðis og annara skulda. Það þýðir að fjölskylda sem er reiknuð 2,7 neyslueiningar þarf fyrst að afla 175 þúsund króna á mánuði (2,1 milljóna króna á ári) í ráðstöfunartekjur

Einkaneysla

Nokkuð snarpur samdráttur einkaneyslu varð á fyrri hluta árs 2008. Bankahrunið í október 2008 olli því síðan að samdráttur einkaneyslu er orðinn meiri en dæmi eru um í gögnum Hagstofunnar. Í stórum dráttum má segja að stærsti hluti falls einkaneyslu hafi komið fram í einu vefangi haustið 2008. Öll neysla sama hvaða nafni hún nefnist hefur dregist saman en mismikið eftir flokkum. Heita má að öll kaup varanlegra og hálfvaranlegra hluta hafi hrunið. Langmestur er samdrátturinn bæði hlutfallslega og peningalega í viðskiptum með nýja bíla.


Skuldaaukning og rýrnun kaupmáttar hefur dregið stórlega úr einkaneyslu heimilanna. Laun hafa lækkað mikið að raungildi, vegna lítillar hækkunar launa, mikillar verðbólgu og samdráttar í vinnumagni.

Frá því að fjármálaáfallið reið yfir hefur fjármálaráðuneytið gert ráð fyrir að einkaneysla dragist saman um tæpan fjórðung á árinu 2009 samanborið við 2008. Sú spá miðaðist við ítrasta samdrátt og varúðarsparnað. Nú bendir flest til að samdráttur einkaneyslu á árinu 2009 verði nokkru minni, eða innan við 20%. Á þessu eru nokkrar mögulegar skýringar. Þrengingarnar í þjóðarþúskapnum koma að mörgu leyti ójafnt niður. Að einhverju leyti gætu þeir sem minnst

skulda eða mestar tekjur hafa dregið úr varúðarsparnaði. Það sem skiptir þó líklega meira máli er að ýmsar ráðstafanir yfirvalda eru þess valdandi að samdráttur í ráðstöfunartekjum er til muna minni en samdráttur raunlauna. Ráðstafanir til að frysta gengisbundin lán og jafna greiðslubyrði gjaldþyrmbundinna og verðtryggðra lána er ígildi lánafyrirgreiðslu til heimilanna sem gerir þeim kleift að draga minna úr neyslu en ella. Það sem skiptir þó meira máli er að landsmenn hafa í miklum mæli gengið á sparnað og þá ekki síst séreignarlífeyrissparnað til halda uppi ráðstöfunartekjum sínum. Reglur um innlausn séreignarsparnaðar voru rýmkaðar á tvennan máta, annars vegar er öllum sem náð hafa 60 ára aldri heimilt að leysa út allan sinn sparnað og hins vegar er öllum, án tillits til aldurs, heimilt að losa 1 milljón króna að hámarki dreift yfir 9 mánuði. Nú er áætlað að þessi innlausn nemi samtals 35 ma.kr. árið 2009. Það munar verulega mikið um þessar útgreiðslur og þær útskýra líklega stærstan hluta af því að einkaneyslustigið hefur dregist minna saman en vænst var.

Samdráttur í bílasölu er nokkru minni en áætlað var og skýrist það að langmestu leyti af útsölu bíla sem staðið hafa lengi á hafnarbakkanum óseldir. Engu að síður er bílasölusamdrátturinn gríðarlegur og reikna má með að bílasala verði lítil áfram, sérstaklega eftir að eldri birgðir eru seldar.

Rétt er að hafa í huga að þó samdráttur einkaneyslu sé nokkru minni en áður var áætlað er hann engu að síður stórfelldur. Þá er einnig rétt að hafa í huga að minni samdráttur er ekki vegna krafts í efnahagslífinu heldur frekar vegna þess að landsmenn eru að jafna út neyslu sína með því að ganga á sparnað. Það er jákvætt fyrir þjóðarþúskapinn í heild að samdráttur í einkaneyslu er minni en á horfðist í fyrstu, en ekki eins jákvætt og ef minni samdráttur stafaði af nýrri verðmætasköpun. Því er búist við áframhaldandi samdrætti á árinu 2010, enda munu vaxandi atvinnuleysi, skattahækkunar og aðhald í ríkisþúskapnum enn þrengja að einkaneyslu heimilanna. Í nýrri þjóðhagsspá er áætlað að einkaneysla árið 2009 verði 17,4% minni að raungildi heldur en árið 2008 og 6,1% minni árið 2010 en árið 2009. Árið 2011 má búast



Mynd 9

Einkaneysla og kaupmáttur ráðstöfunartekna 1995-2011

Heimildir: Hagstofa Íslands og eigin spá.

Gengið á lífeyrissparnað til að fjármagna neyslu

Einkaneysla byrjar að aukast á ný árið 2011

við að samdráttur í einkaneyslu verði hverfandi að því gefnu að hagvöxtur verði farinn að taka við sér.


Samneysla

Samneysla dregst saman á komandi árum

Samneysla hins opinbera jókst að raungildi um 4,6% árið 2008 og nam rúmlega 367 ma.kr. samkvæmt endurskoðuðum tölum Hagstofu Íslands. Endurskoðuðu tölurnar sýna öllu meiri vöxt en bráðabirgðatölur Hagstofunnar frá því í vor bentu til. Samneysla ríkis og almannatrygginga jókst um 3,7% að magni til en þar af var raunvöxtur ríkissjóðs 3,6% og almannatrygginga

4,0%. Raunaukning samneyslu sveitarfélaganna var 6,2%. Samneysla samanstandur af launum og launatengdum gjöldum, afskriftum og nettó kaupum á vörum og þjónustu. Laun eru stærsti hluti samneyslunnar en árið 2007 námu þau um 61,1% af heild. Árið 2008 er hlutfallið orðið 58,9% sem bendir til þess að laun hafi hækkað minna en annar rekstrarkostnaður.

Gert er ráð fyrir að samneysla hins opinbera dragist saman að raunvirði árið 2009 og að samdrátturinn muni nema 1,9% á milli ára. Kemur það til vegna samdráttar hjá bæði ríki og sveitarfélögum. Vegna aðhaldsaðgerða hins opinbera mun samneysla sveitarfélaga dragast saman um 3,1% að raungildi og samanlögð samneysla ríkis og almannatrygginga um 1,9%. Gert



Mynd 10


Samneysla hins opinbera 1999-2011

Heimildir: Hagstofa Íslands og eigin spá.

er ráð fyrir áframhaldandi aðhaldi á næstu árum en samkvæmt spánni mun samneysla hins opinbera dragast saman um 1,3% að magni til árið 2010. Árið 2011 er reiknað með að samdrátturinn verði 1,7%. Raunsamdráttur samneyslu ríkissjóðs og almannatrygginga fylgir svipuðu ferli en gert er ráð fyrir að hann verði 1,0% árið 2010 og 1,7% árið 2011. Hvað sveitarfélögin varðar er gert ráð fyrir að hægi á raunsamdrættinum bæði árin og hann verði 1,8% árið 2010 og 1,5% árið 2011.

Hlutfall samneyslu af VLF hækkar árið 2009 en lækkar á komandi árum

Samneysla hins opinbera sem hlutfall af vergri landsframleiðslu var 24,9% árið 2008 og hefur verið nánast óbreytt frá árinu 2005. Samkvæmt spánni hækkar hlutfallið í 25,4% á yfirstandandi ári en það endurspeglar hinn mikla samdrátt vergrar landsframleiðslu sem gert er ráð fyrir. Hlutfallið tekur hins vegar að falla á næstu tveimur árum og verður 24,2% árið 2010 og 23,0% árið 2011 þar sem vöxtur samneyslu verður minni en vöxtur landsframleiðslu.



Mynd 11

Fjárfesting í stóriðju sem % af VLF 2002-2014

Heimildir: Hagstofa Íslands og eigin útreikningar.


kvæmdir við jarðgufuvirkjun við Hverahlíð á Hellisheiði, sem er nátengd álversframkvæmdinni, tefst vegna óvissu um fjármögnun. Tímasetning stækkunar álversins í Straumsvík er einnig óvissu háð og er nátengd byggingu Búðarhálsvirkjunar en óvíst er hvenær hægt verður að hefja framkvæmdir við Búðarháls vegna skorts á lánsfé.

Fjárfesting atvinnuveganna

Mikill samdráttur var í fjárfestingu atvinnuvega 2008 og eykst samdrátturinn enn frekar á yfirstandandi ári. Viðamiklar framkvæmdir í stóriðju, sem fyrirhugaðar eru, fara hægar af stað eða hefur verið frestað, enda lánsfé af skornum skammti um þessar mundir. Má búast við að stóriðjufjárfesting á þessu ári dragist saman um helming og sömu sögu má segja um almenna atvinnuvegafjárfestingu en lítið er um nýframkvæmdir og mörgum framkvæmdum sem þegar voru farnar af stað hefur verið frestað. Framkvæmdir við nýtt álver í Helguvík eru skammt á veg komnar auk þess sem fram-

Rammagrein 2: Höfðu hærrí vextir áhrif til að draga úr lántökum?


Í nýafstaðinni uppsveiflu árin 2003-2008 jókst lántaka íslenskra heimila gríðarlega. Seðlabanki Íslands hækkaði stýrivexti verulega í þeirri viðleitni að stemma stigu við vaxandi eftirspurn og þar með draga úr verðbólgu. Samkvæmt hagfræðikenningum á hækkingu stýrivaxta m.a. að leiða til hækkingar annarra vaxta í hagkerfinu, en með tímatöf. Hækkingu útlánvaxta á síðan að hafa áhrif til að draga úr vaxtanæmri eftirspurn sem byggist á lántökum. Þessi ár var gripið til mikillar hækkingar stýrivaxta og hækkuðu vextir útlána í kjölfarið, en með undantekningum þó. Þrátt fyrir það jókst lántaka heimilanna að meðaltali um 12% að raungildi á ári. Myndir 1 og 2 sýna þróun vaxta og útlána til heimilanna á tímabilinu. Í þessu sambandi má nefna að af skuldum heimilanna, sem námu um 1.890 ma.kr. í lok september árið 2008, voru íbúðalán um 60% af heild en almenn neyslulán um 40%. Þá voru 83% af heildarlánnum heimilanna í íslenskum krónum en 17% í erlendum gjaldmiðlum. Lántaka í erlendum gjaldmiðlum jókst mikið í uppsveiflunni, en slík lán námu rúmlega 3% af heildarskuldum heimilanna í árslok 2005.



Mynd 1

Neyslulán heimilanna og vextir þeirra

Heimild: Seðlabanki Íslands.



Mynd 2

Íbúðalán heimilanna og vextir þeirra

Heimildir: Seðlabanki Íslands og Íbúðalánasjóður.

Í þessari rammagrein er leitast við að skýra þróun lántöku heimilanna og þá þætti sem höfðu áhrif til að grafa undan virkni sjálfstæðrar peningastjórnar. Í þeim tilgangi er heildarlánnum fyrst skipt í tvo flokka, lán til fjármögnunar neyslu annars vegar og lán til íbúðakaupa hins vegar. Þriðja flokkinn myndar sá hluti heildarlána sem er í erlendra mynt. Sett er upp líkan fyrir hvert lánsform fyrir sig og hegðunarsambönd skoðuð með aðhvarfsgreiningu (e. *ordinary least squares*). Í aðhvarfinu er miðað við ársfjórðungsgögn frá 1. ársfj. 2002 til 3. ársfj. 2008. Stuðst er við megin verð- og tekjuþætti sem skýribreytur. Eftirfarandi jöfnur voru metnar:

$$(1.1) \ln(IBL) = f(VIBL, \ln(w), VIV, D1, D2)$$

$$(1.2) \ln(NL) = f(VNL, \ln(w))$$

$$(1.3) \ln(EL) = f(VXM, \ln(w), E)$$

Almennt er talið að breyting vaxta sé í neikvæðu sambandi við breytingu lána. Þannig á hækkingu vaxta að draga úr lántökum. Þá á munur innlendra og erlendra vaxta að vera í jákvæðu sambandi við töku erlendra lána. Þar á aukinn vaxtamunur, að öðru óbreyttu, að gera lán í erlendum gjaldmiðlum eftirsóknarverðari.

Ráðstöfunartekjur eiga einnig að vera í jákvæðu sambandi við lántökur þannig að auknum tekjum fylgi meiri lán. Eignaverð getur haft neikvæð eða jákvæð áhrif á lántökur. Þannig getur hækkingu vísitölu íbúðaverðs dregið úr lántöku til íbúðakaupa þar sem húsnæði verður dýrara. Á móti er þekkt að hækkingu eignaverðs hvetur suma til að kaupa í því skyni að selja aftur á hærra verði. Hækkingu eignaverðsins leiðir til aukins verðmætis eigna sem ýtir undir lántökur, en það eru hin svonefndu

Tafla 1 Breytulisti

Breyta	Skýring	Athugasemd
IBL	Íbúðalán heimilanna, leiðrétt f. fjölda heimila	Raunvirði
VIBL	Vextir íbúðalána	Verðtryggðir vextir
w	Ráðstöfunartekjur heimilanna, leiðrétt f. fjölda heimila	Raunvirði
VIV	Vísitala íbúðaverðs	Raunstig vísitölu
NL	Neyslulán heimilanna, leiðrétt f. fjölda heimila	Raunvirði
VNL	Vextir neyslulána	Verðtryggðir vextir
EL	Lán heimilanna í erlendra mynt, leiðrétt f. fjölda heimila	Raunvirði
VXM	Mismunur innlendra og erlendra vaxta	Nafnvirði
E	Vísitala gengisskráningar	Endurspeglar nafngengi

„auðsáhrif“. Búist er við að gengisvísitala krónunnar hafi jákvætt samband við lántökur í erlendri mynt þar sem hækkun gengisvísitölu (veiking gengis) gerir lán í erlendum myntum vænlegri. Þrátt fyrir að gengisvísitala krónunnar sé ekki skýribreyta í jöfnum 1 og 2 ber að nefna að þessara áhrifa getur gætt að einhverju leyti í þeim jöfnum, þar sem þær fela í sér að hluta til lán í erlendum gjaldmiðlum. Þótt þetta hafi þjagandi áhrif á mælingarnar er innlendi hluti lánanna ráðandi. Jafna 3 mælir síðan sérstaklega áhrifaþætti við töku erlendra lána. Þá hafa gengisbreytingar áhrif á þróun innlands verðlags en með tímatöf. Að auki getur gengisvísitalan haft neikvætt samband við lán í íslenskum krónum að því leyti sem gengisstyrking eykur kaupmátt á innfluttum neysluvörum. Tvær gervibreytur eru í jöfnu 1 til endurspeglar annars vegar breytingar í hegðun bankanna og hins vegar breytingar á starfsemi Íbúðalánasjóðs. Tölfræðilegar niðurstöður aðhvarfsins eru eftirfarandi þar sem staðalfrávik eru í svigum fyrir neðan jöfnurnar:

$$(1.1) \ln(\text{IBL}) = 4,262 + 10,453 \cdot \text{VIBL} + 1,674 \cdot \ln(\text{W}) + 0,0370 \cdot \text{VIV} + 0,0651 \cdot \text{D1} + 0,0880 \cdot \text{D2}$$

(2,912) (4,509) (0,530) (0,327) (0,0342) (0,0380)

$$(1.2) \ln(\text{NL}) = 0,470 + 10,290 \cdot \text{VNL} + 1,049 \cdot \ln(\text{W})$$

(0,323) (0,830) (0,0716)

$$(1.3) \ln(\text{EL}) = 9,534 + 13,849 \cdot \text{VXM} + 3,872 \cdot \ln(\text{W}) + 0,0133 \cdot \text{E}$$

(2,478) (3,094) (0,465) (0,00272)


Niðurstöðurnar, sem eru að mestu leyti marktækar við 5% mörkin, benda til þess að stýrivextir hafi ekki haft tilætluð áhrif. Neyslu- og íbúðalánavextir mælast með jákvætt samband við lánin, sem er gagnstætt því sem búist var við. Möguleg skýring er að mikil hækkun stýrivaxta hafi styrkt gengi krónunnar og það framkallað auknar lántökur. Mælingarnar benda til að mismunur innlendra og erlendra vaxta hafi hvatt til lántöku í erlendum gjaldmiðlum. Í því sambandi hafa margir líklega vanmetið líkur á gengisveikingu. Ráðstöfunartekjur mælast með jákvæða tengingu við útlán. Einnig mælist hækkun vísitölu íbúðaverðs jákvætt tengd lántökum, en flestir íbúðafjárfestar virðast hafa talið að verði myndi hækka áfram. Þess ber þó að geta að stuðullinn við vísitölu íbúðaverðs var ekki tölfræðilega marktækur. Þá fæst að hækkun gengisvísitölu krónunnar hvatti til lántöku í erlendum myntum sem er í samræmi við það sem gert var ráð fyrir. Rétt er að benda á að rannsóknir sýna að einingarrætur (e. *unit root*) er að finna í mörgum þessum röðum, en í líkani þar sem fyrsti mismunur er tekinn af öllum röðum fæst einnig marktækt jákvætt samband milli vaxta og lána. Framkvæma mætti frekari rannsóknir með slíkum aðferðum samþættingar (e. *cointegration*).

Íbúðalán. Á íbúðalánamarkaði virðist hækkun stýrivaxta hafa skilað sér að einhverju leyti í hækkun vaxta íbúðalána ef undan er skilin mikil lækkun þeirra frá haustmánuðum 2004, þegar bankarnir hófu samkeppni við Íbúðalánasjóð um lán á íbúðalánamarkaði, til ársins 2006. Við lækkun verðtryggröð vaxtanna og hækkun útlánahlutfalla jókst lántaka heimilanna stórlega. Þegar óróleiki brast á í alþjóðlegu fjármálalífi árið 2006 og gengi krónunnar lækkaði, þrengdust fjármögnunarmöguleikar bankanna og þeir urðu varkárari í útlánum. Í kjölfarið tóku verðtryggðir vextir að hækka á ný. Vaxtahækkunin virðist ekki hafa dregið úr íbúðalántöku heimilanna, heldur þvert á móti farið samhliða aukningu hennar, hugsanlega tengt öðrum áhrifaþáttum. Kaupmáttur ráðstöfunartekna heimilanna jókst stöðugt yfir tímabilið og jafnframt var verðhækkun fasteigna umtalsverð árin 2004 og 2005. Fasteignaverð hélst hátt árin 2006-2007 og almenn bjartsýni virðist hafa stuðlað að mikilli veltu á fasteignamarkaði þau ár. Þar sem verðmyndun húsnæðis er í krónum hafði styrking á gengi krónunnar minni bein áhrif á ákvarðanir heimilanna um lántöku til íbúðakaupa. Vaxtamunurinn og gengisþróun krónunnar höfðu þó líklega áhrif til að hvetja til aukinnar töku íbúðalána í erlendum myntum.

Neyslulán. Hvað neyslulán heimilanna varðar er ljóst að heimilin juku töku slíkra lána þrátt fyrir hækkun vaxta en líklega hefur mikil hækkun á gengi krónunnar haft veruleg áhrif á þá þróun. Þannig hvatti mjög hátt stýrivaxtastig árin 2005-2007 alþjóðlega fjárfesta til að gefa út skuldabréf í krónum sem styrktu gengi krónunnar, en sú þróun jók kaupmátt heimilanna á innfluttum neysluvarningi mikið. Hugsanlega hefur aukinn fjármagnskostnaður vegna hærri vaxta ekki nægt til að gera neyslulán í innlendi mynt óhagstæð í hugum neytenda. Þá er líklegt að hækkun innlendra vaxta hafi hvatt til neyslulána í erlendum gjaldmiðlum með mun lægra vaxtastigi. Niðurstöður á mælingum í jöfnu 3 renna stoðum undir þá kenningu að vaxtamunurinn við útlönd og gengisstyrking krónunnar hafi gert erlend lán eftirsóknarverðari fjármögnunarkost en ella. Í því sambandi er líklegt að neytendur hafi ekki gert sér fyllilega grein fyrir þeirri gengisáhættu sem fylgir lánum í erlendri mynt. Þannig varð gengislækkun krónunnar í fjármálakreppunni mun meiri en flestir höfðu búist við. Í því sambandi er umhugsunarvert hvort mikil útgáfa erlendra aðila á krónubréfum frá haustmánuðum 2005 hafi talið fólki trú um að kerfisbreyting hafi átt sér stað hvað styrk krónunnar varðar.

Niðurstöður. Um frumrannsókn er að ræða sem bendir til að hækkun útlánvaxta, að því leiti sem stýrivextir höfðu áhrif til að hækka þá, hafi ekki haft tilætluð áhrif við að hemja lántökur heimilanna. Veigamesta atriðið í niðurstöðunum er líklega að stýrivextir höfðu áhrif til að styrkja gengi krónunnar og auka þannig kaupmátt heimila erlendis sem hvatti til frekari lántöku. Taka verður niðurstöðum með fyrirvara um að aðrir þættir gætu hafa haft áhrif. Framkvæma mætti frekari rannsóknir á þessum samböndum, sérstaklega með aðferðum samþættingar. Í rammagrein 5 er fjallað um m.a. áhrif stýrivaxta á efnahagsþróunina árin 2003-2008.

Gert er ráð fyrir að skýrari mynd af skuldastöðu þjóðarbúsins og lausn deilumála sem henni tengjast muni liðka fyrir fjármögnun verkefna sem þegar eru í startholunum og er því reiknað með meiri krafti í stóriðjuuppbyggingu á næsta ári. Almenn atvinnuvegafjárfesting verður þó áfram með minnsta móti. Samkvæmt verklagi er í spánni ekki gert ráð fyrir framkvæmdum sem ekki hefur verið tekin ákvörðun um jafnvel þótt þær megi teljast mjög líklegar. Árið 2011 má gera ráð fyrir að nokkur kraftur verði kominn í framkvæmdirnar auk þess sem almenn atvinnuvegafjárfesting mun byrja að taka við sér, að nokkru drifin áfram af fjárfestingu til stóriðju. Má búast við að framkvæmdirnar nái hámarki 2012 og 2013.



Mynd 12

Almenn atvinnuvegafjárfesting sem % af VLF 2002-2014

Heimildir: Hagstofa Íslands og eigin útreikningar.

Íbúðafjárfesting og fasteignamarkaður

Samdráttur í efnahagslífinu hefur komið mjög hart niður á íbúðabyggingum og fasteignamarkaðinum í heild. Frá 1999 til 2007 jókst íbúðafjárfesting um nær 150% eða um 12% á ári að meðaltali, en frá árinu 2008 hefur hún dregist snarlega saman. Á fyrri helmingi þess árs var hún 12% minni en á sama tíma árið áður og á síðari helmingi ársins hafði hún minnkað um þriðjung frá sama tíma árið 2007. Tölur þjóðhagsreikninga fyrir fyrri hluta ársins liggja nú fyrir og sýna að íbúðafjárfesting hefur dregist saman um rúman helming frá fyrra ári.

Fyrir árið 2009 í heild er áætlað að íbúðafjárfesting verði um 45% minni en árið á undan. Þetta þýðir að á föstu verðlagi verði íbúðabyggingar innan við þriðjungur af því sem þær voru í hápunkti uppsveiflunnar árið 2007. Samkvæmt tölum Hagstofu var byrjað á 3.212 íbúðum árið 2008 og við lok ársins voru 6.486 íbúðir í byggingu, sem er mjög mikið í sögulegum samanburði.

Á yfirstandandi ári hefur lítið verið byrjað á byggingu nýs húsnæðis, þótt tölur um það séu enn ekki fyrir hendi. Hafin hefur verið bygging á nokkrum tugum íbúða fyrir aldraða á höfuðborgarsvæðinu en mestöll önnur íbúðabygging hefur falist í því að ljúka við það húsnæði sem þegar var í byggingu, þ.m.t. að koma því á fókheld stig.


Líklegt verður að teljast að íbúðabyggingar taki ekki að glæðast á ný fyrr en núverandi magn óseldra íbúða taki að minnka. Fjöldi slíkra íbúða, sem upphaflega voru byggðar til sölu, hafa nú verið leigðar til lengri tíma, þannig að þær hafa horfið af sölumarkaðinum í bili. Þótt íbúðalánasjóður hafi haldið áfram að lána til íbúðakaupa, veltur mikið á því að bankakerfið hefji aftur eðlilega lánastarfsemi, sem væntanlega mun geta gerst á næstu mánuðum. Þá verður að hafa í huga að íbúðaverð fer enn lækkandi og hefur það ekki enn náð botni. Þá þarf að taka tillit til íbúðapróunar, en tölur um búferlaflutninga til miðs þessa árs sýna að nokkuð er um nettó brottflutning fólks af landinu, sem er viðsnúningur frá fyrri árum, en það vissulega hefur áhrif á eftirspurn eftir húsnæði.

Að teknu tilliti til ofangreindra þátta er áætlað að fjárfesting í íbúðarhúsnæði muni dragast enn frekar saman árið 2010 og ekki byrja að taka aftur við sér fyrr en á árunum 2011 og 2012. Í þessari spá er gert ráð fyrir að umfang slíkrar fjárfestingar verði nokkurn veginn það sama árið 2010 og það er í ár eða rétt innan við 2% af landsframleiðslu, sem er eitt lægsta hlutfall sem sést hefur undanfarin ár. Á komandi árum er spáð að fjárfesting í íbúðarhúsnæði rétti smám saman úr kútnum, þótt sú þróun verði líklega hægfara.

Fasteignaviðskipti eru með daufasta móti hvarvetna á landinu. Velta á íbúðamarkaði á höfuðborgarsvæðinu var 10,4 milljarðar króna á mánuði að meðaltali á fyrstu 10 mánuðum ársins 2008 en eftir það hrapaði veltan snarlega og var 4,7 milljarðar á mánuði að meðaltali frá nóvember 2008 til og

Mikill samdráttur í veltu á fasteignamarkaði

Íbúðafjárfesting í lágmarki



Mynd 13

Fasteignamarkaðurinn á höfuðborgarsvæðinu¹ 2005-2009

1. Breyting á sex mánaða meðaltali veltu og þriggja mánaða meðaltali raunverðs (míðað við vísitölu neysluverðs.)

Heimild: Hagstofa Íslands.

Fjárfesting hins opinbera dregst verulega saman

í biðstöðu með að greiða úr eignasafni sínu og munu í náninni framtíð þurfa að losa um slíkar fasteignir á skipulegan hátt. Þótt bankar séu ólíklegir til að setja íbúðasafn sitt í sölu þannig að verð lækki hratt af þeim sökum er viðbúið að það setji einhvern frekari þrýsting á verð fasteigna. Hið sama á við um atvinnuhúsnæði þar sem bankar eru nú með yfirráð á miklu húsnæði sem þeir verða að greiða úr í náninni framtíð.

Fjárfesting hins opinbera

Fjárfesting hins opinbera jókst um 0,8% að magni til árið 2008 og nam um 66 ma.kr samkvæmt endurskoðuðum tölum Hagstofu Íslands sem komu út um miðjan september. Fjárfesting ársins skiptist nánast jafnt milli ríkissjóðs og sveitarfélaga en verg fjármunamyndun ríkissjóðs var 31 ma.kr. á árinu meðan fjárfesting sveitarfélaganna var hærri, eða 35 ma.kr. Fjárfesting hins opinbera, þ.e. ríkis og sveitarfélaga, samanstendur að mestum hluta af ýmsum byggingar- og samgönguframkvæmdum, eins og vega- og gatnagerð, og fjárfestingu í vélum og tækjabúnaði. Fjárfesting ársins 2008 skiptist þannig að um 35 ma.kr. fóru til vega- og gatnagerðarframkvæmda, 23 ma.kr. í byggingarframkvæmdir og um 8 ma.kr. til annarrar fjárfestingar hins opinbera.

Gert er ráð fyrir að fjárfesting hins opinbera dragist saman á yfirstandandi ári vegna strangra aðhaldsaðgerða bæði ríkissjóðs og sveitarfélaga sem fela meðal annars í sér að mörgum framkvæmdum verður slegið á frest. Samkvæmt spánni mun samdrátturinn nema 32,5% að raungildi og fjárfesting ársins 2009 því nema um 52 ma.kr. í heild sinni. Samkvæmt spánni mun fjárfesting ríkissjóðs dragast saman um 8,3% að raunvirði og nema um 33,5 ma.kr. Fjárfestingarstig sveitarfélaga hefur verið hátt undanfarin ár, þá sérstaklega hjá sveitarfélögum á höfuðborgarsvæðinu og vaxtarsvæðinu¹. Fjárfestingar í skólakerfi, gatnagerð og íþróttamannvirkjum jukust undanfarin ár með auknum fjölda íbúa í sveitarfélögum og greiðum aðgangi að fjármagni. Líklegt er að dragi mjög úr slíkum framkvæmdum og ekki verði af öllum þeim áformum sem til stóðu þar sem aðgangur að lánsfé er mjög takmarkaður. Þannig er gert er ráð fyrir að fjárfesting sveitarfélaga dragist saman um 55,6% á árinu 2009 og nemi þar með tæpum 19 ma.kr. í lok árs.


Sökum nauðsynlegra aðhaldsaðgerða hjá hinu opinbera er áfram gert ráð fyrir töluverðum niðurskurði á næstu árum. Gert er ráð fyrir að fjárfesting hins opinbera dragist meira saman á næsta ári en á yfirstandandi ári eða um 36,5% að magni til og nemi um 35 ma.kr. yfir árið. Reiknað er með að raunsamdráttur fjárfestingar ríkissjóðs verði mun meiri á árinu 2010 en á yfirstandandi ári eða um 46,4%. Samkvæmt spánni mun fjárfesting sveitarfélaga áfram dragast töluvert saman eða um 38,6% á árinu 2010. Þá er gert ráð fyrir áframhaldandi samdrætti fjárfestingar hins opinbera á árinu 2011

¹ Vaxtarsvæðið er skilgreint sem sveitarfélög á svæðinu frá Borgarbyggð til Árborgar, Akureyrarkaupstaður, Fljótsdalshérað og Fjarðabyggð.

og að hann nemi 12,9%. Samkvæmt spánni verður 25,7% raunsamdráttur í fjárfestingu ríkissjóðs á árinu en um 1,6% hjá sveitarfélögunum.

Hlutfall fjárfestingar hins opinbera af VLF lækkar

Fjárfesting hins opinbera var 4,5% sem hlutfall af vergri landsframleiðslu árið 2008. Þrátt fyrir mikinn samdrátt í landsframleiðslu árin 2009 og 2010 er gert ráð fyrir að hlutfallið lækki í 3,5% árið 2009 og verði 2,2% árið 2010. Á árinu 2011 er gert ráð fyrir að hlutfallið lækki enn frekar og að það verði 1,9% af landsframleiðslu í lok árs en það hefur ekki verið jafn lágt svo áratugum skipti.




Mynd 14

Fjárfesting hins opinbera 1998-2011

Heimildir: Hagstofa Íslands og eigin spá.

UTANRÍKISVIÐSKIPTI

Viðskiptahallinn varð
42,2% af VLF árið 2008



Mynd 15

Viðskiptajöfnuður sem % af VLF 2000-2011

Heimildir: Hagstofa Íslands, Seðlabanki Íslands.

*Mikil viðsnúningur í
utanríkisviðskiptum
vegna lágs gengis
krónunnar*

Árið 2008 nam hallinn á viðskiptum við útlönd 42,2% af landsframleiðslu og er til kominn vegna gríðarlegs halla á jöfnuði þáttatekna, sérstaklega á fjórða ársfjórðungi. Er þetta mun meiri halli en gert var ráð fyrir í vorskýrslu ráðuneytisins en nokkuð ósamræmi hefur verið á mati Hagstofunnar og Seðlabanka Ís-

lands á jöfnuði þáttatekna sem að hluta skýrist af því hversu lengi það tekur Hagstofuna að uppfæra mat Seðlabankans á jöfnuðinum. Verður nánar fjallað um þetta síðar í kaflanum. Smávægilegur halli var á jöfnuði vöru og þjónustu eftir að samfelldur halli á undanförunum árum snerist í umtalsverðan afgang á fjórða ársfjórðungi við gengisfall krónunnar.

Verðmæti útfluttrar vöru jókst um rúmlega helming frá árinu áður. Framleiðsla áls vó þar þungt en framleiðslugeta Alcoa Fjarðaáls komst á fullt skrið á árinu. Þá var heimsmarkaðsverð áls lengst af hátt á árinu auk þess sem gengislækkun krónunnar jók verðmæti útflutningsgreinanna umtalsvert. Verðmæti útfluttra sjávarafurða jókst einnig töluvert á milli ára en verð íslenskra sjávarafurða í erlendri

mynt var mjög gott lengst af árinu. Nokkuð var um verslun með flugvélur 2008 þótt sú verslun hafi dregist saman á milli ára. Útflutt þjónusta jókst sömuleiðis umtalsvert sem skýrist fyrst og fremst af gengislækkun krónunnar en að magni til var lítillegur samdráttur. Verðmæti innfluttrar vöru jókst um fjórðung á milli ára en þrátt fyrir það dróst innflutningur saman um 17,6% að magni til. Ástæðuna má rekja til mikils samdráttar í þjóðarútgjöldum og þess að verðvísitala innflutnings hækkaði um nær helming í kjölfar gengislækkunar krónunnar og hækkunar á heimsmarkaðsverði olíu. Innflutt þjónusta tók snarpa dýfu á fjórða ársfjórðungi og dróst saman að magni til um nær fjórðung á árinu í heild.

Það sem af er ári hefur vöruútflutningurinn dregist meira saman en gert var ráð fyrir í spá ráðuneytisins frá því í vor. Loðnuvertíðin brást nánast algjörlega og nokkurrar sölutregðu gætti erlendis á íslenskum sjávarafurðum á fyrstu mánuðum ársins. Eftirspurn eftir íslenskum sjávarafurðum dróst saman í kjölfar alþjóðlegu fjármálakreppunnar þegar neytendur í helstu viðskiptalöndum Íslands færðu neyslu sína í ódýrari afurðir. Við það féll verðið í erlendri mynt hratt og þá helst á ferskum botnfisksafurðum. Frá því í mars árið 2009 hefur verðið í erlendri mynt haldist nokkuð stöðugt og má gera ráð fyrir að mesta lækkunarhrinin sé yfirstaðin. Það er þó nánast ógjörningur að spá fyrir um verðþróun sjávarafurða með nokkurri vissu þar sem framboðshliðin er mjög háð duttlungum náttúrunnar. Á móti hefur gengi íslensku krónunnar verið einkar hagkvæmt fyrir sjávarútveginn líkt og aðrar útflutningsgreinar. Framleiðsla áls hefur aukist það sem af er ári þar sem öll álverin eru nú í fullum afköstum. Heimsmarkaðsverð áls hríðféll í kjölfar alþjóðlegu fjármálakreppunnar þegar eftirspurn eftir álafurðum dróst saman. Að undanförunu hefur verðið hækkað nokkuð á ný og er mun hærra en helstu greiningaraðilar erlendis þorðu að spá fyrir í vor. Verslun með flugvélur er engin það sem af er ári en gögn varðandi viðskipti með flugvélur berast Hagstofunni jafnan seint. Annar útflutningur hefur aukist minna en spáð var og virðist sem hið lága gengi íslensku krónunnar sé ekki að nýtast öðrum útflutningsgreinum enn sem komið er. Útflutt þjónusta hefur aukist nokkuð það sem af er ári og þá helst útflutt ferðaþjónusta þótt fjöldi ferðamanna sem sækja landið heim sé svipaður og á sl. ári. Erlendir ferðamenn nýta sér aftur á móti lágt gengi krónunnar og versla mun meira en áður. Spáð er áframhaldandi vexti þjónustutekna þar sem lágu gengi krónunnar er spáð út spátímabilið og að alþjóðahagkerfið er óðum að vinna sig út úr efnahagskreppunni sem glæðir ferðamennsku á heimsvísu.

Það sem af er ári hefur vöruinnflutningurinn dregist saman um meira en 40% að magni til. Samdrátturinn er mestur í innflutningi flutningatækja hvort sem um ræðir fólkþjónustur til einkanota eða atvinnutæki en á móti hafa viðskipti með notaðar fólkþjónustur verið með besta móti. Innflutningur fjárfestingarvara hefur dregist saman um nær helming enda hafa nýframkvæmdir nánast stöðvast auk þess sem mörgum öðrum framkvæmdum hefur verið frestað um óákveðinn tíma. Innflutningur mat- og drykkj-


arvöru til heimilisnota dregst saman um ríflega fjórðung þrátt fyrir að eftirspurn eftir mat og drykk sé tiltölulega óteygjin og eykst neysla á innlendri framleiðslu á móti. Aðrar neysluvörur dragast flestar mun meira saman að magni til en þó ekki áfengi og tóbak en innflutningur á áfengi dregst saman um 15% og innflutningur tóbaks eykst lítillega. Verð innfluttra vara hefur aftur á móti hækkað gríðarlega og í samræmi við lækkun krónunnar sem gerir það að verkum að verðmæti innfluttra vara hefur einungis dregist saman um ríflega fimmtung það sem af er ári. Engu að síður er mikill afgangur á vöruskiptum við útlönd á fyrstu átta mánuðum ársins eða sem nemur 52,4 ma.kr. en á sama tíma á sl. ári var halli á vöruskiptunum sem nam 65,2 ma.kr. Það sem af er ári hefur innflutt þjónusta dregist saman um fimmtung og þar af er samdrátturinn mestur í innfluttri ferðaþjónustu. Íslendingar ferðast mun minna út fyrir landsteinana en áður og eyða auk þess minna. Ekki er gert ráð fyrir að þjónustugjöldin aukist fyrr en líða tekur á spátímabilið samfara styrkingu á gengi krónunnar og hækkun á kaupmætti ráðstöfunartekna.

Á næsta ári er spáð að útflutningur í heild aukist lítillega. Mikil óvissa er varðandi komandi loðnuvertíð og er spáð að útflutningur sjávarafurða verði svipaður og í ár sem og útflutningur stóriðju. Spáð er að annar útflutningur muni aukast nokkuð í kjölfar veikrar stöðu krónunnar. Ekki er gert ráð fyrir verslun með notuð skip og flugvélar í spánni. Innflutningur mun dragast saman lítillega þar sem samdráttur einkaneyslu dregur úr almennum innflutningi en á móti mun sérstakur innflutningur aukast í kjölfar aukinna framkvæmda í stóriðju. Árið 2011 er spáð lítillegum vexti í útflutningi á ný þegar búast má við auknum álútflytningi auk þess sem enn er gert ráð fyrir vexti í öðrum útflutningi sem er mjög háður stöðu krónunnar. Innflutningi er spáð aukningu á ný 2011 í kjölfar aukinnar innlendrar eftirspurnar og auknum krafti í framkvæmdunum í Helguvík. Spáð er myndarlegum afgangi á vöruskiptajöfnuði á spátímabilinu.

Samkvæmt uppfærðu mati Hagstofu Íslands nam hallinn á jöfnuði þáttatekna 577,1 ma.kr. árið 2008 og margfaldaðist á milli ára. Á undanföllum árum hefur jöfnuður þáttatekna verið að þróast til verri vegar með síauknum erlendum skuldum þjóðarbúsins og hærri nettó vaxtagjöldum. Í kjölfar fjármálakreppunnar hefur síðan bæst við stóraukinn neikvæður endurfjárfestur hagnaður vegna mikils taprekstrar erlendra fyrirtækja í eigu innlendra aðila (sjá nánar um endurfjárfestun hagnað í rammagrein 5 í Þjóðarbúskapurinn - Vorskýrsla 2008). Mikil óvissa er varðandi þróun þáttatekna á næstu misserum á meðan það uppgjörstímabil sem hófst með falli bankanna gengur yfir. Til lengri tíma er þó ljóst að mjög há vaxtagjöld af erlendum skuldum mun hafa þau áhrif að hallinn verður umtalsverður á næstu árum sem mun draga úr jákvæðum áhrifum vöruskipta á viðskiptajöfnuðinn.


Samkvæmt uppfærðu mati Hagstofu Íslands nam hallinn á jöfnuði þáttatekna 577,1 ma.kr. árið 2008 og margfaldaðist á milli ára. Á undanföllum árum hefur jöfnuður þáttatekna verið að þróast til verri vegar með síauknum erlendum skuldum þjóðarbúsins og hærri nettó vaxtagjöldum. Í kjölfar fjármálakreppunnar hefur síðan bæst við stóraukinn neikvæður endurfjárfestur hagnaður vegna mikils taprekstrar erlendra fyrirtækja í eigu innlendra aðila (sjá nánar um endurfjárfestun hagnað í rammagrein 5 í Þjóðarbúskapurinn - Vorskýrsla 2008). Mikil óvissa er varðandi þróun þáttatekna á næstu misserum á meðan það uppgjörstímabil sem hófst með falli bankanna gengur yfir. Til lengri tíma er þó ljóst að mjög há vaxtagjöld af erlendum skuldum mun hafa þau áhrif að hallinn verður umtalsverður á næstu árum sem mun draga úr jákvæðum áhrifum vöruskipta á viðskiptajöfnuðinn.

Mikill samdráttur í vöruinnflutningi það sem af er árs



Mynd 16
Endurfjárfestur hagnaður erlendra fyrirtækja í eigu innlendra aðila (þáttatekjur) 2005-2009


Heimild: Seðlabanki Íslands.



Mynd 17
Endurfjárfestur hagnaður innlendra fyrirtækja í eigu erlendra aðila (þátttagjöld) 2005-2009

Heimild: Seðlabanki Íslands.

Eins og áður kom fram hefur verið nokkuð ósamræmi á mati Hagstofunnar og Seðlabanka Íslands á jöfnuði þáttatekna fyrir 2008 en samkvæmt nýlega uppfærðu mati Hagstofunnar nemur hallinn nú 577,1 ma.kr. í stað 460,5 ma.kr. frá því í vor. Gerir Hagstofa Íslands reyndar fyrirvara á þessu mati og bendir á að sérstök ástæða sé að skoða tvo liði nánar í útreikningum Seðlabankans sem matið er byggt á. Annars vegar eru það tekjur og gjöld af ávöxtun hlutafjár og hins vegar meðferð á tekjum af verbréfaeign.



Mynd 18
Þróun vaxtatekna og -gjalda af skuldabréfum 2005-2009

Heimild: Seðlabanki Íslands.

Varðandi fyrri liðinn hefur Hagstofan fyrirvara á meðferð Seðlabankans á verðhækkunarágóða eða -tapi við mat á hlutdeild eigenda fyrirtækja í hagnaði ársins. Í skilningi þjóðhagsreikninga á slíkur ágóði eða tap ekki að koma inn í þáttatekjur en hefur áhrif á eignastofninn til hækkunar eða lækkunar. Varðandi seinni liðinn telur Hagstofan að seðlabankinn hafi einnig vanmetið vaxtatekjur innlendra aðila í erlendum verðbréfum og þá fyrst og fremst í verðbréfasjóðum. Telur stofnunin að bókfæra eigi ávöxtun slíkra sjóða líkt og um beina erlenda fjárfestingu sé að ræða en slíkt er ekki gert í mati Seðlabankans í dag. Samkvæmt þessu gæti bankinn verið hvort tveggja að vanmeta


þáttatekjurnar og ofmeta gjöldin. Sérstaklega á þetta við á árinu 2008 en Hagstofan telur líklegt að verulegt verðlækkunartap hafi ranglega verið fært til lækkunar á þáttatekjum sem hefði að réttu átt að koma til lækkunar á eignastofninum erlendis.

Rekstraraðstæður fyrirtækja eru erfiðar um þessar mundir þar sem mikill samdráttur hefur verið í eftirspurn. Á móti hefur aðgengi fyrirtækja að hæfu starfsfólki batnað og launakjör eru þeim hagstæðari en áður. Fyrirtæki í útflutningi njóta góðs af veikri krónu og útflutningsverðmæti þeirra er yfir höfuð hátt. Fyrirtæki með stóran hluta lána sinna og tekna í erlendri mynt eiga ekki í sérstökum vandræðum. Aðra sögu er að segja af fyrirtækjum með lán í erlendri mynt en tekjur í krónum. Þau þurfa nú að fást við afleiðingar af lækkun á gengi krónunnar, en skuldastaða þeirra hefur versnað til muna. Hátt vaxtastig á lánum í krónum rýrir möguleika til hagkvæmrar endurfjármögnunar. Veiking krónunnar auk mikillar eignaverðslækkunar hefur skert efnahagsreikninga margra fyrirtækja umtalsvert.

Viðhorfskönnun Capacent Gallup í maí sl., um stöðu og framtíðarhorfur 500 stærstu fyrirtækja á Íslandi benti til mikillar svartsýni á horfur í efnahagslífinu. Þá var vísitala efnahagslífsins í lágmarki og mældist 0 stig en vísitalan nær frá 0 upp í 200 stig og túlka má 100 stig þannig að jafnmargir séu jákvæðir og neikvæðir. Allir forráðamenn fyrirtækjanna töldu aðstæður í efnahagslífinu frekar eða mjög slæmar og voru niðurstöðurnar svipaðar hvort sem fyrirtækin eru á höfuðborgarsvæðinu eða af landsbyggðinni. Sama átti við eftir því í hvaða atvinnugrein fyrirtækin eru. Þegar forráðamenn fyrirtækjanna voru beðnir að horfa sex mánuði fram í tímann voru niðurstöðurnar einnig mjög neikvæðar og mældist þá vísitala efnahagslífsins 36 stig en hún mældist 93 stig í könnun í mars sl. Því hafði þeim fækkað sem töldu að aðstæður í efnahagslífinu myndu batna á næstu sex mánuðum. Forráðamenn fyrirtækja á höfuðborgarsvæðinu voru eilítið bjartsýnni en forráðamenn fyrirtækja á landsbyggðinni. Forráðamenn fyrirtækja í fjármála- og tryggingastarfsemi voru einna bjartsýnastir og mælist vísitala þeirra 75 stig sem þó þýðir að færri en fleiri telja að aðstæður í efnahagslífinu muni batna á næstu sex mánuðum. Forráðamenn fyrirtækja í bygginga- og veitustarfsemi voru aftur á móti svartsýnastir og mældist vísitala þeirra 0 stig.

Með tilkomu álvers Alcoa Fjarðaáls er heildarframleiðslugeta álvera hér á landi nú tæplega 800 þúsund tonn á ári. Framkvæmdir við nýtt álver Norðuráls við Helguvík eru hafnar en ganga hægar en gert hafði verið ráð fyrir. Ráðgert er að reisa álverið í fjórum áföngum og verður framleiðslugeta þess fullbúins um 360 þúsund tonn. Fyrirhugað er að álverið í Straumsvík auki framleiðslugetu sína um 40 þúsund tonn á ári á næstu árum en til þess að svo geti orðið þarf meiri orku sem líklegast kemur frá Búðarháls-virkjun, en fyrir liggur samningur um kaup á raforku frá Landsvirkjun. Öll leyfi liggja fyrir um framkvæmd virkjunarinnar en dregist hefur að ljúka fjármögnun verkefnisins. Miðað við umsóknir um losunarheimildir má búast við að álver Alcoa Fjarðaál og álver Norðuráls á Grundartanga auki framleiðslugetu sína um 30-40 þúsund tonn hvort í náinni framtíð en ekki er gert ráð fyrir því í spánni þar sem ákvarðanir liggja ekki fyrir.


Rekstraraðstæður fyrirtækja erfiðar



Mynd 19
Heildarvelta atvinnuveganna 1998-2008


Heimild: Hagstofa Íslands.

Vísitala efnahagslífsins í lágmarki



Mynd 20
Vísitala efnahagslífsins september 2002 - maí 2009

Heimild: Capacent Gallup.



Mynd 21

Þróun heimsmarkaðsverðs á áli 1995-2014

Heimildir: EcoWin Reuter og eigin spá.

Álverð að hækka á ný

Rekstrarskilyrði sjávarútvegsins blendin

Hrun í loðnuveiði

Nýlega tók til starfa ný aflþynnuverksmiðja á Krossanesi við Akureyri. Ráðgert er að verksmiðjan verði komin í fulla framleiðslugetu við lok næsta árs og um 90 starfsmenn muni þá starfa hjá fyrirtækinu. Raforkuþörf þess verður um 600 GWh á ári sem samsvarar um 75 MW aflgetu. Er ráðgert að stækka verksmiðjuna enn frekar í kjölfarið en fyrirtækið er að hluta í eigu innlendra aðila. Í lok september ákvað ríkisstjórnin að endurnýja ekki viljayfirlýsingu ríkisins, Alcoa og sveitarfélagi Norðurþings um álversuppbyggingu á Bakka við Húsavík. Áfram er þó stefnt að því að orkufrekur iðnaður rísi á svæðinu á næstu árum þar sem þegar hefur verið ráðist í framkvæmdir við að nýta hinn mikla jarðhita á svæðinu. Fyrirhugað er að reisa

viðamikil gagnaver á Blönduósi en endanleg ákvörðun liggur ekki fyrir og því er ekki gert ráð fyrir þeirri framkvæmd í spánni. Ef af framkvæmdinni verður má gera ráð fyrir að hún gæti hafist á næsta ári og skapað um 2 þúsund ársverk. Reiknað er með að 100 starfsmenn myndu vinna við verið ef það tæki til starfa.

Heimsmarkaðsverð á áli hefur sveiflast mikið á undanförunum misserum. Verðið náði hámarki á miðju ári 2008 en hríðféll í kjölfar gríðarlegs eftirspurnarskells á álafurðum frá því að fjármálakreppan skall á. Að undanförunu hefur verðið hækkað nokkuð aftur og er nú hærra en gert var ráð fyrir í þjóðhagsspá fjármálaráðuneytisins í vor sl. Engu að síður er um talsverða lækkun álverðs að ræða frá fyrra ári, sem hefur áhrif til að lækka útflutningsverðmæti greinarinnar. Álfyrirtækin draga úr áhættu hvað slíkar verðbreytingar varðar með kaupum á framvirkum sölusamningum á áli á málmmarkaðinum í London (e. London Metal Exchange). Með því er álverð framleiðenda ákveðið fram í tímann. Hið lága álverð kemur sér illa fyrir orkuiðnaðinn en raforkuverð til álvera eru oft tengt álverði á heimsmarkaði. Á móti jafna orkufyrirtækin út áhættu sína með framvirkum samningum. Í þjóðhagsspá ráðuneytisins um þróun álverðs er byggt á framvirkum verðum á markaðnum í London.

Rekstrarskilyrði sjávarútvegsins eru blendin um þessar mundir. Sjávarútvegurinn, líkt og aðrar útflutningsgreinar, nýtur góðs af lágu gengi krónunnar en á móti lækkaði verð íslenskra sjávarafurða í erlendri mynt umtalsvert í kjölfar fjármálakreppunnar. Verð ferskra botnfisksafurða, eins og þorsks, lækkaði mest þegar neytendur færðu sig í auknum mæli í ódýrari frystar afurðir. Sú lækkunarhrina virðist þó yfirstaðin og hefur verðið haldist nokkuð stöðugt undanfarna mánuði. Lágt gengi krónunnar eykur einnig erlendar skuldir greinarinnar í krónum talið og vaxtabyrðina að því leyti sem lánin eru í krónum, auk þess sem hátt olíuverð gerir rekstrarstöðu greinarinnar enn erfiðari.

Lítill sem engin loðna veiddist á síðastliðinni loðnuvertíð og ríkir töluverð óvissa um komandi vertíð í byrjun næsta árs. Þá telur Hafrannsóknarstofnun að um þriðjungur íslensku sumargotssíldarinnar hafi drepist í vetur sem leið vegna sýkingar og er mikil óvissa með veiðar úr stofninum nú í haust. Árið 2008 veiddust um 170 þúsund tonn af íslenskri sumargotssíld og nam aflaverðmætið tæplega 4,6 ma.kr. og er ljóst að sjávarútvegurinn má illa við miklum aflabresti úr stofninum í ár. Veiðar úr norsk-íslenska stofninum hafa aftur á móti gengið vel og veiðist stór hluti aflans nú innan íslenskrar lögsögu. Hafa veiðar á norsk-íslenskri síld innan íslenskrar lögsögu aukist jafnt og þétt frá 2004 sem helst í hendur við stóraukna gengd makríls inn í íslenska lögsögu. Líkt og á sl. ári hefur veiðst mikið af makríl innan lögsögunnar á árinu og er svo komið að veiðar eru nú einungis heimilaðar sem meðafli með norsk-íslensku síldinni. Veiðar á okkar helsta nytjafiski þorski hafa gengið vel en gefið var út viðbótaraflamark í janúar sl. sem jók heildaraflamark nýliðins


fiskveiðiárs í 160 þúsund tonn. Aflamark þorsks á yfirstandandi fiskveiðiári, sem hófst 1. september, er 150 þúsund tonn. Þá hefur aflamark á ýsu verið skorið niður um þriðjung og er 63 þúsund tonn og aflamark á ufsa dregst saman um 15 þúsund tonn á milli fiskveiðiára.

Gjaldþrotum fyrirtækja hefur fjölgað í kjölfar samdráttar í eftirspurn og erfiðra rekstrarskilyrða. Á fyrri hluta ársins fóru 541 fyrirtæki í þrot en á sama tíma árið 2008 fóru 450 fyrirtæki í þrot samkvæmt upplýsingum Hagstofu Íslands. Á fyrri helmingi ársins 2008 urðu flest gjaldþrot fyrirtækja í byggingarstarfsemi og mannvirkjagerð, eða 145 talsins. Í heild- og smásöluverslun fóru 99 fyrirtæki í þrot á sama tíma. Þá hefur verið mikil fjölgun gjaldþrota hjá fyrirtækjum í fjármála- og váttryggingastarfsemi.

Ferðaiðnaðurinn nýtur góðs af lágu gengi krónunnar og erlendir ferðamenn nýta sér nú í auknum mæli hagstæð kjör hér á landi. Fjöldi erlendra ferðamanna það sem af er ári er þó svipaður og í fyrra enda hefur samdráttur orðið í efnahagslífi flestra okkar helstu viðskiptaríkja og það dregið mjög úr ferðamennsku. Gera má ráð fyrir að þjónustutekjur vegna erlendra ferðamanna vaxi á næstu árum þegar uppsveifla hefst á ný, sérstaklega ef spá um áframhaldandi veikt gengi íslensku krónunnar gengur eftir á komandi árum.

Í kjölfar hruns íslensku bankanna í október 2008 stofnsetti ríkið þrjá nýja banka til að taka yfir meginhluta innlendrar bankastarfsemi. Innistæður í útibúum hér á landi voru fluttar yfir í nýju banka ásamt útlánum íslensku útibúanna. Íslensk stjórnvöld skuldbundu sig til að tryggja að mismunur yfirfærðra eigna og skulda yrði bættur kröfuhöfum gömlu bankanna og um leið var ljóst að fjármagna þurfti rekstur nýju bankanna af hálfu ríkisins sem eiganda þeirra. Á undanförunum mánuðum hefur verið unnið markvisst með skilanefndum gömlu bankanna við að ganga frá uppgjöri á milli gömlu og nýju bankanna og er þeirri vinnu nú lokið. Fyrir liggur samningur á milli stjórnvalda, Íslandsbanka og skilanefndar Glitnis um uppgjör á milli gamla og nýja bankans, sem bíður endanlegs samþykkis kröfuhafanna. Byggist hann á því að erlendir kröfuhafar gamla bankans eignist 95% hlut í nýja bankanum eða fái greiðslu í formi skuldabréfs og kauprétt á allt að 90% hlut í bankanum á árunum 2011-2015. Stjórnvöld hafa einnig undirritað samning við Kaupþing og skilanefnd gamla Kaupþings varðandi endurfjármögnun bankans og uppgjör á milli gamla og nýja bankans. Samkvæmt því gefst erlendum kröfuhöfum gamla bankans kostur á að eignast 87% hlut í nýja bankanum en samningarnir eru háðir fyrirvara um niðurstöðu áreiðanleikakönnunar á bankanum og samþykki Fjármála- og Samkeppniseftirlits. Með erlendu eignarhaldi munu Íslandsbanki og Kaupþing aftur verða beintengdir alþjóðlegu fjármálakerfi en meðal kröfuhafa bankanna eru margar rótgrónar og öflugar fjármálastofnanir. Þá hefur náðst verulegur árangur í samningaviðræðum við skilanefnd Landsbankans en samsetning kröfuhafahóps gamla bankans er töluvert frábrugðin því sem er í hinum bönkunum vegna vægis opinberra aðila. Er gert ráð fyrir því að Landsbankinn verði áfram í eigu ríkisins. Mikilvægt er að endurskipulagning nýju bankanna takist sem best og að atvinnulífið fái fljótt aðgang að traustu bankakerfi með góðu aðgengi að erlendum lánsfjármörkuðum og viðunandi vaxtastigi.


Gjaldþrotum fyrirtækja fjölgar



Mynd 22

Verðvísitala sjávarafurða í erlendri mynt 1995-2014

Heimildir: Hagstofa Íslands og eigin spá.




Mynd 23

Þróun olíuverðs í bandaríkjadólar á tunnu 1998-2014

Heimildir: EcoWin Reuter og eigin spá.

VINNUMARKAÐUR

Umskipti í íbúapróun og óvissa um framhaldið



Mynd 24
Búferlaflutningar milli landa eftir ríkisfangi


Heimildir: Hagstofa Íslands og eigin spá.

Mikil umskipti hafa orðið í íbúapróun landsins á þessu ári líkt og á flestum öðrum sviðum. Undanfarin 3 ár hefur aðflutningur auk fjölgunar fæddra umfram dána leitt til þess að mannfjöldun hefur verið yfir 2% á ári. Á miðju ári

2009 var mannfjöldi síðan örlítið minni en hafði verið árið áður. Þarna eiga búferlaflutningar stærstan hlut að máli enda er ekkert lát á fæðingum. Fæðingarárgangur yfirstandandi árs gæti þannig orðið sá fjölmennasti í sögunni. Þrátt fyrir yfirvofandi samdrátt var mjög mikill aðflutningur erlendra ríkisborgara til landsins í fyrra en brottflutningur þeirra hafði þá farið vaxandi þrjú ár í röð. Var það að vonum þar sem allmargir erlendir starfsmenn fylgdu virkjana- og stóriðjuframkvæmdum sem þá voru að mestu yfirstaðnar. Nú er því spáð að brottfluttir erlendir ríkisborgarar í ár verði nokkru færri en í fyrra en þó upp undir 5.000 manns. Mun meira hefur dregið úr aðflutningi þeirra sem þó er talinn munu nema um 3.000 manns. Eins og

gjarna hefur gerst á fyrri samdráttartímum hefur brottflutningur íslenskra ríkisborgara aukist meðan aðflutningurinn dregst saman. Er nú gert ráð fyrir að samtals nemi brottflutningur umfram aðflutning á árinu um 3.000 manns og skiptist jafnt milli íslenskra og erlendra ríkisborgara. Þetta er sýnt á mynd 24. Erfitt er að spá fyrir um íbúapróunina til lengri tíma. Reikna verður með því að erlendum ríkisborgurum fækki hægt meðan mikill hluti þeirra heldur bótarétti sínum en það verður næstu 2-3 ár. Brottflutningi íslenskra ríkisborgara er erfiðara að spá en hann hefur mestur orðið rúmlega 3.500 manns á einu ári, árið 1995 og yfir 3.400 árið á eftir. Í ár er mögulegt að enn fleiri flytjist héðan.

Atvinnuþátttaka hefur dregist saman



Mynd 25
Ársvöxtur vinnumagns
2. ársfj. 2006 - 2. ársfj. 2009

Heimild: Vinnumarkaðskannanir Hagstofu Íslands.

Atvinnuþátttaka hefur dregist saman. Í vinnumarkaðskönnun Hagstofunnar (VMK) fyrir 2. ársfjórðung í ár mældist hún 81,9%, 2,1 prósentum lægri en fyrir ári og hefur ekki mælst jafn lág frá því ársfjórðungskannanirnar voru teknar upp. Atvinnuþátttakan hafði lækkað meira hjá körlum en konum og meira hjá yngstu og elstu þátttakendum á vinnumarkaði en 25-54 ára. Hún hefur dregist meira saman á landsbyggðinni en höfuðborgarsvæðinu.

Ein mikilvægasta breytingin sem átt hefur sér stað á vinnumarkaðinum, fyrir utan aukið atvinnuleysi, sem fjallað verður sérstaklega um hér fyrir neðan er breytingin á vinnutíma. Á öðrum ársfjórðungi í ár hafði meðalvinnutími dregist saman um 6,6% frá því fyrir ári. Á fyrsta ársfjórðungi hafði hann minnkað um 5%. Þegar fjöldi á vinnumarkaði, atvinnuþátttaka og vinnutími eru skoðuð í samhengi sést breyting í heildar vinnumagni og hún er sýnd á mynd 25. Þar má sjá að á fyrsta ársfjórðungi í ár var vinnumagn, skilgreint sem margfeldi fjölda á vinnumarkaði, atvinnuþátttöku og meðalvinnutíma, rúmlega 9% minna en hafði verið árinu áður. Á öðrum ársfjórðungi var samdrátturinn orðinn 14,4%. Þetta var þriðji ársfjórðungurinn í röð þar sem vinnumagn hafði dregist saman og sá samdráttur hefur farið stöðugt vaxandi. Þessi framvinda hefur að sjálfsögðu gríðarlega mikil áhrif á laun og þar með ráðstöfunartekjur, ásamt skatttekjum ríkissjóðs af tekjuskatti og tryggingagjaldi.

Rammagrein 3: Tekjuskattar

Sérstakur fjármagnstekjuskattur var lagður á tekjur ársins 1997 og síðan þá hafa tekjur landsmanna verið skattlagðar á tvennan hátt. Almennar tekjur eru skattlagðar með tiltekinni skattprósentu sem hefur verið nokkuð breytileg og samanstendur af tekjuskatti til ríkisins og útsvari til sveitarfélaga. Frá þeim skatti sem þannig reiknast dregst persónuafsláttur. Fjármagnstekjur eru hins vegar skattlagðar með 10% skatti sem rennur í ríkissjóð. Frá honum er enginn frádráttur nema þar sem einstaklingar hafa litlar almennar tekjur. Fjármagnstekjuskattur er brúttóskattur þar sem meðal annars verðbætur á innlánnum reiknast til tekna og það hefur verið veigamesta röksemdin fyrir því að skatthlutfallið er mun lægra en af öðrum tekjum.

Vegna þess hvernig hið almenna tekjuskattkerfi er uppbyggt byrja skattgreiðendur að greiða mjög lágt hlutfall tekna í skatt en hlutfallið fer stöðugt vaxandi með tekjum. Þannig má segja að í hinu almenna tekjuskattkerfi séu óendanlega mörg skattþrep þar sem skatthlutfallið nálgast skattprósentuna eftir því sem tekjur verða meiri. Öðru máli gegnir um fjármagnstekjuskattinn. Þar er skatthlutfallið það sama á fyrstu og síðustu krónunni.


Tekjur fólks hafa verið mismunandi samsettar af almennum tekjum og fjármagnstekjum og eitt af því sem hefur einkennt tekjuþróun undanfarinna ára er að vægi fjármagnstekna hefur farið vaxandi. Bankahrunið og afleiðingar þess munu að sjálfsögðu breyta þessu og draga úr vægi fjármagnstekna, a.m.k. um sinn en jafnframt er líklegt að samsetning fjármagnstekna muni breytast, þar sem vægi söluhagnaðar hlutabréfa muni verða minna en vægi vaxtatekna af innistæðum meira.

Árið 2008 höfðu fjármagnstekjur dregist töluvert saman miðað við árið á undan en voru engu að síður töluverðar. Framtalin tekjuskattstofn landsmanna fyrir árið 2008 nam 804 milljörðum króna og þá hefur verið tekið tillit til frádráttarliða sem námu 55 milljörðum. Fjármagnstekjur námu alls 194 milljörðum, tæplega 20% af öllum skattskyldum tekjum.

Á myndinni hér fyrir neðan má sjá hvernig samsetningu og skattlagningu tekna ársins 2008 er háttað eftir því hversu miklar þær voru. Um er að ræða allar tekjur og heildartekjuskatt, þ.e. útsvar, tekjuskatt og fjármagnstekjuskatt. Myndin sýnir upplýsingar fyrir hjón og sambýlisfólk en tölur um einstaklinga litast mjög af því að mikill fjöldi unglinga telur fram til skatts en er með litlar sem engar tekjur. Á myndinni hefur öllum hjónum verið raðað í 100 jafnfjölmenna hópa og þeim er raðað eftir því hversu miklar heildartekjur þeirra eru. Myndin sýnir glögglega hvernig skattkerfið virkar: hlutfall skatta hækkar með hækkandi tekjum en nær hámarki sem er um 24%. Fyrir ofan það lækkar hlutfall skatta af heildartekjum. Skýringin er sú að eins og sjá má á myndinni fer hlutfall fjármagnstekna vaxandi eftir því sem heildartekjur hækka. Þegar það nær um fimmtungi af heildartekjum fer lægra skatthlutfall fjármagnstekjuskatts að draga niður heildarskatthlutfallið. Í allra efstu tekjuflokkunum hríðfellur skatthlutfallið enda er samsetning tekna þar þannig að fjármagnstekjur eru yfirgnæfandi hluti heildartekna.

Myndin sýnir að fjármagnstekjur eru nokkurn veginn stöðugt hlutfall heildartekna hjá langflestum. Fimmtu hver hjón eru með yfir 10% af heildartekjum af fjármagnseign og hjá 8% er yfir 20% af tekjum þannig til komið. Hjá tveimur prósent hjóna er yfir helmingur tekna fjármagnstekjur en þess ber að geta að þessi hópur er með rétt tæpan helming allra fjármagnstekna hjóna.

Stjórnvöld íhuga nú að samræma skattlagningu fjármagnstekna annarri skattlagningu.



Mynd 1
Hlutfall skatta og fjármagnstekna af skattskyldum tekjum eftir hlutfallsbilum 2008

Hjónum raðað í 100 jafn fjölmenna hópa eftir heildartekjum frá lægstu til hæstu tekna. Í hverju hlutfallsbili eru 623 hjón.

Heimild: Ríkisskattstjóri.

*Atvinnuleysi hefur ekki
aukist eins mikið og
óttast var ...*

*... en verður meira en
nokkru sinni fyrir áður en
það lækkar á ný*

Atvinnuleysi fór að aukast fyrir alvöru í október 2008 samkvæmt skráningum Vinnumálastofnunar og þess sáust síðan merki í VMK á fjórða ársfjórðungi í fyrra. Skráða atvinnuleysið jókst svo hraðar og varð meira en nokkru sinni fyrr. Í apríl mældist skráð atvinnuleysi 9,1% af áætluðum mannafla og í lok mars voru 16.822 skráðir án atvinnu. Þess ber að geta að hluti hópsins er í svo kölluðu hlutaatvinnuleysi og því ekki algerlega án atvinnu. Skráðum atvinnulausum hefur síðan fækkað nokkuð enda eykst atvinna alltaf yfir sumarmánuðina. Raunar varð atvinnuleysi meðal skólafólks minna en óttast hafði verið. Enda þótt VMK mæli atvinnuleysi með nokkuð öðrum hætti en Vinnumálastofnun skráir það var niðurstaðan sú að á öðrum ársfjórðungi í ár var 9,1% vinnuafsisins án atvinnu þar líka. Atvinnuleysi er mun meira meðal karla en kvenna og meira á höfuðborgarsvæðinu en utan þess. Það endurspeglar það hvar samdrátturinn í byggingarstarfsemi og einkaneyslu-greinum hefur komið harðast niður. Það er langmest meðal yngsta aldershópsins og fer minnkandi með aldri.

Reiknað er með því að botninum í atvinnustarfsemi verði ekki náð fyrr en á næsta ári. Því má búast við að vinnumagn dragist enn saman um sinn þótt grunnáhrif muni leiða til þess að hlutfallslegur samdráttur milli ársfjórðunga á eftir að minnka. Vegna árstíðaráhrifa má búast við að atvinnuleysi taki að aukast á nýjan leik eftir því sem líður á haustið og í þessari spá er reiknað með að það haldi áfram að vera mjög hátt á næsta og jafnvel þar næsta ári. Það er ástand sem íslenskt samfélag hefur aldrei lent í áður og því er ekki á neinni reynslu að byggja varðandi það hvernig landsmenn muni bregðast við því.

LAUN OG RÁÐSTÖFUNARTEKJUR

Í febrúar 2008, þegar mikið samdráttarskeið var hafið, gerðu aðilar á almennum vinnumarkaði með sér kjarasamning sem gilda átti, að uppfylltum skilyrðum, til 30. nóvember 2010. Til að ná þessum samningi var farið fram á aðkomu stjórnvalda. Aðrir samningar sem fylgdu í kjölfarið voru á svipuðum nótum. Forsendur fyrri samninga sem gilda áttu til 2010, brustu á vor- og sumarmánuðum 2008 þegar gengi krónunnar féll umtalsvert.

Ákveðið var að fresta fram á sumar endurskoðun kjarasamninga á almennum vinnumarkaði sem koma átti til í upphafi árs 2009. Meðal annars var flestum taxtahækkunum frestað til að sjá betur hvert stefndi í efnahagsmálum. Í endurskoðuðum kjarasamningi í júní var samið um lítilsháttar hækkun lægstu taxa 1. júlí 2009 til handa þeim sem ekki höfðu fengið hækkun 1. mars sl. Þá verða lítilsháttar skilyrtar hækkanir 1. nóvember sem munu hafa óveruleg áhrif á launamælingar. Að síðustu verða óskilyrtar hækkanir kaupgjalds 1. júní 2010.


Síðustu ár hefur launavísitala opinberra starfsmanna annars vegar og starfsmanna á almennum vinnumarkaði þróast með líkum hætti. Í upphafi árs 2008 voru opinberir starfsmenn nokkuð á eftir almenna markaðnum í launahækkunum. Frá þeim tíma hafa hlutirnir snúist við, þannig að hækkanir á launum opinberra starfsmanna hafa náð hækkunum á almennum markaði, og farið aðeins fram úr þeim, en launavísitala á almennum markaði hækkaði einungis um 1,2% á öðrum ársfjórðungi 2009 borið saman við sama ársfjórðung ári áður. Fjármálaráðuneytið gerir ráð fyrir að launavísitala hækki að meðaltali um 3,5% árið 2009. Þetta er lág tala í sögulegu samhengi en há miðað við launaþróun á almennum markaði. Margt ber að gæta í því samhengi. Samsetning launavísitölunnar gefur opinberum starfsmönnum meira vægi en hlutfall þeirra á vinnumarkaði segir til um, en það skýrir að stórum hluta hvers vegna launavísitalan hefur í heild hækkað meira en laun á almennum vinnumarkaði. Þá ber að geta þess að sjómenn eru ekki í launavísitölunni, en þeir njóta nú verulega betri kjara en almennir launþegar. Bankamenn eru heldur ekki í launavísitölunni en kjör margra þeirra hafa líklega versnað til muna.

Ekki má gleyma því að þó launavísitalan hafi hækkað lítillega, þá hafa launatekjur í reynd lækkað. Launavísitalan breytist ekki þó nýir starfsmenn séu ráðnir á lakari kjörum en þeir sem fyrir eru, og ekki heldur þó að vinnutími og þar með það vinnumagn sem greitt er fyrir, þ.e.a.s. launatekjurnar, hafi dregist saman. Jafnframt getur launavísitalan hækkað við það að launamenn verði atvinnulausir jafnvel þótt viðkomandi beri minna úr bítum eftir breytinguna. Það tengist því að meirihluti þeirra sem missir atvinnuna er með laun undir meðaltali en atvinnuleysisbætur eru ekki taldar með í launavísitölunni.

Ljóst er að samningsstaða flestra launþega er orðin nokkuð veik. Það á ekki síst við um opinbera starfsmenn sem, utan BSRB, er að mestu ósamið við. Opinberir starfsmenn sem fá laun samkvæmt úrskurði kjararáðs hafa margir mátt sæta lækkan launa. Þá hefur ríkisstjórnin ennfremur ákveðið að lækka laun þeirra ríkisstarfsmanna sem eru með laun umfram 400 þúsund krónur á mánuði. Þrátt fyrir það áætlað fjármálaráðuneytið að launavísitalan hækki að meðaltali um 2,6% árið 2010.

Eins áður er vikið að hafa launatekjur dregist talsvert saman. Ráðstöfunartekjur í krónum talið hafa þrátt fyrir það því sem næst staðið í stað. Veldur þar mestu að séreignasparnaður hefur verið tekinn út í talsverðum mæli bæði

Launavísitalan hækkar þó meðallaunatekjur lækki




Mynd 26

Launaþróun 2000-2009

Heimildir: Hagstofa Íslands og Vinnumálastofnun.

Kaupmáttur ráðstöfunartekna heldur áfram að dragast mikið saman



samkvæmt rýmkuðum rétti þeirra sem eldri eru og sérstökum takmörkuðum og tímabundnum rétti allra til útgreiðslu séreignarlífeyrissparnaðar. Árið 2010 verður áframhaldandi úttekt á séreignarsparnaði en kaupmáttur launa heldur áfram að rýrna jafnframt því að reikna má með að aðhaldsaðgerðir í ríkisfjármálum og skattahækkanir muni skerða ráðstöfunartekjur umtalsvert. Þannig er gert ráð fyrir að kaupmáttur ráðstöfunartekna á mann rýrni um 10,4% 2009 og 11,4% árið 2010 og verður hann þá orðinn svipaður kaupmætti árána 1999 – 2000. Jafnframt er spáð að kaupmáttur ráðstöfunartekna lækki um 0,4% árið 2011 þegar viðsnúningur hefst á vinnumarkaði.

Mynd 27
Atvinnuleysi og launavísitala
2001-2011

Heimildir: Hagstofa Íslands og
 Vinnumálastofnun.

VERÐLAG OG GENGI

Eftir fall krónunnar í kjölfar bankahrunsins í október árið 2008 jókst verðbólga mikið og náði hámarki í janúar 2009, í 18,6%. Í febrúar tók verðbólgan síðan að lækka og nam 11,6% í maí það ár. Eftir umtalsverða styrkingu í upphafi ársins 2009 tók gengi krónunnar hins vegar að veikjast á vormánuðum og hefur verðbólga því dregist hægar saman en áætlanir gerðu ráð fyrir. Engu að síður er gert ráð fyrir að verðbólga haldi áfram að lækka á komandi mánuðum og misserum og verði komin á verðbólguþröngu Seðlabankans í árslok 2010.


Gengi krónunnar hefur verið ráðandi þáttur í verðbólguþróun frá vormánuðum ársins 2008 þegar það féll um rúm 20% á skömmum tíma og aftur eftir bankahrunið í október 2008 þegar gengið féll aftur um 20%. Í upphafi árs var tólf mánaða verðbólga 18,6% en hjaðnaði hratt fram eftir ári en frá því í mars fór gengi krónunnar að síga á ný og veiktist um 17% á tæplega hálfu ári. Sú þróun hefur dregið úr lækkun verðbólgunnar með því að ýta undir verðhækkunar á innfluttum vörum sem höfðu í ágúst hækkað um 22% frá fyrra ári. Innlendar vörur hafa einnig hækkað en þær byggja gjarnan á innfluttu hráefni sem skilar sér með töf inn í verðbólguþróun en innlendar vörur höfðu hækkað um 12,5% í ágúst. Skattabreytingar hafa einnig átt þátt í herra verðlagi en skattar á áfengi og tóbak hafa verið hækkaðir ásamt breytingu vörugjalda sem hefur áhrif á eldsneyti og ýmsar matvörur.

Húsnæðisliður neysluverðsvísitölunnar hefur verið sá þáttur sem hefur vegið hvað mest á móti almennum verðhækkunum. Mikill samdráttur á flestum sviðum fasteignamarkaðar hefur valdið því að húsnæðisliðurinn hefur farið lækkanði frá því í júlí árið 2008 en í ágúst hafði liðurinn lækkað um 14,7% frá fyrra ári. Verulegur samdráttur veltu á húsnæðismarkaði hefur dregið úr skilvirkni verðmyndunar en undanfarin misseri hafa skiptasamningar verið stór hluti af fasteignaviðskiptum.

Það sem eftir lifir árs er gert ráð fyrir að verðbólga hjaðni nokkuð, einkum vegna grunnáhrifa frá árinu 2008 þegar verðbólguþröngu í kjölfar hrunsins hverfur úr vísitölunni frá október til loka ársins. Engu að síður er gert ráð fyrir meiri verðbólgu í þjóðhagsspá en fram kom í vor sem útskýrist einkum af lakari gengisþróun en ráð var fyrir gert ásamt áhrifum skattahækkana en á árinu er spáð 11,9% verðbólgu að meðaltali. Árið 2010 er spáð umtalsverðri hjaðnun verðbólgu enda undirliggjandi verðbólguþrýstingur lítill í ljósi framleiðsluslaka í hagkerfinu, mikils atvinnuleysis og takmarkaðs launaskriðs. Þó munu gengisáhrif vara fram eftir árinu og skattahækkunar skila sér að einhverju leyti í vísitöluhækkun en yfir árið í heild er spáð 5,0% verðbólgu. Árið 2011 er því spáð að verðbólga verði orðin stöðug í kringum verðbólguþröngu að því gefnu að gengisþróun verði nokkuð stöðug en gert er ráð fyrir að verðbólga verði 2,3% að meðaltali yfir árið í heild.

Landslagið á gjaldeyrismarkaði breyttist verulega í kjölfar bankahrunsins og eftir að gjaldeyrishöft voru innleidd í nóvember árið 2008. Meðaltals ársfjórðungsvelta á gjaldeyrismarkaði 2003-2007 var 682 milljarðar króna á ársfjórðungi en á fyrstu tveim ársfjórðungum 2009 var veltan orðin 13 milljarðar að meðaltali. Þá hefur hlutur Seðlabankans í veltu á gjaldeyrismarkaði aukist verulega eftir að gjaldeyrishöft voru innleidd en inngríp bankans hafa numið tæpum 30% af veltu í hverjum mánuði samanborið við 1,8% hlut á árunum 2003-2007. Inngríp Seðlabankans á gjaldeyrismarkaði hafa þjónað þeim tilgangi að tryggja stöðugleika. Frá janúar til mars styrktist gengi

Veikara gengi hefur tafið lækkun verðbólgu




Mynd 28

Verðbólga 2000-2011

Heimildir: Hagstofa Íslands, Seðlabanki Íslands og eigin spá.

Lág verðbólga í árslok 2010

krónunnar um allt að 17% en frá þeim tíma hefur sú styrking gengið til baka og er gengi krónunnar nú á svipuðu róli og þegar gjaldeyrishöft voru innleidd í nóvember árið 2008. Gengi krónunnar hefur sigið þrátt fyrir töluverð inngrip



Seðlabanka Íslands, umtalsverðan afgang af vöruskiptajöfnuði og strangari reglur um gjaldeyrishöft. Helstu orsakir þess að gengi krónunnar hefur ekki styrkst meir en raunin er má að mestu rekja til mikils árstíðabundins útfærði á vaxtagreiðslum erlendra aðila í sumar. Þá hafa útflytjendur hikað við að breyta útflytningstekjum í erlendum gjaldmiðli yfir í íslenskar krónur. Ennfremur hefur talsvert verið um að farið sé á svig við gjaldeyrishöftin. Gengi íslensku krónunnar frá því í október 2008 hefur að jafnaði verið mun veikara á aflandsmarkaði krónunnar samanborið og hefur evran verið um 20% dýrari í krónum þar í samanburði við innlendan markað. Af þeim sökum er umtalsverður hvati til að selja erlendan gjaldeyri á aflandsmarkaði í skiptum fyrir íslenskar krónur í stað þess að skila honum

Mynd 29

Gengisvísitala og raungengi janúar 2000 - janúar 2012

Heimildir: Seðlabanki Íslands og eigin spá.

til Íslands og selja hann á innanlandsmarkaði. Reglur um gjaldeyrishöft hafa verið hertar á síðustu mánuðum en það virðist ekki hafa skilað sterkara gengi. Aðrir þættir spila einnig inn í gengisþróunina eins og tafir við endurreisn bankakerfisins, frestun á afgreiðslu láns AGS til Íslands og mögulega gætu stýrivaxtalækkanir síðustu missera dregið úr hvatanum til að geyma fjármagn í íslenskum krónum.

Í ljósi gjaldeyrishafta, óvissu um framvindu efnahagsmála og óskilvirkrar verðmyndunar á gjaldeyrismarkaði er óvenju vandasamt að spá fyrir um gengisþróun næstu ára. Seðlabanki Íslands stefnir að því að aflétta gjaldeyrishöftum í skrefum á næstu árum að því gefnu að góð skilyrði séu fyrir því en engar ákveðnar dagsetningar liggja fyrir í þeim efnum. Gert er ráð fyrir að gengi krónunnar verði áfram með veikara móti í ár og að það veikist um 25,4% að meðaltali yfir árið, sem þó er að mestu vegna grunnáhrifa frá fyrra ári. Því er spáð að gengi krónunnar verði stöðugt en áfram veikt fram eftir árinu 2010 en fari að styrkjast lítillega í lok þess en að meðaltali veikist það um 4,7%. Árið 2011 er því spáð að gengið styrkist um 4,4%.

Gert ráð fyrir stöðugu gengi en veruleg óvissa um horfur

Rammagrein 4: Efnahagsáætlun stjórnvalda í samstarfi við AGS


Efnahagsáætlun stjórnvalda í samstarfi við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn miðast við m.a. að tryggja sjálfbærni ríkissjóðs með því að snúa miklum tekjuhalla í afgang og hraða lækkingu skulda á komandi árum. Í þessari rammagrein er gerð grein fyrir þeirri aðferðafræði sem fylgt er við að meta umfang aðgerða á grundvelli tölusettra markmiða í áætluninni. Til að ná settum markmið er lögð áhersla á aukið aðhald með annars vegar nauðsynlegum niðurskurði í útgjöldum í rekstri, tilfærslum og fjárfestingu og hins vegar heildstæðum breytingum á skattkerfinu sem miðast við að auka skatttekjur.

Í júlí síðastliðnum var lögð fram endurskoðuð áætlun um jöfnuð í ríkisfjármálum til 2013. Í upphaflegri áætlun var miðað við að sveifluleiðréttur frumjöfnuður batni um 2-3% af landsframleiðslu á ári (á rekstrargrunni fjárlaga) þar til hann er kominn í smávægilegan afgang árið 2011 og afgang sem nemi 3,5-4% af landsframleiðslu árið 2012. Í ljósi verri verðbólguhorfa og skuldastöðu um mitt ár 2009 hefur aðhaldskrafan verið augin fyrir árið 2010. Miðað er við að óleiðréttur frumjöfnuður batni um 6,4% af landsframleiðslu frá árinu 2009 og að hann verði neikvæður um 1,3% af landsframleiðslu árið 2010. Árið 2011 þarf frumjöfnuðrinn að batna um 4,7% af landsframleiðslu til viðbótar, og verða jákvæður um 3,5% af landsframleiðslu það ár. Þar sem áætlunin er miðuð við þróun aðstæðna hverju sinni er aðhaldskrafan breytileg og hefur breyst á verri veg frá því að efnahagsáætlunin var lögð fram. Að sama skapi getur staðan breyst til betri vegar þegar fram í sækir.

Í þessu samhengi er vert að lýsa þeirri aðferð sem notuð er við að finna út hver aðgerðapörfin á hverju ári er. Fyrsta skrefið er að reikna út viðmiðunarferla fyrir frumtekjur og frumgjöld yfir tímabilið (Mynd 1). Tekjuferillinn er reiknaður út frá þjóðhagsforsendum sem fengnar er með hjálp þjóðhagslíkans á grundvelli gildandi skattkerfis og án frekari aðgerða (sjá viðauka 2). Gjaldaferillinn er fenginn með því að framreikna hvern gjaldalið á grundvelli þjóðhagsforsendna og með þeirri verðvísitölu sem eðlilegast er að nota fyrir viðkomandi lið. Þannig halda gjöldin raungildi sínu. Mismunurinn á þessum ferlum gefur afkomuferil sem er til viðmiðunar. Næsta skref er að bera afkomuviðmið hvers árs saman við afkomumarkmið áætlunarinnar. Mismunurinn er umfang þeirra aðgerða sem grípa þarf að til. Í þessu sambandi er mikilvægt að gera greinarmun á nýjum aðgerðum á hverju ári annarsvegar og hinsvegar uppsöfnuðum áhrifum aðgerða næstu ár. Þannig er miðað við að markmiðsferillinn nái endanlegri útkomu á grundvelli nýrra aðgerða á hverju ári ásamt uppsöfnuðum áhrifum þeirra árin þar á eftir. Þriðja skrefið er að skilgreina hverjar nýjar aðgerðir á hverju ári þurfa að vera á tekjuhlíð annars vegar og gjaldahlíð hins vegar og eru þær tölur síðan teknar inn í þjóðhagslíkan til jafnvægislausnar. Útkoman eru nýir tekju- og gjaldaferlar með aðgerðum. Í lausn líkansins togast á jákvæð áhrif aðgerða á afkomuna, með því að auka tekjur og lækka gjöld, annars vegar og hins vegar neikvæð áhrif aðgerða á efnahagslífið og þar með ríkisfjármálin.

Í því sambandi er rétt að geta þess að mikil óvissa er alla jafnan um útreikninga á áhrifum umfangsmikilla aðhaldsaðgerða á landsframleiðslu. Þá ber að gæta að því að afkomumarkmiðin eru sett fram sem hlutföll af vergri langsframleiðslu. Miðað við gefnar þjóðhagsforsendur í áætluninni er reiknað út hvað þau hlutföll þýða í krónum talið. Þá er mikilvægt að huga að því að krónutölurnar sjálfar eru ekki grundvöllur markmiðanna heldur aðeins hlutföllin. Þar sem þjóðhags- og verðlagsforsendur eru háðar stöðugum breytingum er krónutölurnar því í stöðugu endurmati. Tafla 1 sýnir helstu niðurstöður í efnahagsáætluninni á þjóðhagsreikningagrunni (sem er annar en rekstrargrunnur fjárlaga). Árið 2008 er afkoman sýnd án tapaðra krafna. Áætlunin gerir ráð fyrir umtalsvert auknu aðhaldi árið 2010 þegar spáð er að hagvöxtur verði enn lítillega neikvæður. Frá hagstjórnarlegu tilliti munu ríkisfjármálin því hafa áhrif til að auka samdráttinn tímabundið. Slík ríkisfjármálastefna er talin nauðsynleg til að lækka miklar skuldir ríkissjóðs á komandi árum og auka trúverðugleika efnahagsstefnunnar, en það mun hafa jákvæð áhrif á hagvöxt þegar fram í sækir.

Rétt er að benda á að í þessum útreikningum er miðað við gjaldfærslu vaxta af Icesave skuldbindingum í fjármagnsjöfnuðinum. Ekki er samræmi að þessu leyti við tölur þær sem koma fram í fjárlagafrumvarpi 2010. Við frágang fjárlaga er líklegt að komi til breytinga á fjármagnsjöfnuðinum hvað þetta atriði varðar.



Mynd 1
Tekjur og gjöld með og án aðgerða (% af VLF)

Heimildir: Hagstofa Íslands og spá fjármálaráðuneytisins.

Tafla 1 Afkoma ríkissjóðs 2008-2014

Hlutfall af VLF	2008	2009	2010	2011	2012	2013	2014
Tekjujöfnuður	0,0	-17,2	-9,6	-4,1	-0,2	2,6	3,8
Frumjöfnuður	0,1	-8,2	-1,5	3,2	6,4	8,4	9,9
Vaxtajöfnuður	-0,1	-9,0	-8,1	-7,3	-6,6	-5,8	-5,7
Breyting frumjafnaðar	-4,2	-8,3	6,7	4,7	3,2	2,0	1,2


Heimildir: Hagstofa Íslands og spá fjármálaráðuneytisins.

FJÁRMÁL HINS OPINBERA

Ríkissjóður

Stóraukinn halli á rekstri ríkissjóðs 2008

Endanlegar tölur um fjármál hins opinbera fyrir árið 2008 liggja nú fyrir. Þegar bankakerfið hrundi varð ljóst að hratt myndi draga úr efnahagssumsvifum í lok ársins og að staða ríkissjóðs myndi versna vegna aukinna skuldbindinga og útgjalda. Þegar litið er á undirliggjandi rekstur ríkissjóðs var tekjuafkoman



árið 2008 jákvæð sem nemur 0,5 ma.kr. Bráðabirgðatölur höfðu gert ráð fyrir 16,6 ma.kr. halla. Til samanburðar var undirliggjandi afgangur á frumjöfnuði ríkissjóðs um 1,7 ma.kr., eða sem svarar 0,1% af landsframleiðslu. Með yfirtöku ríkissjóðs á töpuðum kröfum vegna veðlana Seðlabankans uppá 192,2 ma.kr. versnaði afkoma beggja jöfnuða um 191,7 ma.kr. Tekjujöfnuður ríkissjóðs í heild nemur því 13% af landsframleiðslu árið 2008. Hér er um að ræða mikinn viðsnúning frá fyrri árum, en á árunum 2005-2007 var ríkissjóður rekinn með þó nokkrum afgangi. Í fjárlögum ársins 2008 var gert ráð fyrir umtalsverðum afgangi. Bent er á að afkomuhugtak fjárlaga er á rekstrargrunni og eru því tölur þess aðeins frábrugðnar þeim sem koma fram í þjóðhagsskýrslu og eru á

Mynd 30

Tekjujöfnuður ríkissjóðs 2000-2011

Heimildir: Hagstofa Íslands og eigin spá.

þjóðhagsgrunni. Frá því að fjárlög 2008 voru lögð fram hafa forsendur um þróun helstu efnahagsstærða breyst mikið. Þannig var í fjárlögum 2008 áætlað að magnaukning landsframleiðslu yrði 1,2% það ár en að samdráttur í þjóðarútgjöldum næmi 4,8% og að einkaneysla myndi dragast saman um 0,9%. Nú er talið að landsframleiðslan hafi aukist um 1,3% þjóðarútgjöld hafi dregist saman um 8,6% þar af einkaneysla um 7,8%.

Eftir hrun bankanna lækkuðu tekjur hratt og útgjöld stórkjóst

Tafla 5 Fjármál ríkissjóðs 2007-2011

Í milljörðum króna	Spá				
	2007	2008	2009	2010	2011
Heildartekjur	454,3	476,6	416,2	479,1	532,5
Heildarútgjöld ¹	402,9	668,3	669,4	628,7	599,5
Tekjujöfnuður	51,4	-191,7	-253,2	-149,2	-67,0
Vaxtatekjur	23,1	40,1	45,2	35,1	34,7
Vaxtaútgjöld	27,9	41,3	177,9	162,0	154,2
Frumjöfnuður	56,2	-190,5	-120,4	-22,3	52,5
<i>Hlutfall af landsframleiðslu (%)</i>					
Heildartekjur	34,9	32,3	28,2	30,7	32,5
Heildarútgjöld	31,0	45,3	45,4	40,3	36,6
Tekjujöfnuður	3,9	-13,0	-17,2	-9,6	-4,1
Frumjöfnuður	4,3	-12,9	-8,2	-1,4	3,2

1. Árið 2008 er 192,2 ma.kr. yfirtaka ríkissjóðs á töpuðum kröfum Seðlabankans tekin með í gjöldum ríkissjóðs.

Heimildir: Hagstofa Íslands og eigin spá.

Alls námu tekjur ríkissjóðs 476,6 ma.kr. árið 2008 og jukust um 22,3 ma.kr. milli ára, sem jafngildir 6,7% lækkun að raungildi frá fyrra ári. Hér er um mestu raunlækkun milli ára að ræða frá því að sambærilegar mælingar hófust, en áður hafði raunlækkun mest numið 2,5% árið 1989. Tekjur námu 32,3% af landsframleiðslu eftir að hafa verið í hámarki þrjú ár þar á undan, á bilinu 34,9 til 35,3%.

Útgjöld námu alls 668,3 ma.kr. árið 2008, sem er 46,7% aukning að raungildi frá fyrra ári. Ef undan er skilin yfirtaka ríkissjóðs á töpuðum kröfum Seðlabankans námu útgjöldin 476,1 ma.kr., sem er 5,1% raunaukning frá fyrra ári og kemur í kjölfar 8,8% hækkunar útgjalda árið 2007. Regluleg útgjöld það ár námu því 32,2% af landsframleiðslu og er það hækkun um 1,2 prósentustig frá fyrra ári. Í heild nema útgjöldin 45,3% af landsframleiðslu.

Minni efnahagsumsvif hafa í för með sér að tekjur ríkissjóðs minnka verulega á komandi árum. Þannig er gert ráð fyrir að landsframleiðslan dragist saman um 8,4% árið 2009 og að þjóðarútgjöld dragist saman um 20,3% og þar af einkaneysla um 17,4%. Vegna breyttrar samsetningar landsframleiðslunnar dragast tekjurnar enn meira saman en hagvöxturinn segir til um. Þannig er nú reiknað með að tekjur dragist saman um 60,4 ma.kr. og nemi einungis 416,2 ma.kr. árið 2009. Í samræmi við efnahagsáætlun var gripið til aðgerða til að auka tekjur ríkissjóðs um 15 ma.kr. með breytingum á skattkerfinu árið 2009. Áætluð raunlækkun nemur þannig 23% og sem hlutfall af landsframleiðslu verða tekjur einungis 28,2% í ár og hefur hlutfallið ekki verið lægra frá því sambærilegar mælingar hófust.

Árið 2009 er útgjöld ríkissjóðs í heild aukist um 1,1 ma.kr., og nema alls 669,4 ma.kr. sem er lækkun upp á 11,8% að raungildi. Áframhaldandi mikil útgjöld útskýrast af stóru auknum vaxtagjöldum, m.a. vegna Icesave samningsins, en gert er ráð fyrir að vaxtagjöldin verði um 178 ma.kr. auk aukinna tilfærsluútgjalda en þar munar mest um atvinnuleysisbætur. Þar sem vaxtagjöld og -tekjur eru talin með fjármagnsjöfnuði, koma þau ekki fram í frumjöfnuði (mynd 30). Áætlað er að útgjöld ríkissjóðs nemi 45,4% af landsframleiðslu árið 2009 og hefur hlutfallið ekki verið hærra frá því sambærilegar mælingar hófust.

Reiknað er með að afkoma ríkissjóðs verði neikvæð um 253,2 ma.kr. eða 17,2% af landsframleiðslu árið 2009. Ef einungis er litið til frumjafnaðar, þar sem leiðrétt er fyrir vaxtagjöldum og -tekjum, verður afkoman neikvæð um 120,4 ma.kr. sem samsvarar 8,2% af landsframleiðslu.

Í efnahagsáætlun stjórnvalda og AGS er miðað við markmið í afkomu frumjöfnuðar (tekjujöfnuður án fjármagnsjöfnuðar) í því skyni að snúa rekstri ríkissjóðs úr halla í afgang á næstu árum. Þannig er miðað við að halli verði á frumjöfnuði ríkissjóðs upp á 8,2% af landsframleiðslu árið 2009. Næstu ár er miðað við að ríkissjóður stöðvi hallarekstur og snúi jöfnuðinum í afgang og uppfylli með því samkomulag sem gert var við AGS síðastliðið haust. Í fjárlagafrumvarpi fyrir árið 2010 er gert ráð fyrir að hækkun skatta og lækkun útgjalda bæti afkomu ríkissjóðs um 63 ma.kr. það ár. Þannig er gert ráð fyrir að halli á frumjöfnuði verði 1,5% af landsframleiðslu árið 2010 en snúist í afgang árið 2011 upp á 3,2% af landsframleiðslu, 6,4% árið 2012 og 8,4% árið 2013. Þótt gert sé ráð fyrir því að frumjöfnuður verði orðinn jákvæður árið 2011 verður áfram halli á tekjuafkomu ríkissjóðs vegna mikils vaxtakostnaðar næstu ár. Miðað er við að tekjuafkoma ríkissjóðs verði í jafnvægi árið 2012 en afgangur myndist á tekjujöfnuði árið 2013. Til þess að ná þessum markmiðum þarf að skera niður á gjaldahlið og auka tekjur ríkissjóðs á komandi árum.

Eins og sjá má í töflu 6 hefur orðið mikil breyting á efnahag ríkissjóðs. Áætlað er að skuldir ríkissjóðs sem voru rétt rúmlega 23% af landsframleiðslu á árunum 2006 og 2007 verði orðnar 111% af landsframleiðslu árið 2010. Í þessu sambandi ber að nefna að lán frá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum og Noregi eru til Seðlabanka og því ekki talin með hér. Þá er ábyrgð vegna Icesave reikninga ekki talin með skuldum ríkissjóðs. Áfallnir ógreiddir vextir vegna Icesave eru þó taldir til vaxtagjalda ríkissjóðs og leggjast við skuldir ríkissjóðs á hverju ári þar til þau mál eru gerð upp. Aukning skulda ríkissjóðs er bæði í innlendum og erlendum skuldum en þó hlutfallslega meira í innlenda hlutanum. Hreinar skuldir ríkissjóðs, þ.e. heildarskuldir að frádregnum kröfum vegna veittra lána og hreinum skammtímakröfum, námu um 4% af landsframleiðslu árin 2006

*Mikill tekjusamdráttur
árið 2009*


*Útgjöld aukast enn meira
árið 2009*

*Methalli á rekstri
ríkissjóðs 2009*

*Hallinn minnkar hratt á
komandi árum*

Rammagrein 5: Álitamál í hagstjórn í uppsveiflunni

Uppsveifla árána 2003-2008 hófst með umfangsmiklum stóriðjufráfestingum. Snemma komu fram áhyggjur um að Seðlabankinn myndi eiga í erfiðleikum með meginverkefni sín, annarsvegar að halda verðbólgu á 2,5% markmiði og hins vegar að viðhalda þjóðhagslegum fjármálastöðugleika. Þrátt fyrir stighækkandi stýrivexti á Íslandi, sem urðu fljótt mun hærrí en víðast annars staðar, náðist markmiðið ekki og verðbólgufrávikkið jókst eftir því sem leið á uppsveifluna (Mynd 1). Viðskiptahallinn óx einnig ört og með honum áhyggjur af snarpri lækun krónunnar. Ýmsar ástæður hafa verið nefndar fyrir því af hverju árangur peningastefnunnar varð ekki meiri en raun bar vitni og hefur athyglinni oftast verið beint að skorti á stuðningi frá stjórn opinberra fjármála. Í þessari grein er sá þáttur reifaður en auk þess er möguleikanum velt upp að stýrivextir hafi verið hækkaðir of mikið og þeir með því framkallað sterk viðbrögð á alþjóðlegum fjármálamarkaði sem leiddu til aukinnar eftirspurnar og ójafnvægis í hagkerfinu.



Mynd 1

Frávik frá 2,5% verðbólgu markmiði janúar 2003 - október 2008

Heimild: Hagstofa Íslands.

Íbúðalánasjóðs snemma árs 2004 víða gagnrýnd. Ríkisfjármálin höfðu sveiflujafnandi áhrif árin 2004-2006, þegar dregið var úr vexti rekstrar- og fráfestingarútgjalda á móti lækun skatta á meðan tekjur ríkissjóðs jukust mikið af fjármagnstekjum og hagnaði lögaðila.

Ríkissjóður dró því fé út úr einkageira hagkerfisins sem hafði áhrif til að minnka hagvöxt. Staða ríkissjóðs virtist sterk þar sem skuldir höfðu lækkað jafnt og þétt um langt árabíl, einnig í tengslum við einkavæðingu ríkisfyrirtækja. Sú glæsta mynd reyndist þó ekki varanleg.

Vissulega hefðu opinber fjármál mátt vera aðhaldsamari, sérstaklega árið 2007, en við fjárlagagerð um haustið 2006 reyndist erfitt að ráða í aðstæður þegar hagtölur og spár bentu til kólnunar í efnahagslífinu. Toppi stór-íðjuframkvæmda var náð og óróleiki á alþjóðlegum fjármálamarkaði virtist þrengja fjármögnunarmöguleika og útlánagetu bankanna. Kosningar voru framundan og í þeirri stöðu tóku stjórnvöld ákvörðun við gerð fjárlaga 2007 um að auka útgjöld og lækka skatta. Í mars 2007 var virðisaukaskattur á matvæli og tengdar vörur lækkaður og kostaði það ríkissjóð um 7 ma.kr. það ár. Breytingar voru einnig gerðar á bótakerfinu sem kostuðu sitt. Niðurstaðan varð sú að ríkisfjármálin eru metin hafa haft sveifluaukandi áhrif um 2% af landsframleiðslu það ár. Á þessum árum var aðhaldsstig fjármála sveitarfélaga ekki mikið, en árið 2007 bar svo við að aðhaldið varð meira. Tilslökunin í ríkisfjármálum var samt smávægileg í samanburði við vöxt útgjalda fyrirtækja og heimila þessi ár, sem byggði á gríðarlegum lánveitingum bankakerfisins. Útlán til heimila jukust um 1.050 ma.kr. frá 3. ársfj. 2004 til 3. ársfj. 2008 (sjá rammagrein 1). Það vekur sérstaka eftirtekt að á þessu tímabili voru stýrivextir hækkaðir um 9 prósentustig, úr 6,5% í 15,5%.

Það er því eðlilegt að spyrja að því hvort eitthvað hafi farið úrskeiðis við framkvæmd peningastefnunnar. Nýleg efnahagsskýrsla OECD nefnir að stjórn peningamála hafi ekki gengið sem skyldi og tengir vandann örum vexti bankakerfisins þau ár og því að hugsanlega hafi samsetning vísitölu neysluverðs, sem var verðviðmið peningastefnunnar, ýkt vandann³. Þá er einnig nefnt að aðhald opinberra fjármála hefði mátt vera meira. Sumir telja að betur hefði tekist til ef stýrivextir hefðu verið hækkaðir meira og fyrr en gert var árin 2004 og 2005. Þrátt fyrir að stýrivextir Seðlabankans hafi verið hækkaðir mikið og orðið með því hæsta í OECD ríkjum þau ár og enn hærrí síðar dugði það ekki til og eftirspurn, verðbólga og ójafnvægi hér á landi urðu meiri en annars staðar. Þau rök virðast því umdeilanleg.

1 „Því meira sem aðhald opinberra fjármála er þeim mun minni byrðar þarf að leggja á peningastefnuna.“ (Peningamál, Seðlabanki Íslands, 24. rit. september 2005, bls. 75). „...æskilegt væri að framlag [ríkisfjármála] til að draga úr eftirspurn og spennu í þjóðarbúskapnum væri meira.“ (Peningamál, Seðlabanki Íslands, 25. rit. desember 2005, bls. 27). Seðlabankinn hefur haldið þessari skýringu á lofti æ síðan.

2 Sjá m.a. „Fyrirkomulag gengismála á Íslandi - Horft til framtíðar,“ Gylfi Zoega og Tryggvi Þór Herbertsson, Hagfræðistofnun H.Í.

3 OECD Economic Surveys - Iceland, Volume 2009/16, September, OECD, Paris.

Aðrir mæltu með aðhaldi allra aðila til að gera Seðlabankanum kleift að fara hófsamari leið þ.s. mjög hátt vaxtastig Seðlabankans gæti ógnað fjármálastöðugleikanum⁴. Sú skoðun var einnig komin fram að bankarnir gætu beint erlendu fjármagni inn í hagkerfið þrátt fyrir mikið peningalegt aðhald. Ef eitthvað er hefur þeim sem eru þeirrar skoðunar fjölgað⁵. Vel þekkt er að ef stýrivextir lands fara upp fyrir alþjóðlega stýrivexti leiðir það til þess að fjármagn streymir inn í landið og gengi gjaldmiðilsins styrkist. Samkvæmt fræðunum á viðskiptahallinn þá að versna og væntingar um veikara gengi að aukast sem hefur áhrif til að draga úr innstreyminu⁶. Reyndin varð nokkuð önnur, þannig að gengið hélt sterkt þrátt fyrir vaxandi viðskiptahalla. Ástæðan eru aukin vaxtamunarviðskipti. Þegar stýrivextir nálgudust 10% á síðari helmingi ársins 2005 urðu straumhvörf í hugum erlendra spákaupmanna, en þá um haustið hófst útgáfa krónubrifa hér á landi⁷. Engin gengisáhætta var tekin af útgáfuaðilum bréfanna eða af íslensku bönkunum sem voru með mótstöður í viðskiptunum hér á landi. Hinir alþjóðlegu kaupendur bréfanna í lausasölu tóku áhættuna á sig. Sú staða gerði bönkunum kleift að veita ómældu erlendu fjármagni inn í landið á vöxtum sem voru lægri en ef þeir hefðu tekið lán hjá Seðlabankanum.

Velta á gjaldeyrismarkaði er til marks um innstreymið. Árin 2001 til 2004 var heildarvelta á gjaldeyrismarkaði að meðaltali rétt rúmlega einföld landsframleiðslan. Frá miðju ári 2005, þegar stýrivextir tóku að nálgast 10% jókst veltan og nam tvöfaldri landsframleiðslu fyrir árið í heild. Árin 2006 og 2007, þegar stýrivextir hækkuðu meira, nam heildarveltan næstum fjórfaldri landsframleiðslunni. Stýrivextir hækkuð enn árið 2008, í 15,5%, þegar velta á gjaldeyrismarkaði nam sjöfaldri landsframleiðslu, þótt engin viðskipti hefðu átt sér stað á 4. fjórðungi ársins. Vöxtur bankakerfisins var mjög mikill þessi ár og átti eflaust sinn þátt í þróuninni, eins og skýrsla OECD bendir á. Ofangreind þróun hafði mikil áhrif á efnahagslífið. Bætt aðgengi landsmanna að ódýrara lánsfé jók umsvif og tekjur og leiddi til hækunar eignaverðs. Styrking á gengi krónunnar hafði áhrif til að auka kaupmátt landsmanna á innfluttri vöru og þjónustu og neyslulán í íslenskum krónum jukust tengt því. Þótt hátt gengi hefði áhrif til að veita eftirspurn út úr landi með auknum innflutningi, jók það á ytra ójafnvægi sem hugsanlega ýtti undir þörfina fyrir háa eða hærri vexti. Með því var Seðlabankinn líklega kominn í sjálfhældu með peningastefnuna. Sú staða gæti hafa haft áhrif til að breyta væntingum einkaaðila um gengisþróunina og áhættuþegðun þeirra gagnvart lántökum í erlendum gjaldmiðlum. Þannig töldu margir að krónan myndi haldast þökkalega sterk áfram og að lán í erlendum myntum á lágum vöxtum væru álitlegri kostur en dýrari lán í krónum, og því álitlegri eftir því sem vaxtamunurinn varð meiri.


Peningastjórn sem flestir töldu ábyrga var ekki þess megnug að afstýra ójafnvægi í efnahagslífinu. Þótt hrun bankanna sé rakið til þess hve berskjaldaðir þeir urðu í lánsfjárkreppu eftir gríðarlegan vöxt erlendis, hafði peningastefnan lítill áhrif til að hemja útlánvöxt þeirra hér á landi. Þrátt fyrir að opinber fjármál hafi skilað meira aðhaldi í uppsveiflunni en áður, nægði það ekki til og hefði aðhaldið mátt vera mun meira. Það sem skiptir þó líklega meiru máli er að við aðstæður vaxandi framleiðsluspennu virðist hækkan stýrivaxta langt umfram alþjóðlega vexti hafa magnað ójafnvægið í efnahagslífinu og jafnvel aukið spennuna. Mögulega má draga eftirfarandi lærdóm af reynslunni: 1) bankakerfið má ekki verða of stórt, 2) aðhald í opinberum fjármálum þarf að vera í samræmi við hagstjórnarþörfina í heild, 3) takmörk eru fyrir því hvað stýrivaxtastig í litlu myntkerfi í alþjóðlegu umhverfi getur orðið hátt, 4) fleiri úrræði þurfa að vera til staðar til að takmarka útlánvöxt og 5) jafnvægi á milli ofangreindra atriða er mikilvægt til að hagstjórnin nái að viðhalda þjóðhagslegum stöðugleika.

4 Þorsteinn Þorgeirsson, „Hættan af háum vöxtum“, Íslenskur iðnaður, desember 2003.

5 Sjá m.a. Agnar Tómas Möller og Valdimar Ármann, „Þversögn í háum vöxtum Seðlabankans“, Morgunblaðið, 10. september 2009.

6 Rudiger Dornbusch, „Expectations and Exchange Rate Dynamics“, The Journal of Political Economy, 1976, vol. 84, no. 6.


7 Í uppsveiflunni töldu erlendir spákaupmenn að svo lengi sem stýrivextir héldust um og yfir 10% myndi útgáfa krónubrifa halda áfram.



Mynd 2

Stýrivextir í völdum ríkjum janúar 2003 - desember 2008

Heimild: EcoWin.



Mynd 3

Stýrivextir og velta á gjaldeyrismarkaði janúar 2003 - október 2008

Heimild: Seðlabanki Íslands.

Tafla 6 Eignir og skuldir ríkissjóðs 2006-2010

	Spá				
	2006	2007	2008	2009	2010
<i>Í milljörðum króna</i>					
Innlendar skuldir	117,4	156,7	613,8	1.063,9	1.107,7
Erlendar skuldir ¹	175,2	154,4	317,5	396,6	646,9
Samtals skuldir	292,5	311,0	931,3	1.460,5	1.754,6
Eignir	437,8	549,8	930,9	1.249,2	1.433,9
Hreinar skuldir	49,8	57,4	382,3	901,3	950,7
Hrein staða að teknu tilliti til eigna	145,2	238,8	-0,4	-211,3	-320,7
<i>Hlutfall af landsframleiðslu (%)</i>					
Innlendar skuldir	9,8	11,7	38,3	69,1	69,4
Erlendar skuldir	14,1	11,7	16,5	26,0	41,6
Samtals skuldir	23,9	23,4	54,9	95,1	111,1
Eignir	36,5	41,5	56,9	82,8	91,5
Hreinar skuldir	3,9	4,4	22,8	58,6	59,8
Hrein staða að teknu tilliti til eigna	12,6	18,2	2,1	-12,3	-19,6

1. Lán frá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum og Noregi eru til Seðlabanka og því ekki talin með hér. Þá er ábyrgð vegna Icesave reikninga ekki talin með skuldum ríkissjóðs.
Heimild: Fjármálaráðuneytið.

Efnahagur ríkissjóðs hefur versnað mikið

og 2007 en eru nú áætlaðar 60% af landsframleiðslu á árinu 2010. Séu eignir í formi hlutfjár, eignarhluta og stofnfjár taldar með öðrum peningalegum eignum ríkissjóðs, var hrein staða jákvæð um 18% af landsframleiðslu árið 2007, en nú er áætlað að hún verði orðin neikvæð um tæplega 20% af landsframleiðslu árið 2010. Í viðaukatöflu 13 er birt nánara yfirlit yfir eignir


og skuldir ríkissjóðs og skýringar í neðanmáli. Athygli er vakin á því að í henni eru upplýsingar um hlutfé, eignarhluta og stofnfé á eignahlið ríkissjóðs og hrein staða er birt á tvennu formi; með og án þeirra eigna.

Sveitarfélög

Sveitarfélögin skiluðu 12,9 ma.kr. tekjuhalla á árinu 2008, eða 0,9% af vergri landsframleiðslu, samkvæmt endurskoðuðum tölum Hagstofu Íslands. Bráðabirgðatölur Hagstofunnar sem birtar voru síðastliðið voru bentu til þess að afkoma sveitarfélaganna hefði verið neikvæð um 9,1 ma.kr. og niðurstaðan er því töluvert meiri halli en áður var talið. Mikill viðsnúningur hefur

orðið á afkomu sveitarfélaga en þau höfðu skilað tekjuafgangi þrjú ár í röð. Heildartekjur sveitarfélaga jukust þó um 4,1% á milli ára og voru 12,9% af landsframleiðslu en gjöld þeirra jukust talsvert meira eða um 16,2% og námu 13,8% af landsframleiðslu. Hluti skýringarinnar á þessari þróun er að töluvert var um endurgreiðslur vegna gatnagerðargjalda og sölu byggingarréttar á síðastliðnu ári sem veldur því að tekjur minnka en gjöld aukast. Að auki hélt samneysla áfram að aukast og fjárfestingarstigið hélst hátt.

Samkvæmt spánni mun tekjuhalla sveitarfélaganna nema 16,2 ma.kr. árið 2009 sem er um 1,1% af landsframleiðslu þess árs. Gert er ráð fyrir að heildartekjur sveitarfélaganna dragist saman um 7,1% frá fyrra ári. Þessi neikvæða þróun tekna skýrist meðal annars af minni skatt- og vaxtatekjum en undanfarin ár og miklum samdrætti tekna af gatnagerðargjöldum og byggingarleyfum. Gjöld sveitarfélaganna munu einnig dragast saman á yfirstandandi ári en þó minna en tekjur eða um 5,0%. Gert er ráð fyrir raunsamdrætti í samneyslu og jafnframt mun lægra fjárfestingarstigi en áður, en sveitarfélögunum er nauðsynlegt að hagræða rekstri með slíkum aðhaldsaðgerðum til að brúa bilið, í ljósi aukningar tekjutilfærslna og þyngrri vaxtabyrðar.



Mynd 31

Tekjujöfnuður sveitarfélaga 2000-2011

Heimildir: Hagstofa Íslands og eigin spá.

Tekjuhalla sveitarfélaga var 12,9 ma.kr. árið 2008 ...

... og eykst árið 2009

Á næsta ári er gert ráð fyrir að bæði gjöld og tekjur dragist saman, en gjöld þó hægar en tekjur. Samdráttur tekna skýrist að mestu af minni skatt- og vaxtatekjum. Samkvæmt spánni er samneysla nánast sú sama að krónutölu milli ára en fjárfesting dregst talsvert saman. Vaxtagjöld hækka áfram og þyngist því vaxtabyrðin. Samkvæmt spánni mun tekjuhallinn því versna það ár og nema 20,5 ma.kr. eða sem nemur 1,3% af landsframleiðslu. Á árinu 2011 er gert ráð fyrir að staða sveitarfélaga batni, þar sem tekjur aukast talsvert meira en gjöld. Aukning tekna stafar að mestu leyti af auknum skatttekjum en gjöld hreyfast lítið í ljósi áframhaldandi lítillar fjárfestingar. Áætlað er að tekjuhalli sveitarfélaganna muni nema 14,6 ma.kr. eða 0,9% af landsframleiðslu árið 2011.

Tekjuhallinn nær hámarki árið 2010 og tekur síðan að lækka árið 2011

Hið opinbera

Hið opinbera er samsett af reikningum ríkissjóðs, sveitarfélaga og almanna-trygginga. Afkoma hins opinbera var slæm á liðnu ári í samræmi við afkomu undirlíðanna. Tekjujöfnuður hins opinbera var neikvæður um 200,2 ma.kr, en aðeins 8 ma.kr. á árinu 2008 þegar undanskilin er yfirtaka ríkissjóðs á töpuðum kröfum Seðlabankans. Þar sem vaxtagjöld voru nánast þau sömu og vaxtatekjur þá var frumjöfnuður (tekjujöfnuður án fjármagnsjöfnuðar) neikvæður um nánast sömu upphæð en það samsvarar 13,6% af landsframleiðslu.

Staða hins opinbera hefur versnað til mikilla muna

Tafla 7 Fjármál hins opinbera 2007-2011

Í milljörðum króna	Spá				
	2007	2008	2009	2010	2011
Heildartekjur	623,5	653,3	577,0	632,5	696,3
Heildarútgjöld ¹	552,8	853,5	842,0	811,9	779,7
Tekjujöfnuður	70,7	-200,2	-265,0	-179,0	-83,4
Vaxtatekjur	29,5	49,6	50,7	39,0	38,5
Vaxtaútgjöld	33,9	49,5	189,4	175,2	167,2
Frumjöfnuður	75,1	-200,3	-126,3	-43,2	45,4
Hlutfall af landsframleiðslu (%)					
Heildartekjur	47,9	44,2	39,2	40,5	42,5
Heildarútgjöld	42,5	57,8	57,1	52,0	47,6
Tekjujöfnuður	5,4	-13,6	-18,0	-11,5	-5,1
Frumjöfnuður	5,8	-13,6	-8,6	-2,8	2,8


1. Árið 2008 er 192,2 ma.kr. yfirtaka ríkissjóðs á töpuðum kröfum Seðlabankans tekin með í gjöldum ríkissjóðs.

Heimildir: Hagstofa Íslands og eigin spá.

Heildartekjur hins opinbera námu 653,3 ma.kr. árið 2008 og drógust saman um 6,8% að raungildi frá fyrra ári, sem er mesta raunlækkun síðan sambærilegar mælingar hófust. Heildartekjur sem hlutfall af landsframleiðslu námu 44,2% og hefur hlutfallið ekki verið lægra síðan árið 2004.

Gjöld hins opinbera námu alls 853,5 ma.kr. árið 2008 (þegar yfirtaka ríkissjóðs á töpuðum kröfum Seðlabankans er meðtalin) og hækkuðu um 37,3% að raungildi milli ára. Sem hlutfall af landsframleiðslu námu gjöldin 57,8% og hefur hlutfallið ekki verið hærra frá því sambærilegar mælingar hófust.

Áætlað er að tekjuhalli hins opinbera nái hámarki á liðandi ári eða samtals alls 265,0 ma.kr. sem samsvarar 18,0% af landsframleiðslu. Árið 2010 er



Mynd 32


Tekjujöfnuður hins opinbera 2000-2011

Heimildir: Hagstofa Íslands og eigin spá.

gert ráð fyrir bata og að hallinn minnki umtalsvert en verði þó 179 ma.kr. sem eru um 11,5% af landsframleiðslu. Áætlað er að enn frekar dragi úr hallanum árin 2011 og 2012 og árið 2013 verði hið opinbera loks rekið með afgangi. Frumhallinn (tekjujöfnuður án fjármagnsjöfnuðar) er áætlaður 126,3 ma.kr., eða 8,6% af landsframleiðslu á líðandi ári en batni verulega á næsta ári þegar áætlað er að hann verði 43,2 ma.kr. Árið 2011 er áætlað að frumafkoman verði orðin jákvæð um 2,8% af landsframleiðslu skv. efnahagsáætlun stjórnvalda og Alþjóðagjaldeyrissjóðsins.

Kerfislæg afkoma

Með kerfislægri afkomu er átt við tekjur og gjöld ríkissjóðs þegar undanskilin eru hagsveifluáhrif sem byggjast á mælingum á framleiðsluspennu, teygni-mati helstu skattstofna á tekjuhliðinni og útgjöldum tengdum atvinnuleysi á gjaldahliðinni (sjá rammagrein 9 í vorskýrslu Þjóðarbúskaparins 2009). Mat á hagsveifluleiðréttri afkomu nýtist við mat á áhrifum fjármálastjórnar á efnahagslífið til skamms tíma og sjálfbærni opinberra fjármála þegar horft er til lengri tíma. Tekið skal fram að orðin kerfislægur og (hag)sveifluleiðréttur merkja það sama hvað varðar ofangreinda aðferðafræði. Bæði orðin eru notuð þegar fjallað er um efnið hér, enda á hvort um sig sér hliðstæðu í ensku, í orðunum „structural“ (kerfislægur) og „cyclically adjusted“ ((hag)sveifluleiðréttur).



Mynd 33

Hagsveifluleiðréttt afkoma ríkissjóðs og hins opinbera 2000–2011

Heimildir: Hagstofa Íslands og fjármálaráðuneytið.

Áætlað er að framleiðsluspenna hafi numið 2,5% af framleiðslugetu hagkerfisins árið 2008, en hún var að meðaltali 3,9% á árunum 2005–2008. Á þessum tíma hækkuðu tekjur ríkissjóðs verulega og var ríkissjóður rekinn með kerfislægum afgangi árin 2004–2007. Reiknað er með umtalsverðum viðsnúningi í framleiðsluspennu á þessu ári. Þannig er gert ráð fyrir slaka sem nemur 6,6% af framleiðslugetu á þessu ári en að hann dragist lítillega saman og verði 5,9% árið 2010 og 4,4% af framleiðslugetu árið 2011. Í framhaldi af þessu er gert ráð fyrir að kerfislæg afkoma ríkissjóðs árin 2008–2011 verði neikvæð. Áætlað er að kerfislægur halli hafi numið 1,2% af landsframleiðslu í fyrra, en þá er ekki tekið tillit til tapaðra krafna ríkissjóðs um 192,2 ma.kr., þar sem verið er að lýsa undirliggjandi rekstri ríkissjóðs. Reiknað er með að kerfislægur halli nái hámarki í ár þegar hann verður 9,8% af landsframleiðslu og lækki síðan árið 2010 þegar hann verður 4,7% af landsframleiðslu. Þessi mikla breyting stafar fyrst og fremst af auknum vaxtagjöldum sem fallið hafa á ríkissjóð í kjölfar bankahrunsins. Breyting kerfislægs frumjafnaðar, þ.e. tekjujafnaðar án jafnaðar vaxtagjalda- og tekna, gefur undir slíkum kringumstæðum skýrari mynd af sértækum aðgerðum og áhrifum þeirra á efnahagslífið (e. fiscal impulse). Þá sýnir þróun kerfislægur tekjuafkomu að ríkisfjármálin hafa verið sveiflujafnandi í nýafstaðinni uppsveiflu. Reiknað er með að ríkisfjármálin hafi lítillega jákvæð áhrif á eftirspurn í hagkerfinu í ár, sem kemur m.a. fram í því að kerfislægur frumjöfnuður versnar um 0,3% af

landsframleiðslu frá fyrra ári. Vegna þeirra aðgerða sem grípa þarf til í stjórn ríkisfjármála í kjölfar mikillar skuldaaukningar ríkissjóðs frá haustinu 2008, geta ríkisfjármálin ekki gegnt sveiflujafnandi hlutverki árið 2010, heldur mun kerfislægur frumjöfnuður batna mikið samhliða samdrætti í hagkerfinu það ár. Er þetta gert til þess að koma í veg fyrir að skuldir ríkissjóðs verði ósjálfbærar (sjá umfjöllun um sjálfbærni skulda í vorskýrslu Þjóðarbúskaparins 2009, rammagrein 7). Því þarf að reka ríkissjóð með kerfisbundnum afgangi til lengri tíma lítið til þess að borga niður skuldir.

Í aðgerðaáætlun ríkistjórnarinnar í samstarfi við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn er gert ráð fyrir að sveifluleiðréttur frumjöfnuður ríkissjóðs batni um sem nemi 2-3% af landsframleiðslu á ári frá og með árinu 2010. Gert er ráð fyrir að sveifluleiðréttur frumhalli hafi numið 1,1% af landsframleiðslu í fyrra en versni lítið eitt á þessu ári og verði 1,4% af landsframleiðslu en þá verði botninum jafnframt náð og bati verði á sveifluleiðréttum frumhalla sem nemur 4,4% af landsframleiðslu milli áranna 2009 og 2010.


Afkoma sveitarfélaga hefur verið góð undanfarin ár og hefur það stutt við góða afkomu ríkissjóðs í heildarafkomu hins opinbera, þótt umfang afkomu sveitarfélaganna sé jafnan minna en ríkissjóðs. Kerfislæg afkoma hins opinbera í heild var jákvæð á árunum 2005-2007, sem nam 3,8% af vergri landsframleiðslu árið 2005, 4,8% árið 2006 og 3,3% árið 2007 en áætlað er að hagsveifluleiðrétt afkoma hins opinbera hafi verið neikvæð á liðnu ári sem nemur 2,0% af landsframleiðslu. Gert er ráð fyrir að kerfislægur halli verði á afkomu hins opinbera á þessu ári og næstu árum, samhliða verri afkomu ríkissjóðs og sveitarfélaga. Þannig er gert er ráð fyrir að sveifluleiðrétt afkoma hins opinbera verði neikvæð sem nemur 11,2% af landsframleiðslu á þessu ári og 6,3% árið 2010.

Gert er ráð fyrir að sveifluleiðréttur frumjöfnuður hins opinbera hafi numið -2,0% af landsframleiðslu í fyrra en verði -2,5% á þessu ári og verði jákvæður eftir það. Þannig er gert ráð fyrir afgangi upp á 1,9% af landsframleiðslu í frumjöfnuði hins opinbera árið 2010, 5,4% afgangi árið 2011 og að afgangurinn nemi 7,4% af landsframleiðslu árið 2012.

*Kerfislæg afkoma
ríkissjóðs neikvæð í
kjölfar bankahrunsins*

PENINGAMÁL

Miklar breytingar á umhverfi peningamála



Mynd 34

Vaxtaþróun 2001–2009

Heimild: Seðlabanki Íslands.

Hægt hefur á vaxtalækkunarferlinu

Vextir í hærra lagi meðan gjaldeyrishöft eru til staðar

Miklar breytingar hafa orðið á umhverfi peningamála frá hruni bankanna síðastliðið haust sem hafa leitt til breytinga á starfsemi Seðlabanka Íslands. Í febrúar voru samþykkt ný lög um Seðlabanka Íslands sem fela í sér að bankastjórum er fækkað úr þremur í einn og að stofnuð er peningastefnunefnd sem fær það hlutverk að meta og taka ákvarðanir um stjórn peningamála, ásamt því að fylgjast með fjármálastöðugleika í landinu. Þá hefur vaxtaákvörðunardögum verið fjölgað í 8 með möguleika á fleiri ákvörðunum eftir aðstæðum. Mikilvæg áherslubreyting í framkvæmd peningastefnunnar er að skammtímamarkmið bankans er nú að tryggja gengisstöðugleika á meðan gjaldeyrishöft eru til staðar. Markmiðið er að draga úr peningalegu aðhaldi án þess að veikja gengi krónunnar frekar.

Í mars 2009 hófst vaxtalækkunarferli Seðlabankans með 1% lækkun stýrivaxta í 17%. Lækkunarferlið hélt áfram í apríl og maí þegar vextir voru lækkaðir í 13%. Á sama tíma lækkaði gengi krónunnar,

þrátt fyrir gjaldeyrishöft, sem tafði vænt ferli verðbólguhjöðunar. Fyrir vikið hefur peningastefnunefnd dregið úr umfangi vaxtalækkana og var síðasta stýrivaxtalækkun í júní en þá voru stýrivextir lækkaðir í 12%.

Þrátt fyrir minni hjöðnun verðbólgu vegna gengislækkunar hefur verðbólguþrýstingur sem rekja má til innlendra þátta minnkað umtalsvert með vaxandi atvinnuleysi og framleiðsluslaka. Á móti vegur að raungengi krónunnar er enn mjög lágt, en það er tekið að auka erlenda eftirspurn í hagkerfinu, t.a.m. hafa útgjöld erlendra ferðamanna aukist. Þó að verðbólguþrýstingur vegna veikingar á gengi krónunnar sé enn talinn vera til staðar hafa raunstýrivextir farið lækkaði í takt við verðbólguvæntingar fyrirtækja og almennings.


Á vaxtaákvörðunarfundum peningastefnunefndar hefur komið fram að gengi krónunnar er lægra en þykir æskilegt. Gjaldyrishöft, háir stýrivextir og afgangur á vöruskiptajöfnuði ættu að ýta undir sterkara gengi en tímabundnir þættir á borð við óvenju miklar vaxtaútgreiðslur til erlendra aðila og tregða gjaldeyriseigenda við að færa gjaldeyri yfir í íslenskar krónur virka á móti. Þá hefur einnig verið nokkuð um að gengið sé á svig við gjaldeyrishöftin. Hvatinn til að fara fram hjá gjaldeyrishöftum hefur verið nokkur þar sem gengi krónunnar utanlands er annað en á innlendum gjaldeyrismarkaði. Þannig fengust 158 kr. að meðaltali fyrir evruna fyrstu sex mánuði eftir hrun bankanna á innlendum markaði en 230 kr. á erlendum markaði. Mismunurinn milli innlends og erlends gengis hefur hins vegar minnkað og verið stöðugri síðan í sumar og hefur verið í kringum 30-40 kr frá því í júní. Á síðasta vaxtaákvörðunarfundi peningastefnunefndar þann 24. september var ákveðið að halda stýrivöxtum óbreyttum. Vaxtahækkun hefur ekki verið útilokuð til að stemma stigu við gengissigi krónunnar frá því í mars. Þá hefur Seðlabankinn gripið inn í viðskipti með gjaldeyri sem hefur styrkt gengi krónunnar.

Eftir því sem lausafé hefur safnast saman í bankakerfinu hefur mikilvægi vaxta á viðskiptareikningum bankanna hjá Seðlabankanum aukist. Á þessu ári hafa vextir á viðskiptareikningum Seðlabanka lækkað um 5,5% og eru nú 9,5%.

Seðlabankinn hefur kynnt áætlun um afnám gjaldeyrishafta en þar er gert ráð fyrir að höftin verði til staðar til skemmri tíma og verði afnumin í áföngum og eftir aðstæðum á næstu árum. Mögulegt er að gengið veikist tímabundið við afnám gjaldeyrishafta og er því talið nauðsynlegt að stýrivextir verði áfram í hærra lagi til að viðhalda ávinningi af krónueign sem ætti að styðja við gengi krónunnar. Af þeim sökum er gert ráð fyrir vaxtalækkunarferli út spátímann

en að lækkunin verði minni en kom fram í þjóðhagsspá fjármálaráðuneytisins í vor sl. Þannig er áætlað að stýrivextir verði 13,9% að meðaltali árið 2009. Árin 2010 og 2011 er gert ráð fyrir að hömlum á gjaldeyrisviðskipti verði aflétt í áföngum og að stýrivextir verði 8,7% árið 2010 og 8,0% árið 2011. Nú er spáð að stýrivextir lækki nokkuð hratt frá árslokum 2011, þegar gjaldeyrishöftum hefur endanlega verið aflétt.

Mynd 35 sýnir það ástand sem ríkir á markaði með gjaldeyrir við aðstæður gjaldeyrishafta. Myndast hefur „aflandsmarkaður“ fyrir viðskipti með krónur þar sem gengið er umtalsvert lægra skráð en á innlendum markaði. Eftir því sem ástandið verður eðlilegra dregur úr þessum mun en hann mun líklega ekki hverfa fyrr en gjaldeyrishöftin hafa verið afnumin.




Mynd 35

Gengi evru á innlendum og erlendum markaði janúar 2008- september 2009

Heimild: Seðlabanki Íslands.

Miklar sviptingar á íslenskum fjármálamarkaði

Eftir að hafa tengst alþjóðlegum fjármálamarkaði um miðbik áratugarins hefur landslag innlands fjármálamarkaðaðar gjörbreyst frá haustinu 2008. Í kjölfar einkavæðingar ríkisbankanna snemma á þessum áratug nýttu sum innlend fjármálafyrirtæki sér aðstæður á erlendum fjármálamörkuðum sem með lágum fjármagnskostnaði buðu upp á mikla sókn áhættusækinna fyrirtækja. Útgáfa erlendra aðila á krónubréfum jók innflæði fjármagns til landsins sem styrkti gengi íslensku krónunnar.




Með þessari þróun komst innlent fjármálalíf undir smásjá erlendra aðila og varð háð tiltrú þeirra á íslenskt efnahags- og fjármálalíf. Stærð og umsvif viðskiptabankanna í íslensku efnahagslífi ýtti undir þá skoðun erlendra lánveitenda og greiningaraðila að lánshæfi þeirra ætti að skoðast í ljósi þess að þeir væru kerfislega mikilvægir. Ætti sú staða þeirra að draga úr áhættunni sem fólgin var í lánveitingum til þeirra. Þessi sýn var ekki einungis tengd íslensku fjármálalífi, heldur má segja að hún hafi viðgengist gagnvart stórum fjármálastofnunum í flestum þróuðum hagkerfum. Það mat greiningaraðila að íslensku viðskiptabankarnir væru kerfislega mikilvægir olli því að lánshæfi þeirra endurspeglaði að mörgu leyti gott lánshæfi íslenska ríkisins sem var að borga hratt niður skuldir sínar á tímabilinu.

Mynd 36 Ávöxtunarkrafa verðtryggðra íbúðabréfa janúar 2008 - september 2009

Heimild: Seðlabanki Íslands.

Eftir hrun íslensku bankanna í október árið 2008 hefur ríkt mikil óvissa um stöðu íslensks fjármálamarkaðar. Myndun efnahagsreikninga nýju ríkisbankanna og skilin á milli þeirra og gömlu bankanna hefur tekið langan tíma og er því ferli ekki enn lokið að fullu. Af þeim sökum liggja ekki fyrir gögn um útlánaþróun bankakerfisins nema fram til október á síðasta ári. Þó má fastlega reikna með því að sú þróun sem var á árunum á undan, með miklum vexti útlána, hafi snúist við.



Mynd 37 Ávöxtunarkrafa óverðtryggðra ríkisbréfa janúar 2008 - september 2009

Heimild: Seðlabanki Íslands.

Í kjölfar hruns bankanna jókst mjög eftirspurn eftir ríkistryggðum skuldabréfum. Fyrst í stað lækkaði ávöxtunarkrafa verðtryggðra íbúðabréfa mikið, sem var til marks um bæði auknar verðbólguvæntingar vegna mikillar veikingar krónunnar og flóttu fjárfesta í öruggari verðbréf. Eftir að ávöxtunarkrafan hafði verið nokkuð stöðug í upphafi ársins tók hún að hækka umtalsvert í febrúar áður en hún lækkaði mikið á vormánuðum. Má skýra þessa þróun að

Fall bankanna hafði mikil áhrif á eignastöðu aðila á fjármálamarkaði. Auk þess að vega þungt í gömlu OMXI15 Úrvalsvísitölunni, vógu þeir þungt í eignasöfnum annarra skráðra félaga á íslenskum markaði sem og í ýmsum hlutabréfasjóðum og eignasöfnum fagfjárfesta. Eftir fall bankanna og afskráningu nokkurra annarra fjármálafyrirtækja útbjóst Kauphöllin nýja Úrvalsvísitölu, OMXI6. Samanstendur hún af fimm rekstrarfyrirtækjum auk Færejabanka, en Össur og Marel vega þýngst í nýju Úrvalsvísitölunni. Upphafsgildi vísitölnnar var 1000 en hún lækkaði framan af ári og í apríl stóð hún í tæpum 650 stigum. Yfir sumarmánuðina hækkaði vísitalan en í lok septembermánaðar var gildi hennar yfir 800 stigum og má rekja stóran hluta þeirrar þróunar til hækunar á gengi bréfa Össurar.

nokkru leyti með því að stýrivextir lækkuðu frá upphafi ársins auk þess sem verðbólgan hefur verið meiri en reiknað var með þegar krafan fór hækkandi. Ætla má að þegar stýrivextir taka að lækka enn frekar muni það hafa áhrif til lækkunar ávöxtunarkröfunnar. Ætti niðurfærsla Íbúðalánasjóðs á útgáfu-áætlun sinni um 5-6 ma.kr. fyrir þetta ár að styðja við þá þróun auk þess sem lánsfjármagnspörf sveitarfélaga ætti að minnka í takti við niðurskurð í fjárfestingaráætlunum þeirra.

Hvað óverðtryggðu ríkisbréfin varðar, eru nokkrir þættir sem hafa vegist á. Á styttri enda vaxtarófsins hélt mikil eftirspurn eftir ríkisbréfum ávöxtunarkröfunni talsvert undir því stigi sem búast hefði mátt við ef einungis hefði verið horft til stýrivaxta. Hins vegar er óvissa um hversu varanleg sú staða er, þar sem nokkur söluþrýstingur gæti myndast þegar gjaldeyrishöftum verður aflétt. Þá hefur mikil lánsfjárbörf ríkissjóðs einnig áhrif á þróunina. Halli á rekstri ríkissjóðs á næstu árum sem verður að mestu fjármagnaður á innlendum markaði eykur framboð af ríkisbréfum og ætti það að virka til hækkunar á ávöxtunarkröfunni. Á sama tíma hefur kauphliðin á markaðnum veikst og má þar nefna áhrif minnkandi atvinnutekna vegna atvinnuleysis á eftirspurn m.a. lífeyrissjóða eftir skuldabréfum. Því má búast við veikari eftirspurn samhliða auknu framboði sem gæti skilað sér í hærri ávöxtunarkröfu en ella.

Endurreisn bankakerfisins er ein af lykilforsendum þess að hagkerfið nái sér úr þeirri lægð sem það er í. Myndun efnahagsreikninga nýju bankanna hefur sem fyrr segir dregist á langinn en ljóst er að dregið hefur stórlega úr óvissu um endurreisn bankanna. Þannig hafa líkur aukist á því að kröfuhafar tveggja af gömlu bönkunum, þ.e. Glitnis og Kaupþings, eignist hlut í Íslandsbanka og Nýja Kaupþingi með takmarkaðri eignapátttöku ríkissjóðs.

*Óvissa um þróun
markaðsvaxta*

*Vinna við endurreisn
bankanna á lokastigi*

VIÐAUKI 1 TEKJUÁÆTLUN RÍKISSJÓÐS

Að hausti ár hvert er lögð fram í fjárlögum fjárhagsáætlun ríkissjóðs fyrir komandi ár. Áætlanir um tekjur annars vegar og gjöld hins vegar eru í grundvallaratriðum ólíkar. Gjöldin lúta að mestu leyti ákvörðunum stjórnvalda um útgjöld til hinna ýmsu málaflokka en tekjurnar ráðast öllu fremur af efnahagsstarfseminni, umfangi hennar og þar með stærð hinna ýmsu skattstofna. Að gefnu skattkerfi eru það skattstofnarnir sem ákvarða tekjurnar. Hér verður greint frá verklaginu við að áætla tekjur ríkissjóðs á yfirstandandi ári og næsta ári. Þegar spáð er lengra fram í tímann, um næstu 4 ár þar á eftir, eru notaðar aðrar aðferðir sem lýst er í viðauka 2. Mestur þungi áætlanagerðar um tekjur ríkissjóðs er við undirbúning frumvarpa til fjárlaga og fjáráukalaga um sumarið og lýkur í september. Endurskoðun áætlunar fjárlaga fer fram að vori og eftir þörfum innan ársins, áhrif breytinga á skattalögum og regluverki eru metin eftir tilefni og daglega fylgst með innheimtu skatta og annarra tekna.

Tekjur ríkissjóðs hafa alls numið nálægt þriðjungi af VLF að jafnaði undanfarin ár. Þær eru flokkaðar eftir alþjóðlegu kerfi, GFSM 2001, og er tekjuáætlun fjárlaga sett fram í liðlega 200 liðum. Þar af teljast um 100 liðir skattar, en hinir eru ýmis gjöld eða framlög sem greidd eru í ríkissjóð, tekjur af eignum og eða tekjur sem tengjast sölu eigna. Mikill fjöldi smærri liðanna eru svokallaðar markaðar tekjur, en það eru liðir sem teljast til tekna og gjalda í senn hjá ríkissjóði þar sem þeir eru eyrnamerkir ákveðinni starfsemi. Margir hinir smærri þeirra ráðast af gjaldskrá og eftirspurn eftir þjónustu hjá einstökum stofnunum, og áætlun um tekjurnar er því gerð hjá viðkomandi stofnun eða ráðueyti. Dæmi um þetta eru innritunargjöld í skólum og ýmis skoðunar- og eftirlitsgjöld. Aðrir liðir markaðra tekna ráðast fremur af almennri eftirspurn í hagkerfinu, svo sem sala bensíns eða áfengis. Áætlun um stærri liði mörkuðu teknanna, svo og allar aðrar skatttekjur og aðrar tekjur ríkissjóðs er unnin í fjármálaráðuneytinu. Á efnahagsskrifstofunni er unnin þjóðhagsspá ársfjórðungslega og þar er umsjón með tekjuáætluninni í heild, en hún er unnin í samstarfi við aðrar skrifstofur sem allar leggja þessu kjarnaverkefni ráðuneytisins til sérþekkingu og aðstoð með einhverjum hætti. Dæmi um það eru áætlanir um margvíslegar tekjur af eignum, sem að mestu eru gerðar af sérfræðingum í eignaumsýslu ríkissjóðs.

Sú aðferðafræði sem notuð er við að áætla skatttekjur næsta árs er yfirleitt ýmiss konar framreikningur í kyrrstæðum reiknilíkönum. Þótt engir tveir skattar séu eins má þó almennt segja að við þetta verkefni er notast við tímaraðagögn um hvern skatt og samband hans við aðrar hagstærðir, nýjustu áætlun um tekjur af honum á yfirstandandi ári, spá um þróun helstu þjóðhagsstærða á þessu og næsta ári, teygnistuðla og upplýsingar um skattbreytingar sem á döfinni kunna að vera. Skattstofnar eru greindir niður í undirliði eftir föngum til að geta sem best beitt viðeigandi forsendum á hvern þeirra við framreikninga. Tekjuskattskerfið fyrir einstaklinga er þannig að best er að spá fyrir um tekjur ríkissjóðs af skattinum á grundvelli upplýsinga um hvern framteljanda. Álagningarskrár ríkisskattstjóra með dulkóðuðum kennitölum koma þar að góðu gagni. Forsendur framreikninga eru byggðar á horfum um þróun launa og atvinnustigs og unnt er að skipta gögnum um framteljendur niður eftir tekjubílum til að geta áætlað þróun tekjuskattsins af meiri nákvæmni. Fjármagnstekjur einstaklinga eru dæmi um margbrotinn skattstofn, og áætla þarf hverja tegund fjármagnstekna fyrir sig. Tekjuskattur lögaðila er sá liður tekna ríkissjóðs sem einna mest óvissa ríkir um, en þar er reynt að byggja upp mynd af hagnaði fyrirtækja eftir atvinnugreinum á grundvelli ýmissa upplýsinga og vísbendinga og meta endanlegan skattstofn að teknu tilliti til yfirferanlegs taps og fleiri leiðréttingaliða. Um þetta var fjallað í rammagrein 8 í Þjóðarbúskapnum-

vorskýrslu 2006. Óbeinir skattar eru áætlaðir hver fyrir sig á grundvelli mats á eftirspurn eftir þeim vörum og þjónustu sem um ræðir. Stærstur er virðisaukaskatturinn, og til grundvallar áætlunar um hann liggja spár um þróun einkaneyslu, samneyslu og fjárfestingar, ferðaþjónustu og aðfanga atvinnurekstrar í starfsemi sem undanþegin er virðisaukaskatti, og einnig er til hliðsjónar horft á virðisaukaskattinn frá annarri hlið, með hliðsjón af áætlunum um þróun veltu eftir skattþrepum, innskatts og endurgreiðslna virðisaukaskatts. Vörugjöld af bensíni, olíu, áfengi og tóbaki eru ríkissjóði stór og stöðug tekjulind og taka áætlunir um þau mið af þróun margvíslegra áhrifaþátta, eins og mannfjölda og ráðstöfunartekna, og einnig má nefna skammtíma- og langtíma staðkvæmdaráhrif, t.d. milli gjaldflokka áfengisgjaldsins og milli bensíns og díselolíu. Meðal óbeinu skattanna er að finna teygjari tekjuliði eins og vörugjöld af ökutækjum og almenn vörugjöld og tolla, þar sem erfiðara getur reynst að áætla á grundvelli niðurstaðna þjóðhagsspár.

Þegar gögn byrja að berast um innheimtu tekna á nýju ári hafa slíkar upplýsingar æ meiri áhrif á endurmat tekjuáætlunar fjárlaga eftir því sem lengra líður á árið. Styðjast má við einfalda jöfnu þar sem gert er ráð fyrir að þróunin þáð sem af er ári sé góð vísbending um væntanlega útkomu ársins í heild:

innheimtar tekjur á árinu 2009 =


innheimtar tekjur í janúar-ágúst 2009 x innheimtar tekjur í janúar-desember 2008

innheimtar tekjur í janúar-ágúst 2008

Á tímum mikilla sviptinga dregur þó úr gildi þessarar jöfnu og er þá áætlað fyrir hvern mánuð til ársloka. Þar sem sú aðferðafræði sem hér er lýst byggist að miklu leyti á framreikningi milli ára er mikilvægt að sem best mat á tekjum yfirstandandi árs sé lagt til grundvallar tekjuspá næsta árs. Þess má að lokum geta að í rammagrein 9 í Þjóðarbúskapnum-haustskýrslu 2008 var fjallað um hvernig til hefur tekist við að áætla tekjur ríkissjóðs og skoðað frávík áætlunar frá niðurstöðu ríkisreiknings árin 1998-2007.

VIÐAUKI 2 UM TEKJUSPÁR

Tekjur ríkissjóðs og hins opinbera eru að stærstum hluta fengnar með skattlagningu á efnahagsstarfsemi af ýmsu tagi eða háðar öðrum efnahagsstærðum á borð við vaxtastig. Því eru allar áætlanir og spár sem snúa að tekjum hins opinberra samofnar spám um þróun helstu efnahagsstærða. Í skýrslunni




Mynd 1
Tekjuskattur einstaklinga 1997-2014

Heimildir: Hagstofa Íslands og eigin útreikningar.

og óbeina skatta. Til beinna skatta, sem námu um 44% af skatttekjum og tryggingagjaldi í heild þau ár, heyrja tekjuskattur einstaklinga, tekjuskattur lögaðila, tryggingagjald og fjármagnstekjuskattur en óbeinir skattar, sem námu um 56% af heildarskatttekjum, samanstanda af virðisaukaskatti og öðrum veltusköttum. Fyrir hvern undirlíð skatttekna er útbúið tekjulíkan sem byggir á þjóðhagsforsendum. Myndir 1 og 2 sýna þróun og spá tveggja skatta ásamt þeim stýribreytum sem best skýra tekjurnar.

Tekjuspá

Af þeim fjórum sköttum sem flokkast sem beinir skattar eru tekjuskattur einstaklinga og tryggingagjald mjög háðir þjóðhagsframvindunni. Þannig



Mynd 2
Tryggingagjald 1997-2014

Heimildir: Hagstofa Íslands og eigin útreikningar.

leggja spár um atvinnustig, mannfjölda og tekjuþróun góðan grunn fyrir spár um þróun þessara tekjuliða og má rekja skekkjur í spám fyrir þessa liði í flestum tilvikum til fráviks í þeirri þjóðhagsspá sem lögð er til grundvallar hverju sinni (sjá í þessu sambandi ramma- greinar 1 og 9 í Þjóðarbúskapurinn – Haustskýrsla 2008). Öðru máli gegnir um hina tvo beinu skattana, fjármagnstekjuskatt og tekjuskatt lögaðila. Þeir skattstofnar eru háðir þáttum í þjóðhagslíkani en einnig þáttum utan þess og því er spá um þróun þeirra háð meiri óvissu en spá um beina skatta.

Á mynd 1 má sjá áætlun og spá um þróun tekjuskatts einstaklinga, veltuskatta og tryggingagjalds sem hlutfall af landsframleiðslu. Til lengri tíma er tekjuskatti einstaklinga spáð út frá þróun atvinnu- og tilfærslutekna sem hlutfalli af landsframleiðslu margfaldað með tekjuskattprósentu ásamt því að tekið er mið af verðtryggingu persónuafsláttar. Að auki þarf að taka tillit til þjóðhagslegra atriða sem hafa áhrif á teygni tekjuskatts einstaklinga eins og greint er frá í viðauka 1 í Þjóðarbúskapurinn – Vorskýrsla 2007. Á myndunum má


sjá hvernig þessir liðir hafa þróast í gegnum tíðina ásamt því hvernig þeim er spáð út frá forsendum þjóðhagsspár. Tryggingagjaldi er spáð út frá þróun atvinnutekna sem hlutfall af landsframleiðslu margfaldað með tryggingagjaldsprósentu. Mynd 2 sýnir þetta samband frá árinu 1997 og hvernig spáin er fram til 2014 m.v. forsendur þjóðhagsspár um tekjuþróun og atvinnustig. Veltuskattarnir, þar sem virðisaukaskatturinn er langstærsti einstaki liðurinn, eru til lengri tíma látnir ráðast af þróun nokkurra þátta innlestrar eftirspurnar þar sem einkaneyslan vegur þyngst. Mynd 3 sýnir samband innlestrar eftirspurnar og veltuskatta frá 1998 og hvernig samhengi þessarar stærða yrði spáð ef ekki yrði gripið til tekjuöflunaraðgerða á spátímanum. Tekjuöflunaraðgerðir hafa þau áhrif að hliðra veltuskattaferlinum án þess að hafa mikil áhrif á lögun hans að öðru leyti¹. Samband veltuskatta og innlestrar eftirspurnar er eins og sjá má mun óstöðugra en í hinum tveimur dæmunum. Má rekja það til þess að einstakir liðir innlestrar eftirspurnar gefa mismiklar skatttekjur, en eins og áður sagði er einkaneyslan lang skattríkasti liður innlestrar eftirspurnar.

Tenging við þjóðhagsspá

Í nýrri þjóðhagsspá er gengið út frá að afkomumarkmiðum efnahagsáætlunar stjórnvalda og Alþjóðagjaldeyrissjóðsins (AGS) sé náð. Þetta felur í sér að taka þarf tillit til aðhaldsþarfar ríkisfjármálanna við gerð hagspárinnar, sem aftur hefur áhrif á tekjuspána. Mikilvægt er að ferli ítrunar eigi sér stað með þjóðhagslíkani til að tölur um opinber fjármál myndi jafnvægi með þjóðhagsbreytum líkansins (e. simultaneous solution). Á spátímanum er reiknað með verulegum tekjuöflunaraðgerðir af hálfu ríkisins, en áhrif þeirra birtast einna helst í ráðstöfunartekjum heimilanna og kaupmætti þeirra. Í ljósi umfangs aðgerðanna er mikilvægt að taka tillit til annarrar umferðar áhrifa hækkunar skatta. Sjá má á mynd 4 um fylgni-samband breytinga í hlutfalli ráðstöfunartekna og VLF, annars vegar, og hlutfalli skatttekna og VLF hins vegar yfir tímabilið 1990-2008.

Breytingar á kaupmætti ráðstöfunartekna er á lárétta ásnum og breyting á hlutfalli skatttekna er á þeim lóðrétta. Greinilegt jákvætt samband er á milli þessara breyta þó svo að skýringarmáttur sambandsins sé ekki ýkja mikill, enda er skattkerfið háð bæði efnahagssumsvifum ásamt ríkjandi skattareglum, en síðarnefndi þátturinn tók umtalsverðum breytingum á tímabilinu. Þegar skattar á tekjur og eignir eru undanskildar og einungis er kannað samband veltuskatta og ráðstöfunartekna kemur einnig í ljós jákvætt samband hvað fylgni breytanna varðar².


Rökin fyrir sambandi breytanna eru skýr, en með hækkandi ráðstöfunartekjum eykst einkaneysla heimila sem skilar sér í auknum tekjum af veltusköttum. Því til viðbótar er vel þekkt að tekjur af mörgum undirliðum einkaneyslu eru sveiflukenndar, sérstaklega af innfluttri vöru og þjónustu sem auk virðisaukaskatts bera aðflutningsgjöld og tolla.



Mynd 3

Veltuskattar og þjóðarútgjöld sem % af VLF 1998-2014

Heimildir: Hagstofa Íslands og eigin útreikningar.




Mynd 4

Ráðstöfunartekjur og skatttekjur sem hlutfall af landsframleiðslu

Heimildir: Hagstofa Íslands og eigin útreikningar.

1 Þó er rétt að halda því til haga að hækkun á veltusköttum rýrir kaupmátt ráðstöfunartekna og dregur því úr vexti innlestrar eftirspurnar sem draga úr veltusköttum.
2 Í hvorugu sambandinu er því hafnað, miðað við 5% öryggismörk, að ráðstöfunartekjur hafi marktæk áhrif á viðkomandi skatta.

Því er viðbúið að með hækkandi skattaálögum á tekjur, sem rýrir ráðstöfunartekjur heimila, og með hækkandi veltusköttum, sem dregur úr kaupmætti ráðstöfunartekna í gegnum verðhækkanir sem af skattahækkunum hljótask, munu þeir þættir efnahagslífsins sem skapa veltuskattana dragast saman meira en þeir hefðu annars gert. Til að ná fram þessu samspili skattabreytinga og breytinga á þjóðhagslegum forsendum við tekjuspágerðina, að því marki



sem það er hægt í tölfræðilega metnu þjóðhagslíkani, er af þessum ástæðum stuðst við ársfjórðungslegt þjóðhagslíkan (QMM). Í raun koma allar aðgerðir í ríkisfjármálum, hvort sem þær eru á tekju- eða gjaldahlið, fram í þjóðhagsspá og niðurstaðan látin ná jafnvægi milli allra atriða spánnar. Til viðbótar því vinnulagi er tekjum ríkissjóðs spáð með sérstökum dýnamískum spálíkönnum fyrir einstaka skattstofna en það er gert til að nýta niðurstöðu spár þjóðhagslíkansins fyrir skatttekjurnar í heild.

Mynd 5

Ráðstöfunartekjur og veltuskatttekjur sem hlutfall af landsframleiðslu

Heimildir: Hagstofa Íslands og eigin útreikningar.

Töfluviðauki

Tafla 1	Þjóðhagsyfirlit	54
Tafla 2	Utanríkisviðskipti	55
Tafla 3	Þróun þjóðhagsspár fyrir árin 2009–2011	56
Tafla 4	Landsframleiðsla	57
Tafla 5	Tekjur, verðlag og gengi	60
Tafla 6	Fiskafli	61
Tafla 7	Fjármunamyndun eftir atvinnugreinum	62
Tafla 8	Vísbendingar um þróun einkaneyslu	63
Tafla 9	Greiðslujöfnuður við útlönd	64
Tafla 10	Tekjur og gjöld hins opinbera	66
Tafla 11	Tekjur og gjöld ríkissjóðs	67
Tafla 12	Tekjur og gjöld sveitarfélaga	68
Tafla 13	Eignir og skuldir ríkissjóðs	69
Tafla 14	Skuldir og kröfur opinberra aðila	70

Viðaukatala 1: Þjóðhagsyfirlit 2008-2011

	Milljarðar króna á verðlagi hvers árs				Magnbreyting frá fyrra ári (%) ¹			
	Brb.	Spá			Brb.	Spá		
	2008	2009	2010	2011	2008	2009	2010	2011
1. Einkaneysla	789,5	745,1	737,6	755,5	-7,8	-17,4	-6,1	-0,5
2. Samneysla	367,3	375,0	378,2	376,3	4,6	-1,9	-1,3	-1,7
Ríkissjóður og almannatryggingar	237,6	246,4	250,1	247,4	3,7	-1,9	-1,0	-1,7
Sveitarfélög	129,7	128,6	128,1	128,9	6,2	-3,1	-1,8	-1,5
3. Fjármunamyndun	357,3	235,9	277,9	336,5	-20,4	-45,5	10,2	21,5
Atvinnuvegafjárfesting	211,0	130,7	186,1	246,8	-25,1	-50,0	33,7	33,5
Almenn atvinnuvegafjárfesting	121,5	69,6	77,7	96,0	-23,0	-49,5	2,8	24,4
Stóriðja	89,5	61,1	108,4	150,8	-31,8	-44,9	66,7	40,0
Fjárfesting í íbúðarhúsnæði	80,9	53,2	56,8	59,2	-21,8	-44,1	-1,1	2,3
Fjárfesting hins opinbera	65,5	52,0	35,0	30,5	0,8	-32,5	-36,5	-12,9
4. Neysla og fjárfesting alls	1 514,2	1 356,0	1 393,7	1 468,3	-9,1	-20,1	-2,2	3,0
5. Birgðabreytingar ²	3,3	3,8	0,1	0,5	0,2	0,4	0,0	0,1
6. Þjóðarútgjöld, alls	1 517,5	1 359,8	1 393,8	1 468,8	-8,6	-20,3	-2,5	3,0
7. Útflutningur vöru og þjónustu	657,8	747,9	854,9	867,4	7,1	-1,4	2,0	2,9
8. Innflutningur vöru og þjónustu	698,8	633,9	687,0	698,8	-18,3	-30,0	-1,8	3,6
9. Verg landsframleiðsla	1 476,5	1 473,8	1 561,7	1 637,4	1,3	-8,4	-1,9	2,8
10. Jöfnuður þáttatekna	-577,1	-212,9	-152,3	-162,6
11. Rekstrarframlög	-4,6	-4,0	-3,3	-3,3
12. Viðskiptajöfnuður (7.-8.+10.+11.)	-622,8	-102,9	12,2	2,7
13. Vergar þjóðartekjur (9.+10.)	899,3	1 260,9	1 409,4	1 474,8	-33,4	33,9	2,1	2,6
14. Viðskiptakjaraáhrif ³	-3,6	-4,4	1,4	0,2
15. Vergar þjóðartekjur með viðskiptakjaraáhrifum	-37,0	29,5	3,4	2,8
16. Viðskiptajöfnuður (% af VLF)	-42,2	-7,0	0,8	0,2

Skýringar:

- Miðað við fast verðlag ársins 2000.
- Hlutfallstölurnar sýna vöxt eða samdrátt í birgðabreytingu milli ára sem hlutföll af landsframleiðslu fyrra árs, reiknað á föstu verðlagi.
- Hlutfall af þjóðartekjum fyrra árs, reiknað á föstu verðlagi.

Viðaukatafla 2: Utanríkisviðskipti 2008-2011

	Milljarðar króna á verðlagi hvers árs				Magnbreyting frá fyrra ári (%) ¹			
	Brb.		Spá		Brb.		Spá	
	2008	2009	2010	2011	2008	2009	2010	2011
Útflutningsframleiðsla								
Sjávarafurðir	171,1	195,4	201,2	195,7	-0,7	-2,1	-1,0	1,0
Stóriðja	193,2	177,7	202,8	212,2	60,7	5,2	1,0	3,0
Annað	72,7	104,1	140,9	147,5	40,2	1,9	11,0	8,5
Samtals	437,1	477,2	544,8	555,4	24,9	1,8	1,9	3,3
Útflutt skip og flugvélar	29,7	-	-	-	-72,8	-100,0	0,0	0,0
Breyting útflutningsvörubirgða	6,6							
Vöruútflutningur alls	466,9	477,2	544,8	555,4	11,4	-4,9	1,9	3,3
Vöruinnflutningur alls	473,5	381,9	413,3	424,5	-18,2	-36,8	-1,7	4,6
Almennur vöruinnflutningur	263,3	207,8	209,2	195,0	-18,2	-38,2	-7,4	-1,4
þ.a. olía	58,1	50,4	64,1	63,0	-6,7	-5,0	-4,2	0,0
þ.a. annað	205,2	157,4	145,2	132,0	-19,3	-41,9	-7,9	-1,7
Sérstakur vöruinnflutningur ²	210,2	174,1	204,1	229,5	-18,1	-35,1	4,6	10,7
Vöruskiptajöfnuður	-6,7	95,3	131,5	130,9	-	-	-	-
Þjónustutekjur (án þáttatekna)	191,0	270,8	310,1	312,1	-1,9	8,4	2,2	2,0
Þjónustugjöld (án þáttatekna)	225,3	252,1	273,7	274,3	-18,7	-17,8	-1,9	2,1
Þjónustujöfnuður (án þáttatekna)	-34,3	18,7	36,4	37,8
Jöfnuður þáttatekna	-577,1	-212,9	-152,3	-162,6
Rekstrarframlög³	-4,6	-4,0	-3,3	-3,3
Viðskiptajöfnuður	-622,7	-102,9	12,3	2,7

Skýringar:

1. Miðað við fast verðlag ársins 2000.
2. Sérstakur vöruinnflutningur er innflutningur fjárfestingarvara til stóriðju, innflutningur hrá- og rekstrarvara og skipa og flugvéla
3. Tilfærslur nettó frá útlöndum aðrar en launa- og eignatekjur og fjármagnstílfærslur.

Viðaukatalafla 3. Þróun þjóðhagsspar fjármálaráðuneytisins fyrir árin 2009–2011

	Spá fyrir árið 2009							Spá fyrir árið 2010				Spá fyrir árið 2011								
	apr. 2007	júní 2007	okt. 2007	jan. 2008	apr. 2008	okt. 2008	jan. 2009	maí 2009	okt. 2009	apr. 2008	okt. 2008	jan. 2009	maí 2009	okt. 2009	apr. 2008	okt. 2008	jan. 2009	maí 2009	okt. 2009	
Magnbreytingar (%)																				
Einkaneysla	1,1	0,5	-1,8	-3,5	-6,0	-4,7	-24,1	-24,7	-17,4	3,2	1,1	-1,4	-2,5	-6,1	5,5	-0,5				
Samneysla	2,8	2,4	2,5	2,5	2,5	3,8	1,6	0,5	-1,9	2,7	2,9	1,6	0,3	-1,3	0,4	-1,7				
Fjármunamyndun	-0,1	-3,3	4,6	-7,3	-2,2	-3,0	-34,5	-36,3	-45,5	-4,6	-0,6	7,8	11,6	10,2	17,7	21,5				
Þjóðarútgjöld alls	1,3	0,2	0,4	-3,1	-3,3	-2,5	-20,6	-21,3	-20,3	1,3	1,1	1,0	0,7	-2,5	6,4	3,0				
Útflutningur alls	3,8	3,8	3,9	5,0	5,2	0,5	5,2	0,5	-1,4	3,0	3,0	4,2	1,6	2,0	3,0	2,9				
Innflutningur alls	0,0	-0,9	-0,5	-3,8	-1,8	-1,6	-22,9	-27,9	-30,0	3,7	2,8	8,4	2,4	-1,8	6,1	3,6				
Verg landsframleiðsla (VLF)	2,8	2,1	2,1	0,4	-0,7	-1,6	-9,6	-10,6	-8,4	0,8	1,1	0,0	0,5	-1,9	5,0	2,8				
Viðskiptajöfnuður (% af VLF)	-7,9	-8,0	-7,6	-6,8	-7,9	-8,2	6,1	-2,0	-7,0	-7,0	-6,0	5,6	0,2	0,8	-1,1	0,2				
Tekjufangur hins opinbera (% af VLF)	-3,2	-2,4	-0,8	-0,8	-1,1	-4,7	-13,2	-14,1	-18,0	-1,6	-3,7	-12,1	-9,9	-11,5	-5,7	-5,1				
Tekju- og verðlagsbreytingar (%)																				
Ráðstöfunartekjur á mann	4,8	4,1	3,9	2,6	6,1	4,2	-2,3	-2,1	0,3	5,1	5,1	2,4	-0,9	-7,0	6,6	1,9				
Laun	4,0	4,0	3,8	3,8	4,8	6,0	0,6	3,3	3,5	4,6	4,6	3,5	2,8	2,6	5,5	4,2				
Kaupmáttur ráðstöfunartekna á mann	2,3	1,5	1,1	-0,1	2,1	-1,4	-13,7	-11,2	-10,4	2,5	2,2	-0,3	-2,5	-11,4	4,6	-0,4				
Verðbólga m.v. vísitöluneysluverðs	2,4	2,6	2,8	2,7	3,9	5,7	13,1	10,2	11,9	2,5	2,8	2,7	1,6	5,0	1,9	2,3				
Gengisvísitala (stig)	127,8	127,5	124,4	126,9	130,9	144,5	203,2	218,9	223,4	129,8	135,4	178,2	219,7	234,5	203,5	224,4				
Atvinnuleysi (% af mannafla)	3,4	4,5	3,6	3,6	3,8	2,7	7,8	9,0	8,6	3,5	3,8	8,6	9,6	10,6	7,5	9,0				

Tafla 4: Landsframleiðsla 1998–2011 (frh. á næstu síðu)¹

	Brb.											Spá		
	1998	1999	2000	2001	2002	2003	2004	2005	2006	2007	2008	2009	2010	2011
Miljarðar króna á verðlagi hvers árs														
1. Einkaneysla	342,0	379,1	414,5	434,0	448,1	481,5	530,7	609,4	679,5	751,0	789,5	745,1	737,6	755,5
2. Samneysla	130,5	145,1	160,2	181,8	207,1	219,1	233,0	252,6	285,4	316,8	367,3	375,0	378,2	376,3
3. Fjármunamyndun	141,1	137,8	156,4	166,3	148,8	167,9	218,5	291,4	397,6	366,6	357,3	235,9	277,9	336,5
4. Birgðabreytingar	0,9	0,1	2,5	-2,1	-0,2	-1,5	-0,9	-0,9	13,5	6,6	3,3	3,8	0,1	0,5
5. Þjóðarútgjöld alls	614,5	662,1	733,5	780,0	803,8	867,1	981,2	1 152,5	1 376,0	1 441,0	1 517,5	1 359,8	1 393,8	1 468,8
6. Útflutningur alls	204,3	212,4	229,6	299,5	305,6	288,6	316,9	325,5	376,8	453,3	657,8	747,9	854,9	867,4
6.1 Vörur, fob	136,6	144,9	149,3	196,6	204,3	182,6	202,4	194,9	243,5	306,0	466,9	544,3	516,7	624,0
6.2 Þjónusta	67,7	67,5	80,3	102,9	101,3	106,0	114,5	130,6	133,3	147,3	191,0	217,3	213,5	295,2
7. Frádr.: Innflutningur alls	230,4	242,0	279,3	307,6	292,9	314,3	369,2	451,3	584,6	592,9	698,8	633,9	687,0	698,8
7.1 Vörur, fob	161,6	167,3	186,8	202,5	190,2	198,5	238,9	288,0	400,0	396,1	473,5	330,6	321,1	491,5
7.2 Þjónusta	68,8	74,7	92,6	105,1	102,7	115,8	130,3	163,3	184,6	196,9	225,3	198,9	192,2	192,9
8. Verg landsframleiðsla	588,4	632,4	683,7	771,9	816,4	841,3	928,9	1 026,7	1 168,2	1 301,4	1 476,5	1 473,8	1 561,7	1 637,4
9. Þáttatekjur frá útlöndum, nettó	-12,7	-12,4	-18,9	-24,3	-1,3	-13,2	-37,7	-39,6	-88,5	-117,9	-577,1	-212,9	-152,3	-162,6
10. Vergar þjóðartekjur (8.+9.)	575,7	620,0	664,8	747,6	815,1	828,1	891,1	987,1	1 079,7	1 183,5	899,3	1 260,9	1 409,4	1 474,8
11. Viðskiptajöfnuður með rekstrarframlögum	-39,8	-42,8	-69,4	-33,4	12,5	-40,1	-91,2	-167,1	-298,8	-261,3	-622,8	-102,9	12,2	2,7
11.1 Vöruskiptajöfnuður fob/fob	-25,0	-22,4	-37,5	-5,9	14,1	-15,9	-36,5	-93,1	-156,5	-90,1	-6,7	213,7	195,6	132,5
11.2 Þjónustujöfnuður	-1,1	-7,3	-12,3	-2,2	-1,4	-9,9	-15,8	-32,7	-51,3	-49,5	-34,3	18,4	21,3	102,4
